



Geisladiska- og bókabrenna í Eyjum

Ókristilegur boðskapur að mati Snorra



BESTA ÍSLENSKA LANDSLIÐ ALLRA TÍMA



7. DESEMBER 2018 / 47. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.

DNV



FRÆGIR FJÖLGA SÉR

Skáld, samfélagsmiðla- stjörnur og spéfuglar



REYKJAVÍK RUKKAR FYRIR ÚTIGANGSMENN

17.500 krónur nóttin



Guðrún Dröfn

fann upprunann á verndarsvæði

■ Bíður ákvörðunar ættbálks

Gunnar Bragi: Nærmynd af einum umdeildasta stjórnarmanni Íslands



GRÓFJÚ SLÚÐRI UM BÖRN DREIFT NAFNLAUST



Glamsher Síðmenntar

Frægir ferma, gifta og jarða



Margar gerðir af **FARANGURSBOXUM**



Dráttarbeisli undir flestar tegundir bíla

VIKURVAGNAR

Hyrjarhöfða 8 - vikurvagnar.is - Sími 577 1090



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur þannig þæginda og öryggis



Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavík - sími 5672330 - www.bilasmidurinn.is - bilasmidurinn@bilasmidurinn.is



Síðustu orðin

„Já, þetta er erfitt, en ekki eins erfitt og að leika í gamanleik.“

– Enski leikarinn Edmund Gwenn (1877–1959)

Á þessum degi, 7. desember



1703 – Ógnarstormur skellur á suðurhluta Englands. Hann fékk heitið Stóri stormurinn 1703 og fór vindhraðinn upp í tæplega 200 kílómetra hraða á klukkustund. Um 9.000 manns misstu lífið.



1869 – Bandaríski útlaginn Jesse James fremur sitt fyrsta staðfesta bankarán. Fyrir valinu varð bankinn í Gallatin í Missouri.



1972 – Appollo 17 hefur ferð sína til tunglsins, þá síðustu sem farin var. Áhöfnin tekur ljósmynd sem síðar fær nafnið Bláa marmarakúlan.



1982 – Bandaríkjamadurinn Charles Brooks yngri verður þess vafasama heidurs aðnjótandi að verða fyrstur manna þar í landi sem tekinn er af lífi með banvænni sprautu. Aftakan fór fram í Texas.



1988 – Öflugur jarðskjálfti, 6,9 að styrkleika, skekur norðurhluta Armeníu með þeim afleiðingum að 25.000–50.000 manns missa lífið og 31.000–130.000 manns slasast.

GRÓFU SLÚÐRI UM GRUNNSKÓLANEMA DREIFT NAFNLAUST

■ Mál koma reglulega upp í grunnskólum ■ Börn allt niður í 13 ára nafngreind

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



Mörg dæmi eru um að börn í grunnskólum hér á landi noti samskiptamiðilinn Instagram til þess að dreifa slúðri um hvort annað. DV hefur undir höndum skjáskot þar sem verið er að tala um kynlíf 14 ára barna. Samkvæmt heimildum DV eru foreldrar og skólafyrirvöld víða um land að takast á við slíkar slúðursíður. Síðurnar sem um ræðir eru nafnlausar og auglýsa eftir slúðri frá grunnskólanemum, síðurnar eru margar og er því oftast óskað eftir slúðri úr tilteknum skólum. Grunnskólanemar geta þá sent inn slúður, satt eða ekki, og látið það birtast án þess að það sé hægt að rekja það beint til þeirra.

Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimili og skóli – landssamtök foreldra, segir í samtali við DV að svona mál komi reglulega upp í skólum. „Það er fátt nýtt undir sólinni í þessum efnunum, netið og samfélagsmiðlar eru reglulega notaðir í misgáfulegum tilgangi.“

Í flestum tilfellum lenda svona mál á borðum skólanna sem hafa þá samband við foreldra. „Börn eða foreldrar sem verða vör við svona geta haft samband við skólann sem getur þá haft samband við alla foreldrana. Við höfum séð það gert þegar svona mál koma upp, hvort sem það er Snapchat eða Instagram, að kennarar senda á foreldra og tilkynna þeir hafi frétt af svona mál, þá ræða foreldrar þetta við börnin sín og spyrja hvort



Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimili og skóli – landssamtök foreldra.

þeim þyki þetta í lagi og hvort þau taki þátt í þessu. Það þarf alltaf að tækla svona mál af skynsemi. Svo eru dæmi um að börn séu alltof ung til að vera á samfélagsmiðlum og þá er það foreldrana að grípa inn í.“

Hrefna hefur í gegnum vaxningarátakið SAFT heimsótt marga skóla og rætt við ótal nemendur um örugga notkun á internetinu,

„Krakkar vita alveg að það á ekki að gera svona“

hún ítrekar að hegðun af þessu tagi sé ekki landlæg meðal ungmenna. „Krakkar vita alveg að það á ekki að gera svona, þau eru ekki vítlaus. Það er best að höfða til samvisskunnar. Þau eru upp til hópa mjög skynsöm og meðvituð um hvað má og hvað ekki. Við förum í alla sjöttu bekki með fræðslu og þau eru dugleg að tala og koma með dæmi.“

Skjáskotin sem DV hefur undir höndum eru flest mjög gróf, börn allt niður í 13 ára aldur eru nafngreind og talað um að þau séu að stunda kynlíf. Til dæmis er ein síða merkt skóla í Reykjavík og þar stendur: „Slúður [nafn skólans], sendið okkur slúður í Dm og við póstum þeim ;)“. 130 notendur á Instagram fylgja þeirri síðu, slúðrinu er svo deilt í gengum „story“ þar sem það er sjáan-

legt í sólarhring. Sumar síður eru ekki bundnar við tiltekna skóla og eru meira en 2 þúsund fylgjendur. Það skal tekið fram að slúðrið er ekki aðeins bundið við nemendur, stundum er um að ræða kennara.

Einelti hefur skelfileg áhrif á sálarlíf einstaklinga, hefur það meiri áhrif þegar þolandinn veit ekki hver gerandinn er?

„Neteinelti getur tekið á sig ýmsar myndir, allt frá því að dreifa myndum í að útiloka einhvern. Nafnleysi bætir við óvissu og ótta. Jafnvel myndi ólíklegasti aðili, sem myndi aldrei gera það augliti til auglitis, stunda slíkt á netinu. Vegna þess að það er auðveldara. Tækni veitir vald og það verður mikið ójafnvægi þannig að valdið færast á milli einstaklinga. Gerandi getur orðið þolandi á mjög stuttum tíma, jafnvel samdægurs.“ ■

5 bækur sem koma ekki út þessi jól en allir vilja lesa

Hið árlega jólabókaflóð er hafið. Líkt og fyrri ár er nóg af titlum í boði og allir ættu að geta fundið eitthvað til að setja í jólapakkann hjá öllum. Mikið er um ævisögur og minningar forvitnilegs fólks, en það eru þó ekki allir sem hafa sögu að segja að gefa út bók. DV tók saman fimm bækur sem koma ekki út fyrir þessi jól, en ættu að gera það.




Reynsla mín af Íslandi
eftir Kjo Briggs – Einlæg frásögn af manni sem kom til Íslands og var sýknaður. Tilvalin bók fyrir alla sem hafa þurft að leita réttar síns.



Ég hlífi engum – Allt látið flakka

eftir Gerði Kristnýju. Viðtalsbók við athafnamanninn Hilmar Leifsson. Hilmar fer yfir ferillinn og segir allt sem hann veit um undirheima landsins. Skilur engan eftir ósnortinn.



Myndirnar sem Instagram bannar mér að birta

eftir Ellý Ármanns. Listræn ljósmyndabók. Bók sem verður alltaf í útleigu á öllum skólábókasöfnum.



Mannasíðir

eftir Hildi Lillindahl Viggósdóttur. Bók sem útskýrir í smáatriðum hvernig íslenskir karlmenn eiga að haga sér og hvað þeim á að finnast. Tilvalin í pakkann fyrir karldýrin sem skilja ekki hvað þeim á að finnast.

Tíu fingur upp til Guðs
eftir Hreiðar M. Sigurðsson. Kaupþingsforstjórinn fyrrverandi segir frá starfsemi bankans á árunum 2002 til 2008. Stórkostlega einlæg frásögn sem útskýrir allt á mánamáli.



Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims



Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / www.epal.is



Hver er hann?



■ Hann er fæddur á Akranesi þann 26. september 1975.

■ Hann stundaði framhaldsnám í stjórnun við Manchester Business School.

■ Hann var aðstoðarmaður samgönguráðherra frá 2003 til 2006.

■ Hann hefur starfað sem framkvæmdastjóri Loftorku í Borgarnesi.

■ Hann hefur verið talsvert í þjóðarumræðunni undanfarna viku vegna orða sem voru látin falla á veitingastað.

SVAR: BERGÞÓR ÓLASON

Það er staðreynd að...



Sumt fólk er hrætt við að sofa og ótti við svefn er raunverulegt vandamál sem hrjár suma. Þetta kallast somniphobia.



Naglakkið er sagt eiga uppruna sinn í Kína og hafa fundist minjar af naglakki frá árinu 3.000 fyrir Krist.



Jólatré er samheiti yfir nokkrar mismunandi tegundir trjáa, sem allar eiga það sameiginlegt að vera barrtré.



Bananatré er í raun hæsta jurt heims sem getur náð allt að 20 metra hæð.



Á hverjum degi býr hjartað til orku sem myndi duga til að aka vörubíl um 32 kílómetra.

Innheimta gjald af öðrum sveitarfélögum vegna íbúa sem nýta þjónustu neyðarskýla

■ Nóttin mun kosta 17.500 krónur ■ Reksturinn kostaði Reykjavíkurborg rúmlega 200 milljónir króna í fyrra

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Reykjavíkurborg ráðgerir að innheimta gistingu gjald hjá sveitarfélögum fyrir gistingu í neyðargistiskýlum Reykjavíkurborgar, 17.500 krónur fyrir hverja gistingu, þegar einstaklingur á lögheimili utan Reykjavíkur. Gjaldið verður innheimt ársfjórðungslega. „Við finnum fullan skilning frá nágrannasveitarfélögum að það er ekki sanngjarnt að útsvarsgreiðendur í Reykjavíki beri einir kostnaðinn við svo umfangsmikla þjónustu til íbúa annarra sveitarfélaga,“ segir Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

Reksturinn kostaði 200 milljónir árið 2017

Reykjavíkurborg rekur tvö neyðargistiskýli fyrir húsnæðislaus einstaklinga. Gistiskýlið við Lindargötu, sem er ætlað húsnæðislausum karlmönnum og Konukoti, sem rekið er í samstarfi við Rauða krossinn í Reykjavík og er ætlað húsnæðislausum konum. Þjónustan er einstaklingum að kostnaðarlausu en í Gistiskýlinu er næturgisting í boði fyrir 25 gesti en 8 konur rúmast í Konukoti,

auk fjögurra neyðarrýma. Dvöl einstaklinga í þessum gistiskýlum á að vera tímabundin á meðan unnið er að lausn á vanda gesta í viðkomandi sveitarfélagi.

Rekstartkostnaður við Gistiskýlið árið 2017 var 141 milljón króna auk þess sem Reykjavíkurborg lagði fram tæplega 60 milljón króna til Reykjavíkurdeildar Rauða Kross Íslands vegna reksturs Konukots. Úrræðin tvö kostuðu Reykjavíkinga því um 200 milljón króna árið 2017. Á meðan húsrúm leyfir fá allir þurfsandi aðgang að næturplássi. Teymi frá Reykjavíkurborg hefur síðan látið nærliggjandi sveitarfélög vita ef einstaklingar með lögheimili í þeim sveitarfélögum hafa nýtt sér þjónustuna til þess að viðkomandi sveitarfélag geti gripið til viðeigandi ráðstafanna.

40% gesta í Konukoti utan Reykjavíkur

Allt þar til um mitt ár 2017 hefur Reykjavíkurborg staðið undir kostnaði af rekstri neyðarskýlanna. Þá var gerður samningur við Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðarbæjar varðandi hýsingu einstaklinga með lögheimili í Hafnarfirði. Skrefið sem nú er ráðgert að stíga þýðir því að önnur sveitarfélög verða einnig rukkuð um gjald fyrir



Heiða Björg Hilmisdóttir, formaður velferðarráðs Reykjavíkurborgar.

þjónustuna. Eins og áður segir er hóflegt gjald talið 17.500 krónur, kostnaður við gistingu, mat og þríf er reiknaður út sem 12.500 og svo verður innheimt 30% umsýslugjald fyrir vinnu starfsfólks og utnumhald.

Samkvæmt upplýsingum frá Reykjavíkurborg dvöldu 17 karlmenn með lögheimili utan Reykjavíkur í Gistiskýlinu árið 2017. Þeir gistu í alls 93 nætur. Hlutfallslega voru þeir því 9% gesta en aðeins 1% gistingu. Hlutfallið var margfalt hærra í Konukoti en sama ár dvöldu þar 44 konur með lögheimili utan Reykjavíkur. Alls gistu þessar konur í 689 nætur og voru 40% gesta það ár og 23% gistingu. Ef Reykjavíkurborg hefði innheimt gjaldið árið 2017 hefðu nágrannasveitarfélögin þurft að reiða fram rúmlega 12 milljónir króna vegna Konukots en rúmlega

1,6 milljónir króna vegna Gistiskýlisins.

Í samtali við DV segist Heiða Björg vera bjartsýn á að gjaldtökunni verði vel tekið af öðrum sveitarfélögum. „Við fölum sviðsstjóra Velferðarsviðs að fara með þessar upplýsingar inn á samráðsvettvang félagsmálastjóra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Við erum með samning við Hafnarfjörð um að greiða fyrir þá þjónustu sem við veitum Hafnirðingum og viljum ná samningum við hin sveitarfélögin líka. Við höfum fulla trú á að þau séu tilbúin til að greiða fyrir veitta þjónustu við sína íbúa. Best væri ef önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu kæmu með beinum hætti að rekstri einhverra úrræða fyrir þennan hóp sem við gætum þá greitt fyrir með sama hætti til þeirra,“ segir Heiða Björg. ■

Ekki hátt risið á Norðlendingum núna

Svarthöfði

Svarthöfði er glaður að sjá Norðurland allt grafast í fönn á meðan aðeins skæðadrífa er hér fyrir sunnan. Nú sér Svarthöfði fréttamyndir frá „höfuðstaðnum“ Akureyri á fésbókinni og gleðja þær mjög. Er engu líkara en að Norðurlandið sé að breytast í plánetuna Hoth. Svarthöfði hefur komið þangað. Það er ekki góður staður.

Þannig er mál með vexti að Svarthöfði er ættaður að norðan. Ekki er Svarthöfði stoltur af því. Svarthöfði á því marga fésbókavini sem búsettir eru á Akureyri og öðrum krummaskuðum Norðurlands.

Fyrir norðan er smáborgarahátturinn og minnimátt-

arkenndin ríkjandi. Öfund og biturleiki út í höfuðborgina sérstaklega en einnig Suðurlandið allt, þar sem er hagsæld og almennt blítt veðurfar.

Það bregst ekki að í hvert einasta skipti sem hitamælirinn sýnir örlítið hærra stig fyrir norðan en hér sunnan, þá rignir yfir mann skotunum frá Norðlendingum. Þeir hlaupa út til að taka myndir, bæði af sólinni og sjálfum sér á stuttermabolom. „Hvernig er veðrið hjá ykkur fyrir sunnan?“ stendur gjarnan með. Hæðnin leynir sér ekki.

Þetta er ekki raunin þegar veðrið er betra fyrir sunnan. Sem er nota bene um það bil 95 prósent ársins. Ef við Sunnlendingar ættum að vera að monta okkur af veðrinu við þessi grey fyrir norðan þá hefðum við ekki tíma til þess



að gera neitt annað. Það er heldur ekki í okkar beinum að stríða minni máttar.

Nú er ekki hátt risið á Norðlendingum. Væntanlega fara um það bil tuttugu prósent af útsvarinu þeirra í snjómokstur næstu daga. Hér fyrir sunnan ser þínu kalt en allar götur greiðar og sam-

félagið gengur smurt eins og ávallt. Það er samt óskhyggja að telja sér trú um það að Norðlendingar læri nokkuð af þessu. Sjáiði til. Næst þegar slembilukka leikur við Norðanmenn og sól skín þar í heiði, munu þeir byrja að monta sig og senda myndir. ■

ÞÚ GÆTUR UNNIÐ AUKAMILLJÓN

22.
DES.

MILJÓLA
LEIKURINN

22
MILLJÓNIR

10 RAÐIR EÐA ÁSKRIFT GEFA ÞÉR
MÖGULEIKA Á AUKAMILLJÓN Í DESEMBER.



vikinglotto

EURO
JACKPOT

Nærmynd af Bergþóri Ólasyni: Efnilegur kúluvarpari sem gaf bróður sínum nýra

Ari Brynjólfsson
ari@dv.is



Bergþór Ólason, þingmaður Miðflokksins, ákvað í vikunni að taka sér launa-laust frí frá Alþingi eftir að Klaustursmálið umdeilda komst í háamæli. Þar sátu sex þingmenn að sumbli og töluðu illa um mann og annan. Á upptökunum heyrir Bergþór fara mikinn, kallaði hann Ingu Sæland, formann Flokks fólksins, „kuntu“ og Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra „tík“. Bergþór hefur beðið Ingu Sæland afsökunar á orðum sínum og sagt að orðfærið sem hann notaði væri sér framandi. En hver er Bergþór Ólason, hvaðan kemur hann og hver verður framtíð hans? Hér er reynt að varpa ljósi á einn umdeildasta þingmann þjóðarinnar.

Bergþór fæddist á Akranesi árið 1975, hann ólst upp í Borgarnesi. Hann býr nú einn í einbýlishúsi á Akranesi og keyrir á eigin bíl í vinnuna. Bergþór á eitt barn, dóttur fædda árið 2016 en er ekki skráður í sambúð, hann gerir hjúskaparstöðu sína ekki opinbera á samfélagsmiðlum og því ekki hægt að fullyrða hvort hann sé á lausu. Bergþór er kristinn maður og hann styður samskipti Þjóðkirkjunnar og skóla. Þess má geta að dóttir hans er hugsanlega fyrsta barnið hér á landi

sem var skírð í vita, það var í Akranesvita sumarið 2016.

Eitt mesta kastefni sem vitað var um

Bergþór er sonur Óla Jóns Gunnarssonar en Óli Jón var bæjarstjóri í Borgarnesi frá 1987 og í Stykkishólmi frá 1999 til 2005, og Óskar Bergþórsdóttur, loftskytamanns og húsmóður. Bergþór byrjaði snemma í íþróttum og var í fótbolta sem barn. Sagt var frá því í DV þegar hann var 11 ára að hann hafi átt sér einskis illa von í marki Skallagríms í leik á móti Stjórnunni. Bergþór skipti þá um íþrótt og tveimur árum síðar var hann að gera góða hluti í frjálsum íþróttum með UMSB. Þegar hann var 13 ára setti hann Íslandsmet í spjótkastrí, kastaði 43,1 metra. Hann setti svo Íslandsmet í kúlu-

varpi pílta, kastaði 14,26 m, og bætti þar með met frá 1978 um 3 cm. „Síðan hafa margir spreytt sig við að bæta það, en ekki tekist það fyrr en nú. Bergþór er eitt mesta kastefnið sem vitað er um hér á landi,“ segir í umfjöllun Morgunblaðsins í ágúst 1989. Met Bergþórs var ekki slegið fyrr en 1996.

Hann hélt áfram í kúluvarpi og þegar hann var 14 ára varð hann efstur á ungmennamóti í kúluvarpi og sleggjukasti. Hann var svo valinn í hópinn sem fór á Ólympíuleika 17 ára og yngri árið 1990.

Þurfti að þvo bíl þjálfarans

Árið 1991 var Bergþór í viðtali við DV eftir að hafa orðið Íslandsmeistari í kúluvarpi pílta, en var þó mjög óhress með árangur sinn. „Allt gekk vel í upphituninni og henti ég langt yfir 14 metrana, – en svo fór allt í baklás. Ég á reyndar best 15,10 metra. Fyrir þetta mót var ég búinn að ná mjög góðum köstum heima og var því bjartsýnn. En það fór á annan veg. Ég er reyndar nýbúinn að breyta yfir í snúningsstílinn og þarf greinilega lengri tíma til að ná betri tölum á atrennunni. Það er óþarft að hafa áhyggjur af þessu, þetta hlýtur að koma,“ sagði hinn ungi kúluvarpari. Í síðasta kastinu breytti Bergþór yfir í gamla stílinn og mistókst kastið hrapallega. Eftir á kom þjálfari hans, Íris Grönfeldt, askvaðandi til hans og spurði hann hver hefði eiginlega leyft

honum að breyta um kaststíl? „Enginn,“ svaraði Bergþór hálf vandræðalega. „Svona ganga hlutirnir ekki



Mynd DV af Bergþóri árið 1991 þegar hann var Íslandsmeistari í kúluvarpi pílta.



Bergþór 14 ára gamall frjálsíþróttakappi.

tík þá en síðar áttu þeir eftir að verða samherjar í Miðflokki eins og frægt er orðið. Menntun Bergþórs er ekkert slor, hann stundaði framhaldsnám í Alliance Manchester Business School sem er einn besti skóli á sínu sviði í Evrópu. Þaðan útskrifaðist hann með MBA gráðu.

Vildi verða bæjarstjóri 27 ára

Bergþór var stórhuga eftir að hann útskrifaðist. Hann sótti um stöðu bæjarstjóra Ólfuss árið 2002, þá aðeins 27 ára gamall. Hann var ekki ráðinn. Starf hans innan flokksins borgaði sig því ári síðar var hann orðinn aðstoðarmaður Sturlu Böðvarssonar, þáverandi samgönguráðherra. „Ráðherrann hafði samband við mig og það var ekki hægt að segja nei við jafn spennandi starfi og þessu,“ sagði Bergþór við Fréttablaðið um ráðninguna. Hann hætti árið 2006 og ári síðar hóf hann störf hjá Kaupþingi. Árið 2007 gagnrýndi hann Andra Snæ Magnason og fjölmiðla harðlega fyrir ummæli um að Rio Tinto væri „versta fyrirtæki í heimi“. Í grein sem Bergþór skrifaði í Morgunblaðinu titlaði hann sig sem „á hugamann um vandaðan fréttaflutning“ og vandaði hann Íslandi í dag ekki kveðjurnar fyrir að hafa ekki stundað rannsóknarvinnu í tengslum við ummæli Andra Snæs.

Bergþór sóttist eftir sæti á lista Sjálfstæðisflokksins fyrir kosningarnar 2007 og hafnaði í 8. sæti, einu sæti ofar en Þórdís K.R. Gylfadóttir núverandi ráðherra. Árið 2009 bauð hann sig fram í 2. sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi og hafnaði í 5. sæti. Nokkrar óánægju gætti meðal Sjálfstæðismanna í kjördæminu vegna prófkjörsins, en Bergþór var rólegur með það allt saman þegar DV ræddi við hann um málið árið 2009.

Eftir hrún varð Bergþór fjármálastjóri Loftorku í Borgarnesi, hann varð svo framkvæmdastjóri Loftorku, nú LOB ehf. árið 2016. Hann var einnig framkvæmdastjóri Byggingalausna ehf. Hann sat í ýmsum stjórnnum félaga og fyrirtækja og var einn þeirra sem Gunnar Bragi Sveinsson skipaði í stjórn Matís nokkrum dögum áður en Gunnar Bragi lét af embætti.

Þann 5. október 2017 var svo tilkynnt að hann myndi leiða lista Miðflokksins í Norðvesturkjördæmi. „Bergþór mun m.a. leggja áherslu á byggingu nýs Landspítala á nýjum stað og skynsamlega lækun tryggingagjalds til að bæta starfsumhverfi fyrirtækja,“ sagði í tilkynningunni. Tveimur mánuðum síðar var hann orðinn formaður umhverfis- og samgöngunefndar. ■

upp. Þú verður að taka út refsingu, drengur minn, fyrir svona glappa-skot. Þú skalt því þvo bílinn minn í dag. Hann er líka orðinn býsna óhreinn. – Skilið?“, hafði DV eftir Írisi. Skipti það engu máli þótt hann hefði orðið Íslandsmeistari.

Bergþór lenti í öðru sæti sem Íþróttamaður Borgarfjarðar árið 1989. Langhlaupakonan Margrét Brynjólfssdóttir var í fyrsta sæti með 51 stig, einu stigi meira en Bergþór, hann var þá 14 ára. Bergþór lenti aftur í öðru sæti árið 1992. Hann var svo hættur að birtast á íþróttasíðum dagblaðanna árið 1994. Bergþór var skiptinemi í Bandaríkjunum og gekk í Royal High School í Simi Valley í Kaliforníu. Þess má geta að hann er áhugamaður um amerískan ruðning og má mögulega rekja það til skiptinemaáranna í Bandaríkjunum.

Gaf bróður sínum nýra

Eftir að Bergþór útskrifaðist með stúdentspróf úr Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi fór hann í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Hann starfaði hjá Heklu hf. samhliða námi og síðar sem ráðgjafi hjá Lýsingu hf. Hann var einnig lögglumamaður í sumar-afleysingum.

Um aldamótin gaf Bergþór bróður sínum, Rúnari, annað nýra sitt. Aðgerðin gekk blessunalega vel og báðum hefur heilsast vel síðan. Þessi göfuga gjöf Bergþórs hefur ekki farið hátt en þó vita vinir hans og samstarfsmenn af þessari staðreynd. Á Klaustursupptökunum má heyra Gunnar Braga Sveinsson, þingmann Miðflokksins, öskra: „Hann er bara með eitt nýra. En það er ofvirk nýra.“

Kynntist Sigmundi Davíð á háskólaárunum

Bergþór varð snemma virkur í Sjálfstæðisflokki og var formaður Egils, félags ungra sjálfstæðismanna í Borgarnesi, 1997-1999. Hann sat svo í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna (SUS) frá 1999 til 2005. Bergþór var stjórnarmaður í Mágusi, félagi viðskiptafræðinema við Háskóla Íslands, þar lét hann meðal annars Röskvuliða heyra það oft en einu sinni. Hann var einnig formaður Íslandsdeildar NESU, Samtök norrænna viðskipta- og hagfræðinema um aldamótin. Í viðskiptafræðinni og gegnum starf NESU kynntist Bergþór Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni og myndaðist með þeim náinn venskapur. Þeir voru ekki samstíga í póli-



VEGGKLÆÐNINGAR

Fyrir allar gerðir húsa, nýjafnt sem gömul, fjöldi lita og gerða

Kostirnir eru ótvíræðir:

- Fallegra hús
- Ekkert viðhald

FEGURÐ
ENDING
MÝKT



ALTAK

Ál er okkar mál • Fossaleyri 8 • 112 Reykjavík • Sími: 577 4100 • altak.is

J&S Watch co.
REYKJAVÍK



Islandus - 44mm
Hvít skífa með rómverskum tölum.
Brún ól úr strútslegg.



Islandus - 44mm
Svört skífa með arabískum tölum.
Svört ól úr strútskinni.



Islandus 1919 - 44mm
Svört skífa með arabískum tölum.
Svört ól úr vísundaskinni.



Frisland 1941 - 42mm
Blá skífa með sjálflýsandi tölum.
Svört ól úr vísundaskinni.



Frisland 1941 - 42mm
Silfur skífa með sjálflýsandi tölum.
Svört ól úr vísundaskinni.



Frisland - 42mm
Svört skífa með sjálflýsandi tölum.
Svört ól úr vísundaskinni.



Sif NART - 40mm
Svört skífa með sjálflýsandi tölum.
Svört gúmmí ól með rauðum saum.



Sif NART 1948 - 40mm
Blá skífa með sjálflýsandi tölum.
Brún ól úr kálfaskinni með hvítum saum.



Sif NART - 40mm
Svört skífa með sjálflýsandi tölum.
Svört gúmmí ól með appelsínugulum saum.

GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

Nærmynd af umdeildasta þingmanni þjóðarinnar: Blíður og góður „bensíntittur“ sem getur aldrei setið kyrr

Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Miðflokksins, ákvað í vikunni að taka sér launalaust frí frá Alþingi eftir að Klaustursmálið umdeilda komst í hámmæli. Þar sátu sex þingmenn að sumbli og töluðu afar illa um mann og annan, eins og alþjóð veit. En hver er Gunnar Bragi Sveinsson, hvaðan kemur hann og hver verður framtíð hans? Hér er reynt að varpa ljósi á einn umdeildasta þingmann þjóðarinnar.

Gunnar Bragi er fæddur á Sauðárkróki þann 9. júní árið 1968. Hann er alinn upp í Framsóknarflokknum en átti eftir að yfirgefa hann og koma að stofnun Miðflokksins ásamt Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni. Þá er hann frímúrari og einn af uppáhaldsstöðum hans er Benidorm. Foreldrar hans eru Sveinn Margeir Friðvinsson (fæddur 19. september 1938, dáið 25. júní 2017) og Ingibjörg Gunnhildur Jósafatsdóttir (fædd 13. maí 1940). Fyrrverandi maki Gunnars Braga er Elva Björk Guðmundsdóttir og eignuðust þau synina Svein Rúnar, Inga Sigþór og Róbert Smára. Stjúpsynir Gunnars og



Gunnar Bragi Sveinsson. Mynd: Páll



Gunnar Bragi þykir góður leikari.

synir Elvu Bjarkar eru þeir Arnar Þór Sigurðsson og Frímann Viktor Sigurðsson.

Bensíntittur í framboð

Gunnar Bragi útskrifaðist síðar en til stóð en hann ásamt fjórum öðrum nemendum varð fyrir barðinu á kennaraverkfalli. Gunnar Bragi útskrifaðist því árið 1989. Fljótlega eftir það fór hann að hafa afskipti af pólitík. Aðeins ári síðan birtist stutt frétt í Feyki en þar sagði:

„Þessi „bensíntittur“ á Ábæ, Gunnar Bragi Sveinsson, er orðaður við 3ja eða 4ða sætið á lista framsóknar, sem enn hefur ekki verið birtur. Trúlega verður hann í einna bestu aðstöðunni til að „agitera“ fyrir kosningarnar í vor.“



Gunnar Bragi og Sigmundur Davíð eru miklir vinir.



Gunnar Bragi vann á bensínstöð sem ungur maður við að dæla bensíni. Seinna varð hann verslunarstjóri á staðnum og gekk að sögn vina reksturinn vel, enda Gunnar Bragi hamhleypa til verka.

Ljóst var að Gunnar Bragi stefndi snemma á frama í pólitík en það var þó ekki fyrir en tuttugu árum síðar sem hann settist á þing. Hann lék einnig knattspyrnu og spilaði golf. Gunnar Bragi þótti harður í horn að taka á vellinum en skapið kom honum stundum í vandræði. Í eitt skipti var hann tæklaður illa. Þá snöggreiddist hann og ýtti næsta manni. Það vildi svo óheppilega til að sá sem fékk byltuna var dómariinn sem var snöggur að veifa rauða spjaldinu þegar hann hafði náð jafnvægi á ný. Þá hefur Gunnar Bragi Liverpool í hávegum og tókst honum með mikilli elju að gera öll börn bróður síns að stuðningsmönnum Liverpool þó svo að reynt hafi verið að innræta þeim að halda með Tottenham.

Árið 2013 var birt nærmynd af Gunnari Braga í Ísland í dag. Þar var rætt við fjölskyldu og vini. Sigmundur Davíð var að sjálfsögðu einn viðmælenda.

„Þar sem er fjör og gaman að vera, þar er Gunnar Bragi miðpunkturinn. Það er aldrei þungt yfir mönnum þegar Gunnar Bragi er á svæðinu,“ sagði Sigmundur. Sveinn Rúnar einn af sonum Gunnars Braga sagði föður sinn vera blíðan og góðan mann.

„Hann getur verið með skemmtilega lélegan húmor, auláhúmor,“ sagði Sveinn Rúnar og bætti við: „Hann er mjög þrjúskur. Greiðvikinn og alltaf til í að gera allt fyrir alla. Hann stendur fast á sinni sannfæringu og gefur sig ekki ef hann er sannfærður.“ Þá lýsti annar sonur Gunnars Braga honum sem miklum húmorista

sem væri afar stríðinn. Bætti hann við að Gunnar Bragi þyrfti alltaf að hafa eitthvað fyrir stafni og gæti aldrei setið kyrr. Þá sagði Atli Sveinsson bróðir Gunnars:

„Hann er gríðarlega vinnusamur og getur verið mjög fastur fyrir. Þetta eru kostir ef maður er sammála honum en geta verið ókostir ef maður er ósammála honum. Hann er ráðagóður og gaman að vera með honum.“

Góður leikari

Gunnar Bragi var afar virkur í leikfélaginu á Sauðárkróki en hætti þar í kringum árið 1995. Það var einmitt á sviði sem hann kynntist fyrrverandi konu sinni, Elvu Björk Guðmundsdóttur. Hjá leikfélaginu tók Gunnar þátt í fjölmörgum verkum. Elva Björk sagði:

„Hann er mjög góður leikari. Hann lék alvarleg hlutverk og í försum. Hann fúnkerar rosalega vel í försum. Það er svo mikill aksjón þar. Það var mjög gaman að leika á móti honum. Við kynntumst áramótin 1991-92. Við vorum að leika í leikriti saman, Köttur á heitu blökkpaki. Við lékum þar hjón sem áttu í erfiðleikum í hjónabandi. Þegar við fórum að tala saman var eins og við hefðum þekkt í 40 ár.“

Gunnar fékk oft góða dóma fyrir leik sinn á sviði. Um frammistöðuna í Köttur á heitu blökkpaki sagði gagnrýnandi:

„Eiginmann Margrétar, Brick Pollit, leikur Gunnar Bragi Sveinsson. Persónan krefst hófsemi í túlkun en líka nokkurs hita einkum í öðrum þætti verksins. Gunnar Bragi gerir henni að jafnaði góð skil og nær talsvert vel að flytja áhorfendum mynd þessa sídrykkjumanns, sem er önnur kafinn við það einna helst að svæfa vitund sína og hugsanir.“ ▶

JÓLAGJÖFIN Í ÁR?

VIÐ KYNNUM ARC-TIC RETRO FYRIR DÖMUR OG HERRA

VERÐ AÐEINS:
29.900,-



GILBERT
ÚRSMÍÐUR
Laugavegi 62 - sími: 551-4100
www.gilbert.is

100%
WATERPROOF
**JUST ADD
WATER**
REYKJAVIK
RAINCOATS



REYKJAVIK
RAINCOATS

REYKJAVIK RAINCOATS
HVERFISGATA 82, VITASTÍGSMEGINN
WWW.REYKJAVIKRAINCOATS.COM
SÍMI: 5711177 - INFO@REYKJAVIKRAINCOATS.COM



■ Þessi „bensintittur“ á Ábæ, Gunnar Bragi Sveinsson er orðaður við 3ja eða 4ða sætið á lista framsóknar, sem enn hefur ekki verið birtur. Trúlega verður hann í einna bestu aðstöðunni til að „agitera“ fyrir kosningarnar í vor.



Hann getur ekki talist undirföruhlut og hann gengur hreint til verks og segir nákvæmlega það sem honum finnst. Stundum finnst fólki það óþægilegt geri ég ráð fyrir.“ Sonur hans bætti við að faðir hans væri með mikið skap.

Kostir Gunnars Braga og aðrar góðar sögur

Í nærmynd á Stöð 2 kom fram að Gunnar Bragi væri mikið fyrir karóki og tæki þá oft lagið Delæla. Væri hann frægur um allan Skagafjörð fyrir þetta. Þá bætti fyrirverandi kona hans við að Gunnar Bragi hefði eitt sinn prófað permanent og ekki verið svo hrifinn af útkomunni. Þá var Elva Björk beðin um skemmtisögu eða eitt af vandræðalegum augnablikum. „Þegar ég var ólétt af Sveini Rúnari vorum við á flokksþingi,“ byrjaði Elva Björk hlæjandi en þau gistu þá á hóteli. „Ég var svoldið þreytt og fór að sofa svo vakna ég með ókunnguan mann við hliðina á mér. Ég sprett fram úr og opna dyrnar á hóteliherberginu og heyri í Gunnari á göngunum og ég þruma: „Gunnar Bragi!“. Þá heyri ég: Ég gleymdi að Elva Björk væri með mér.“

Þá var Gunnari Braga hrósað fyrir dugnað og góða mætingu í þingið og að hann hefði alltaf verið í forystuhlutverki. Einnig var rætt um ókosti starfsins og urðu synir hans þar fyrir svörum. Þótti þeim nokkuð erfitt að brynja sig fyrir neikvæðu umtali um föður sinn.

„Fólk heldur alltaf að hann sé svo mikið fífl, þegar maður sér það á netinu. Maður rekt á eitthvað á

netinu en við sjáum hann öðruvísi. Við þekkjum hann persónulega en aðrir þekkjast bara sem stjórnmálamaður. Við vitum hvernig hann er og það er erfitt að sætta sig við þetta,“ sagði einn sona hans. Bætti hann við að ef faðir hans væri ekki á þingi myndi hann líklega snúa aftur í leikhúsið, reka bensinstöð eða stjórna sjónvarpsþætti á borð við Kastljós.

DV birti einnig nærmynd af Gunnari Braga árið 2013 sem skrifuð var af Inga Frey Vilhjálmssyni. Þar sagði:

„Þegar Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra var sveitarstjórnarmaður Framsóknarflokksins í Skagafirði var talað um það í sveitinni að hann tæki enga ákvörðun án þess að ráðfæra sig við Þórólf Gíslason kaupfélagsstjóra KS. „Hann kom alltaf með Nýja-Testamentið frá Þórólfi og það á ekki síður við í dag,“ sagði aðili sem þekkir vel til stjórnmála- starfs í Skagafirði. Þetta var áður en Gunnar Bragi settist á þing árið 2009 og utanríkisráðherrann núverandi var oddviti framsóknarmanna í sveitarstjórninni Skagafirði. Árið 2009 söðlaði Gunnar Bragi um og bauð sig fram til Alþingis sem fyrsti þingmaður Framsóknarflokksins í Norðvesturkjördæmi. Hin síðari ár hefur þó samband Gunnars Braga við Þórólf og Kaupfélagsmenn súrnað og var ástæðan ekki síst



Fjölmenni við opnun Ábæjar Nýja bensinstöðin á Ábæ var opnuð með pompi og pragt sl. laugardag. Þrátt fyrir rámgóðan veitingasal rúmabí hann ekki líkt því alla sem mættu til að hlusta á karlakórinn Heimi syngja. Börnum var boðið upp á is og sælgæti og knattspyrnumenn Tindastóls afhentu Esso húfur. A myndinni sést Gunnar Bragi Sveinsson deila eldsneyti á fyrsta bílinn í hinni nýju bensinstöð.



Sauðárkrúkur: Uppþökur á Önnum og appelsínunum Sveinsson var á hólum í Sauðárkrúku í síðasta viku. Þar komu þeir með öngum Gula Beinu Erlingssonar og Appelsínunum í sveitunum Önnum og Appelsínunum. Þar var einnig boðið hversdagskafli.

Einn af sonum Gunnars sagði um leikhæfileika hans: „Ég hef oft þrýst á hann að taka sér langt frí frá þinginu og prufa að koma aftur í leikfélagið því hann hefur ekki verið í því síðan 1995.“

Blíður og góður en ekki rómantískur

Elva Björk lýsti Gunnari á þann hátt að hann væri ákveðinn og fylginn sér. Það virðist vera samdóma álit þeirra sem þekkjast hann. Þá væri hann einnig blíður og góður en standi alltaf fast á sinni sannfæringu.

„Hann er yfirleitt ekki rómantískur. Það eru til sætar hliðar á honum. Þegar það gerist, kemur það mér virkilega á óvart,“ sagði Elva og bætti við að hann gæti rökrað út í það óendanlega. Þegar fjölskyldan var spurð um galla svaraði Elva:

„Það er rosalega stuttur í honum þráðurinn. Hann er rosalega fljótur upp og getur þá verið hvass. Hann er líka rosalega fljótur niður.“ Sigmundur Davíð sagði: „Mjög fylginn sér og hreinskilinn og hann segir það sem honum finnst eða það sem hann er að hugsa.

Enda hef ég verið með gel síðan.

Hvað hrædistu mest?

Pillur, held þetta sé allt plat.

Besta bíómyndin?

A fish called Wanda get alltaf hlegið að henni. Einnig eru myndir Monty Pyton magnaðar.

Uppáhalds málsháttur?

Oft lætur bensínafgreiðslumaður dæluna ganga. Björn Björnsson skellti þessu á mig eftir framboðsræðu.

Hvaða teiknimyndapersóna höfðar mest til þín?

Grettir, því hann er svo áhyggjulaus.

Hvert er snilldarverkið þitt í eldhúsinu?

Fá snilldarverk þar, reyni að vera heima á matartíma og þvælast ekki fyrir í eldhúsinu.

Hvað fer mest í taugarnar á þér í fari þínu?

Stundvísinn. Ég er mjög upptekinn af því að vera stundvísinn. Svo þegar það tekst ekki þá verð ég afar þirraður.

Hvað fer mest í taugarnar á þér í fari annarra?

Óheilindi og óstundvísni þoli það ekki.

Hver var mikilvægasta persóna 20. aldarinnar að þínu mati?

Engin ein persóna, en Bill Shankly var magnaður.

Ef þú ættir að dvelja aleinn á eyðieyju, hvaða þrjá hluti tækirðu með þér?

Veidistöng, Liverpool treyjuna og rúmið mitt. Ég á alveg ótrúlega gott rúm.

Gunnar Bragi er í tvíburamerkinu. Í stjórnuþá fyrir árið 2018 segir:

„Þetta er svakalegt ár fyrir fólk fætt í tvíburamerkinu. Árið 2017 var frekar litdauft en árið 2018 verður ár dramatískra breytinga á öllum vígvöllum. Tvíburinn tekur að sér ný verkefni, finnur sér ný áhugamál, ætlar að éta heiminn árið 2018. En tvíburi, farðu þér hægt og ekki ana út hitt og þetta einungis til þess að komast út úr viðjum vanans. Vaninn er stundum ágætur, sérstaklega til að finna innri ró.

Það er búið að vera erfitt í ástarsamböndum tvíburans og árið 2018 tekur tvíburinn í langtímasambandi þá ákvörðun að leita á önnur mið, nema hjónabandsráðgjöf beri árangur. Einhleypir tvíburar halda áfram að vera einhleypir, en hitta nokkra spennandi elskhuga sem víkka út sjóneldarhringinn. Og vittu til kærri tvíburi, þú færð stórkostlegt atvinnutilboð árið 2018 sem þú getur ekki hafnað.“ ■

EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR



- Skráningartöflur
- Eignaskiptayfirlýsingar
- Eftirfylgni



PARABAKKA 3
S. 578 6800

3 SKREF

BÓKHALDSPJÓNUSTA
LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR

Hrædist pillur og þolir ekki óstundvísni

Gunnar Bragi var í viðtali við Skagafjörður.com rétt eftir að hann settist á þing. Hér má lesa brot af því besta

Hvernig nemandi varstu?


Ágætur held ég en félagslífið tók alltaf mikinn tíma.

Hvað er eftirminnilegast frá fermingardeginum?

Permanentið, skil ekki hvernig mamma gat gert mér það.

Sagnasjóður handa nýrri öld

Íslendingasögur og þættir
í nýrri og glæsilegri fimm binda heildarútgáfu



Ritstjórar útgáfunnar eru Aðalsteinn Eyþórsson, Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Útgáfan er skreytt 40 myndum eftir dönsku listakonuna Karin Birgitte Lund.

Útgáfan er aðgengileg og læsileg, sögurnar 40 og þættirnir 51 eru á nútímastafsetningu og þeim fylgja ítarlegir formálar sem greiða götur um veröld sagnanna, vandaðar orðskýringar, vísnaðskýringar og nafnaskrá auk greina og mynda sem varpa ljósi á húsakost og híbýli, skip og siglingar, vopn og verjur. Þá fylgir útgáfunni

sagnalykill sem nýtist þeim sem vilja skyggjast dýpra í sagnaheiminn, skoða sambærilega þætti í fleiri en einni sögu, hvort sem áhuginn beinist að bardögum og vígum, haugum, dysjum og helgum fjöllum eða útræði og hlunnindum, aflraunum og líkamsburðum eða draugum og reimleikum, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Bækurnar fimm eru einstaklega vandaðir prentgripir

SAGA
FORLAG

www.vinland@centrum.is • sími: 8937719 • 5627950

FRÁBÆRAR JÓLAGJAFIR

frá Eins og fætur toga



Gjafakort Eins og fætur toga
Frábær jólagjöf!



Frábært
jólaverð
69.990 kr.

Hypervolt

Einstök vibrandi nuddbyss. Hypervolt er fyrsta alvöru græjan á viðráðanlegu verði sem þú getur notað til að nudda auma vöðva, frábær hvort sem er fyrir einstaklinga eða meðferðaraðila.



Frábært
jólaverð
24.990 kr.

Hypershere

- Nuddkúla með 3 stillingar á vibring sem veitir hákvæma og djúpa bandvefslosun
- Fer dýpra inn í vöðvann
- Eykur blóðflæði
- Endurhlaðanleg Lithium-Ion rafhlaða



Frábært
jólaverð
29.990 kr.

Vyper

- Þrjár stillingar á vibring.
- Fer lengra inn í vöðvann og fer betur með hann en venjuleg rúlla.
- Vyperinn er miklu fljótari að vinna en venjuleg foamrúlla.
- Hefur fengið mikla umfjöllun, fjölda verðlauna og viðurkenninga.



Frábært
jólaverð
3.990 kr.*

Icespike hálkuskrúfur

Skrúfugaddar sem eru settir undir hlaupaskó, vinnuskó og aðra skó sem nota á í hálfu.

- Endast yfir 800 kílómetra eða lengur en nokkur önnur hálkuvörn
- Frábærir undir vöðlur og vinnuskó
- Skemma ekki skóna, ekkert mál að skrúfa úr

* Verð kr. 3.990 ef við setjum undir skóna, kr. 4.990 með skrúfjárnri og auka skrúfum

BROOKS



Skór ársins!

Brooks skór
17.990 -
24.990 kr.

Ghost er söluhæsti einstaki skórin í hlaupaverslunum í USA og í Evrópu 3. ár í röð. Adrenaline söluhæsti stöðugi skorinn 6. árið í röð. Allir helstu skór Brooks hafa fengið verðlaun hjá Runners world síðustu þremur árum. Frábærir skór á frábæru verði!

features



Frábært
jólaverð
1.990 -
6.990 kr.

Features sokkar

- Features eru með nálægt 40% markaðshlutdeild í USA
- Features eru með „heel lock“ og renna ekki niður, saumalaus táhetta, sérgerðir fyrir vinstri og hægri fót.
- Þrýstisokkarnir auka blóðflæðið í gegnum vöðvann.
- Frábært við beinhimnubólgu og öðrum festuvandamálum.

OOFOS®

feel the oo



Frábært
jólaverð
7.990 kr.

Í OOFOS® heilsusandalanum er höfundarréttarvarið OOfoam efni sem er **37%** meira höggdempandi en í hefbundnum skóm.

Höfum opnað glæsilega sölusíðu
www.gongugreining.is



Einstök fótliga hönnun gefur frábæran stuðning og mikla mýkt, það hefur mjög góð áhrif á hælspora og iljarfellsbólgu og getur minnkað verki í fótum, ökklum, hnjám, mjöðmum og baki. Þess vegna mæla fótaaðgerðafræðingar og sjúkraþjálfarar með OOFOS®.

Sandalarnir eru hannaðir til að hvíla fótinn og henta því bæði sem inniskór, í vinnu, eftir íþróttir og sem sundskór. Þeir þola bleytu og fljóta í vatni, einnig má þvo þá í þvottavél á lágum hita.

Frauðefnið er lokað svo að það dragi ekki í sig raka, bakteríur og þar af leiðandi táfýlu.

Mýktin og dempunin frá OOfoam endist vel og er ekki plastefni eins og þekki í svipað útlitandi sandöllum.

Þó það sé ekki hælband á OOFOS® gerir einstakt lagið á fótbeðinu það að verkum að skórnir sitja fastir á fætinum.

Einfaldlega ótrúlega þægilegir heilsusandalar á sambærilegu verði og fæst í Bandaríkjunum og öðrum löndum.



EINS OG FÆTUR TOGA

www.gongugreining.is

Orkuhúsinu Suðurlandsbraut 34 og Bæjarlind 4 Kópavogi - Sími 55 77 100



Hvað ætla Indigo sér með WOW air?

Bill Franke Leggur áherslu á að halda kostnaði niðri.

Indigo Partners kemur WOW air til bjargar

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Fyrir helgi var tilkynnt að fjárfestingar fyrirtækið Indigo Partners, sem er með höfuðstöðvar í Phoenix í Bandaríkjunum, ætli að koma inn í rekstur WOW air og kaupa hlutfé í flugfélaginu. Tilkynnt var um þetta skömmu eftir að Icelandair tilkynnti að fyrirtækið væri hætt við að kaupa WOW air.

Hvað er Indigo Partners og hvernig vinnur fyrirtækið? Fyrirtækið hefur fjárfest í laggjaldaflugfélögum í Suður-Ameríku og Evrópu. Í fréttatilkynningu frá fyrirtækinu er haft eftir Bill Franke, forstjóra þess, að fyrirtækið hafi ákveðna framtíðarsýn fyrir WOW air og hlakki til að starfa með starfs-

fólki WOW air og öðrum við að hrinda þeirri framtíðarsýn í framkvæmd. Franke er ekki óþekktur í heimi laggjaldaflugfélaga en Indigo Partners kom til dæmis að rekstri Spirit Airlines, átti fyrirtækið, og kom því á réttan kjöl en fyrirtækið hafði glímt við mikla rekstrarerfiðleika. Indigo á einnig hlut í Frontier Airlines, JetSmart í Chile, Volaris Airlines í Mexíkó og Wizz Air í Ungverjalandi sem flýgur einmitt hingað til lands. Allt eru þetta laggjaldaflugfélög. Indigo er einnig stór kaupandi Airbus-flugvéla en WOW air hefur einmitt eingöngu verið með Airbus-vélar í flugflota sínum.

En þótt að Indigo Partners og WOW air hafi náð samkomulagi um aðkomu fyrnefnda félagsins

að því síðarnefnda er málið ekki frágengið. Í tilkynningu frá Indigo kom fram að félagið muni fjárfesta í WOW air að áreiðanleikakönnun lokinni. Einnig kom fram að Skúli Mogensen, stofnandi og aðaleigandi WOW air, verði áfram kjölfestufjárfestir í fyrirtækinu ef gengið verður frá aðkomu Indigo. Fyrirtækin ætla að vinna eins hratt og hægt er að því að ljúka málinu.

Indigo Partners er líklegast eitt þekktasta fjárfestingarfyrirtækið í einkaeigu sem einblínir á fjárfestingar í fluggeiranum, og það sem hefur náð bestum árangri. Félagið hefur náð góðum árangri með aðkomu sinni að Spirit Airlines, Volaris og Wizz air. Einnig hefur fyrirtækið fjárfest í ýmsum öðrum flugfélögum í gegnum tíðina.

Skúli Mogensen

Líklega verða breytingar hjá WOW á næstunni.



Eins og kunnugt er hefur rekstur WOW air gengið illa og í nýlegri tilkynningu frá félaginu kom fram að rekstrarniðurstaða fjórða ársfjórðungs yrði verri en reiknað var með. Einnig kom fram að lánardrottinn félagsins hefðu krafist þrengri greiðsluskilyrða. Þá skilaði félagið fjórum Airbus-vélum sem það hafði haft á leigu.

Hvað ætla Indigo sér með WOW air?

Ef af fjárfestingu Indigo í WOW air verður má teljast öruggt að fyrirtækið ætli sér að gera ákveðnar breytingar á rekstri WOW air til að tryggja rekstur félagsins og framtíð. Samkvæmt því sem sérfræðingar á markaðnum segja má reikna með að Indigo gangi fram af festu ef og þegar lokið verður við að ganga frá aðkomu fyrirtækisins að WOW air. Bill Franke er sagður vera fjárfestir sem vill vera með fingurna á pulsinum og setji venjulega mark sitt á flugfélögin sem Indigo á hlut í. Hann er sagður vera nánast ofstækisfullur þegar kemur að rekstrarkostnaði og fyrir að vera slægur samningamaður.

Því hefur meðal annars verið varpað fram hvort Indigo muni krefjast þess að áhafnir WOW air verði ráðnar í gegnum starfsmannaleigur í því skyni að lækka launakostnað. Slík viðskiptamódel eru velþekkt í flugbransanum og nýtti Primera Air, sem nú er gjaldþrota, þetta módel meðal annars. Það sama á við um Ryanair sem nýtir það fyrir hluta áhafna sinna. Slík ráðningarform eru þyrnir

í augum stéttarfélaganna enda eru réttindi starfsfólks þá mun minni, til dæmis hvað varðar veikindi og frí, og launin mun lægri en kveðið er á um í kjarasamningum. Sömu sögu er að segja um þá sem starfa við afgreiðslu véla á jörðu niðri, þar kys Indigo að notast við verk-takasamninga.


Indigo kys yfirleitt að fjárfesta í laggjaldaflugfélögum sem fljúga á stuttum leiðum, eins og Ryanair leggur áherslu á. Mikil áhersla er lögð á mikla nýtingu flugvéla þannig að þær stoppi ekki lengi við á flugvöllum og yfirleitt er rukkað fyrir næstum allt um borð, mat og drykki.

Það er því spurning hvað Indigo vill láta gera við lengri flugleiðir WOW air eins og til Bandaríkjanna og svo auðvitað fyrirhugað flug til Indlands. Viðskiptamódel WOW air hefur verið byggt upp á svipaðan hátt og hjá Icelandair, að nota Keflavíkurflugvöll sem skipti- og tengiflugvöll fyrir farþega á leið þeirra yfir Atlantshafið.

Ekki er ólíklegt að Indigo vilji leggja áherslu á stuttu flugleiðirnar í leiðakerfi WOW air en á þeim eru yfirleitt meiri möguleikar til kostnaðarhagræðingar en á löngu leiðunum. Einnig má telja líklegt að Indigo vilji endursemja við birgja og smásala til að lækka verð og þar með kostnað WOW air. Þá hafa sérfræðingar á flugmarkaði velt fyrir sér hvort WOW air, að ósk eða kröfu Indigo, muni hætta að nota Airbus A330 og skipta yfir í Airbus A320 en Indigo kys yfirleitt að nota þær flugvélar hjá félögum sem fyrirtækið hefur fjárfest í. ■

„Veist þú að skilgreining á sótthita breytist eftir aldri?“

Thermoscan eyrnahtamælirinn minn veit það.“



ThermoScan® 7

Braun ThermoScan eyrnahtamælirinn minn veit það. Fást í öllum lyfjaverslunum



Ný vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: [donna ehf](https://www.facebook.com/donna.ehf)

BRAUN



Donna
Sími 555 3100 www.donna.is



INFRARAUDUR SAUNAKLEFI

- Hiti 30-75 C (því 60 - 75 er það sem lætur þig svitna)
- 4manna klefi
- Interior Wood: Red |Cedar
- Exterior Wood: Red Cedar
- Power: 2360W
- Infrared Heating Panel
- Color Therapy
- FM/Aux/bluetooth
- Spot Light
- 6mm Clear Tempered Glass
- Cabinet Size: 1650x970x780x1900mm
- Feet Heating Panel on floor



INFRARAUDUR SAUNAKLEFI

- Hiti 30-75 C
- 2manna klefi
- Interior Wood: Red |Cedar
- Exterior Wood: Red Cedar
- Power: 1845W
- Infrared Heating Panel
- Color Therapy
- FM/Aux/bluetooth
- Spot Light
- 6mm Clear Tempered Glass
- Size: 1200x1050x1900mm
- Feet Heating Panel on floor



INFRARAUDUR SAUNAKLEFI

- Hiti 30-75 C
- 3manna klefi
- Interior Wood: Red |Cedar
- Exterior Wood: Red Cedar
- Power: 2190W
- Infrared Heating Panel
- Color Therapy
- FM/Aux/bluetooth
- Spot Light
- 6mm Clear Tempered Glass
- Size: 1500x1050x1900mm
- Feet Heating Panel on floor

FLEIRI VÖRUR MÁ FINNA INNÁ HEIMASÍÐUNNI OKKAR



VIÐ HÖFUM ALLT FYRIR ÞÁ SEM STARFA Í HEILSUGEIRANUM



TIL AÐ MYNDA
NUDDBEKKIR
STEINAPOTTUR
NUDDSTEINAR
NUDDLÖK
NUDDPAPPÍR
OLÍUR
NUDDOLÍUHITARI
HITATEPPI
NUDDBELTI
SNYRTIBEKKIR
ANDLITSLÖK
ÓLÉTTUPÚÐAR
NUDDSÆTI
PRÝSTIHNÚÐAR
O.FL.



TOGBEKKUR

- Togbekkur sem kemur bakinu þínu í lag
- Togbekkur fyrir hryggjaliðina og bakverki
- Gott við allskyns bakvandamálum
- Losar um stress
- Eikur liðleika og hreifigetu



NUDDBEKKUR

- Mikið úrval af allskyns nuddbekkjum
- Tekur 340 kg
- Breidd 79cm, lengd 1.84 cm fyrir utan höfuðpúða.
- 7.6cm þykkt með memory foam



SNYRTI OG NUDDBEKKUR

- Tilvalið fyrir Snyrtifræðinginn, Nuddarann, fóttaaðgerðafræðinginn og aðra í heilsugeiranum
- Lyftir 202 kg
- Breidd 76 cm án arma
- Rafmagnslyfta á efri og neðri hluta
- Höfuðpúði þar sem andlit fellur inn í fylgir
- Svartir og Beige litaðir



NEYÐARKALL UR NORÐRI

Allt stefnir í að þorpið fari í eyði

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Íbúarnir í litla þorpinu voru orðnir örvæntingarfullir um framtíðina. Fiskveiðistjórnunarkerfinu hafði verið breytt og allt stefndi í að þorpið færi í eyði. Fiskurinn, sem tilvera þorpsins byggðist á, kom ekki lengur á land þar. Fólk missti vinnuna. Þetta gerðist vegna þess að togari þorpsins, sem var í eigu fiskvinnslunnar þar, fékk leyfi til að landa afla sínum annars staðar. Gjaldþrot var óumflýjanlegt og sendi þorpið inn í svartnættið.

Þetta var staðan í Bugøynes í Norður-Noregi fyrir 30 árum. Hugsanlega sjá einhverjir ákveðna líkingu í þessu máli við þá stöðu sem stundum hefur komið upp í sjávarbyggðum hér á landi.

Íbúarnir í Bugøynes brugðust við þessu með því að senda út neyðarkall.



Vill einhver taka við okkur?

„Er einhver staður í sunnanverðum Noregi sem gæti hugsað sér fólksfjöggun upp á ca. 300 manns?“

Þetta vakti ekki bara athygli norskra fjölmiðla heldur einnig fjölmiðla víða um heim. En síðan kom innrásarherinn úr austri.

Bugøynes er í aðeins um sjö kílómetra fjarlægð frá rússnesku landamærunum og stendur við sjóinn, hið risastóra Barentshaf. Þorpið er einnig kallað Pikku-

Suomi (Litla-Finnland) því á nítjándu öld settust finnskir innflytjendur þar að.

Staðan í þorpinu var eins og fyrir segir grafalvarleg og það segir sig sjálf að það er ekki góð staða þegar 40–50 manns eru á atvinnuleysissskrá í ekki stærra byggðarlagi. Eftir 80 vikna atvinnuleysi missti fólk bæturnar og örvænting greip um sig. Þá fékk það hugmynd. Basar var haldinn og peningum safnað. Þeir voru síðan not-

Bugøynes Kóngakrabbinn breytti öllu.



aðir til að borga fyrir auglýsingu í dagblaðinu Dagbladet og þar birtist fyrrgreindur texti sem náði athygli heimsbyggðarinnar.

Norska ríkisútvarpið segir að í auglýsingunni hafi komið fram að þorpsbúar vildu flytja saman eitt-hvert suður fyrir Þrændalög. En auglýsingin breytti svo sem ekki miklu, vinnan jókst ekki í þorpinu og það gerði bjartsýnin heldur ekki. Finnar buðu fram aðstoð sína enda hafði þorpið bjargað mörgum Finnum á nítjándu öld. En ekkert varð úr þeim hugmyndum sem var varpað fram.

Auglýsingin náði þó einu markmiði þorpsbúa, að hrinda af stað umræðu um fiskveiðistefnuna og þau áhrif sem afnám skyldu stóra skipa til að landa fiski í ákveðnum byggðarlögum hafði. Þessi umræða er enn í gangi 30 árum síðar.

Innrásin að austan

Trillukarlar gerðu hvað þeir gátu til að bjarga sér og stunduðu útgerð. Í upphafi tíunda áratugarins fóru þeir síðan að koma í land með ónýtt net. Stór krabbategund var komin á svæðið og flæktist í netin og ruglaði menn í ríminu. Hér var um algjöra plágu að ræða, netin eyðilögðust og aflinn dróst saman. Þarna var komin krabbategund sem rússneskir vísindamenn höfðu sótt í Kyrrahaf og sleppt við norðvesturhluta Rússlands. Nú var hún komin lengra vestur og það ekki í neinum smá hópum.

Sumir höfðu áhyggjur af þessu og hugleiddu hvort krabbinn myndi ekki bara reka smiðshögg- id á dauða byggðarlagsins. En það sem gerðist hafði engin séð fyrir eða getað ímyndað sér.

Þorpsbúar höfðu heyrt að þessi

krabbategund væri eftirsótt og því reyndu þeir fyrir sér í sölu hennar til veitingahúsa en salan var lítil, aðeins nokkur kíló hér og þar. En baráttuglaðir þorpsbúar gáfust ekki upp því þeir höfðu heyrt að þessi krabbategund, kóngakrabbinn, væri eftirsótt víða í Evrópu og að veitingastaðir flyttu þá inn frá Alaska. Þeir sendu því prufu til stórs fiskveitingastaðar í Brussel og fylgdu málinu síðan eftir með að taka þátt í stórra matarhátið í borginni. Þetta var upphafið að góðri sölu veitingastaðarins á kóngakrabbna næstu árin. Þorpsbúar höfðu fundið hjargvætt sinn. Nokkrir þorpsbúar fóru til Alaska til að læra af heimamönnum hvernig ætti að veiða krabbann og aðrir fóru til Asíu til að koma vör- unni í sölu þar.

Mikil samkeppni er í sölu á kóngakrabbna en hann er veiddur af stórum skipum eins og sjá má í sjónvarpsþáttunum „Deadliest catch“. Íbúarnir í Bugøya ákváðu að fara aðra leið og markaðssettu krabbann sem „Friendliest catch“. Saga þeirra af sjálfbærum veiðum á litlum bátum í hinu dimma og kalda umhverfi lengst í norðri vakti athygli og sló í gegn. Þeir gátu því selt krabbann á herra verði en samkeppnisaðilarnir.

Enn er því búið í Bugøya og veiðar á kóngakrabbna stundaðar. Ef krabbinn hefði ekki komið eru flestir þorpsbúar sannfærðir um að þorpið hefði lagst í eyði og þar væri nú aðeins sumarhúsabyggð. En nútíminn býður upp á meira en bara krabbaveiðir því ferðamenn eru farnir að leggja leið sína norður eftir og á veturna kemur töluverður fjöldi Asíubúa gagnert til að baða sig í ísköldu Barentshafinu. ■

ÁSKRIFTARKLÚBBATILBOÐ DV OG VOGUE

Wizar lock

Wizar lock Leður 239.900 kr.

Áskriftarklúbbsverð 179.925 kr.

Wizar lock Tau 199.900 kr.

Áskriftarklúbbsverð 149.925 kr.

Tilboðið gildir til áramóta.



Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík / Sími 533 3500
Hofsbot 4 - Akureyri / Sími 462 3504

Áskriftarklúbbur DV

Meðlimir áskriftarklúbbs DV framvísa aðildarkorti sem er í gildi hverju sinni til að nýta sér þau tilboð og fríðindi sem eru í boði hverju sinni fyrir áskrifendur DV.



Áskriftarklúbbskortid gildir til 31.12.2018

**JÓLA
TILBOÐ**



Dreamline dýna með botni.
Undirdívan 160x200cm + lappir

Jólatilboð: 110.030
Fullt verð: 147.900

Jólagjöfín

fæst í Vogue

JÓLATILBOÐ



Tvenutilboð

Microfiber sæng og kodd

Fullt verð: 13.300

Jólatilboð: 9.900

30% AFSLÁTTUR



Diamond sófi

Stærð: 185x85cm | Litir: Blár, grár og sand

Fullt verð: 149.900 - **Jólatilboð: 104.930**

JÓLATILBOÐ



Wizar hægindastóll

Áklæði: fullt verð: 199.900

Jólatilboð: 159.930

Leður: fullt verð: 239.900

Jólatilboð: 191.920

20% AFSLÁTTUR



**Sængurfatnaður
frá Fussenegger
20% AFSLÁTTUR**

20% AFSLÁTTUR



**RIEDEL glös
Jólatilboð**

20% AFSLÁTTUR



Rúmteppi

Mikið úrval af rúmteppum

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500

Hofsbot 4 - Akureyri | Sími 462 3504

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ



Súðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Framkvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. Öll viðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn



Áhrifalaus Halldór Benjamín

Margir hafa á undanförunum dögum gert grín að **Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni** fyrir mjög hæpnar skýringar hluta Klaustursupptakanna. Það er þegar einhver heyrir augljóslega herma eftir sel eða sæljóni. Skýringarnar sem gefnar hafa verið á þessu eru að einhver hafi mögulega verið að færa stól eða bremsa á reiðhjól fyrir utan. Sigmundur hringdi sérstaklega í Freyju til að koma þessum samsæriskeningum áfram.

Staðreyndin er hins vegar sú að samsæriskeningar höfðu til margra og þeir sem trúá þeim fer fjölgandi, sérstaklega á hægri væng stjórnmálanna. Þetta sést til dæmis hjá stórum hluta kjósenda **Trump** sem trúir hugmyndinni um Qanon. Hægt er að halda hverju sem er fram svo lengi sem nógu margir trúá.

Samfylkingarflokkarnir

Staksteinar Morgunblaðsins uppflema Samfylkinguna, Pírata og Viðreisn reglulega sem „Samfylkingarflokkana“. Þessi lenska hefur tíðkast síðustu ár, fyrst voru það Björt framtíð og Samfylkingin, svo bættu þeir Pírötum við og svo tók Viðreisn við af Bjartri framtíð. Enda var það vægast sagt illa séð í Hádegismóum þegar einstaklingar hættu í Sjálfstæðisflokknum og fóru yfir í Viðreisn. Uppnefnið er kannski fortíðarþrá í tímum þegar flokkarnir



voru að hámarki fimm. Það er áhugavert að nota þessa skilgreiningu ofan úr Hádegismóum á kannanir sem hafa birst síðustu daga. Samfylkingin mælist með rúm 20%, Píratar 14% og Viðreisn með 14%. Sjálfstæðisflokkurinn mælist með svipað fylgi og Samfylkingin. Þetta þýðir að „Samfylkingarflokkarnir“ eru með meira en helmingi meira fylgi en Sjálfstæðisflokkurinn. Spurning hvort Hádegismórar þurfi að safna saman „Sjálfstæðisflokkum“ til að eiga roð í „Samfylkingarflokkana“.

Enn af klaustri

Leiðari

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Eins og glögg má sjá á síðum helgarblaðs DV þá er fókus blaðamanna enn á Klausturmálinu svokallaða og eftirmálum þess. Það er eðlilegt enda er málið fordæmalaust með öllu í íslensku stjórnmálasögu. Eins og staðan er núna virðast allir þingmennirnir ætla að freista þess að hanga á þingsætum sínum eins og hundar á roði. Vandséð er hvort það sé skynsamlegasti leikurinn í stöðunni.

Það er eftirtektarvert að sjá þróunina á tilsvörum þingmannanna. Fyrstu viðbrögð Gunnars Braga Sveinssonar var að hlægja og gera lítið úr fyrirspurn blaðamanns DV um Klausturupptökuna. „Mér finnst það óskaplega skítlegt af þér sem fjölmiðlamanni að ætla að

fara að nýta þér það,“ sagði Gunnar Bragi þegar hann var spurður út í upptökurnar. Hljóðið í honum átti þó eftir að breytast þegar alvarleiki málsins varð honum ljós.

Og alvarleiki málsins er mikill. Þjóðin er agndofa yfir þeim orðum sem sumir þingmennirnir létu falla þetta örlagaríka kvöld. Bergþór og Gunnar Bragi voru sýnu verstir og vandséð er að þeir eigi afturkvæmt úr leyfi sínu frá Alþingi. Karl Gauti og Ólafur úr Flokki Fólksins létu fá, ef nokkur, ósæmleg orð falla þó að ummæli þeirra um leiðtogahæfileika Ingu Sæland hafi gert það að verkum að þeim var ekki vært í Flokki fólksins. Líklega lifa þeir félagarnir af út kjörtímabilið sem þingmenn þó að þeir séu verulega laskaðir.

Staða Sigmundar Davíðs og Önnu Kolbrúnar er síðan ansi flókin. Sigmundur Davíð sat lengi að sumbli með þeim Bergþóri og Gunnari Braga og lét sér vel líka

” Bergþór og Gunnar Bragi voru sýnu verstir og vandséð er að þeir eigi afturkvæmt úr leyfi sínu frá Alþingi.

groddaralegur talsmáti þeirra. Ég dreg það ekki í efa að hann hafi oft orðið vitni af grófarri talsmáta meðal annarra þingmanna. Vandamálið er að hann var gripinn í bólinu og það að benda á aðra er málsvörn sem hæfir leikskólabörnum. Enn verri voru fyrstu viðbrögð hans þar sem ábyrgðinni var varpað á Marvin, þann er tók samtali þingmannanna upp, og dregin upp langsótt samsæriskening. Höggið sem Lilja Alfreðsdóttir veitti Sigmundi og félögum hans í Miðflokknum í vikunni var þungt. Sigmundur brást við með því að koma loksins með einlæga og mannlega afsökunarbeiðni. Hann hefði þó mátt sleppa því að varpa hluta ábyrgðarinnar yfir á Lilju sjálftu. Líklega á Sigmundur Davíð eftir að þráast við í einhvern tíma en líklega er best fyrir hann og Miðflokkinn að hann stígi til hliðar. Hann getur svo freistað þess að mæta auðmjúkur til leiks í næstu

kosningum og reynt að endurnýja umboð sitt ef hugur hans stendur til þess.

Anna Kolbrún Árnadóttir, þingkona Miðflokksins, hefur síðan verið eins og lauf í vindi. Einn daginn algjörlega miður sín og íhugar afsögn en þann næsta gerði hún ekkert rangt. Það skal enginn gleyma því að Anna Kolbrún byrjaði á því að uppflema Freyju Haraldsdóttur sem „eyju“ auk þess sem hún kallaði meðal annars Oddnýju G. Harðardóttur, þingkonu Samfylkingarinnar, „ræfil“. Hún lifir í sjálfsblekkingu ef hún telur sig ekki hafa gert neitt rangt þetta kvöld.

Áhugavert verður að sjá hvernig málið þróast á næstu dögum og vikum. Vonandi verður þetta mál til þess að þjóðfélagsmæðan færast á hærra plan. Við þurfum sárlega á því að halda. ■



Ágúst Bent.

„Fyrirtækinu er bjargað!

Það eru sexmenningar að senda bækur á alla þjóðina!“

Spurning vikunnar

Hverjir af sexmenningunum á Klaustri eiga að segja af sér?



Svíf þú inn í svefninn

...í rúmi frá okkur!



Rúm, springdýnur, sængurver,
púðar, rúmteppi & gjafavara!
...við erum með þetta allt og meira til!



My//Senso

Við vorum að taka upp nýja
sendingu af ilmstrám og
ilmkertum frá Mysenso.



Íslensk
hönnun

RB rúm | Dalshrauni 8 | Hafnarfirði | Sími: 555 0397

www.rbrum.is | rum@rbrum.is | erum á [facebook](https://www.facebook.com/rbrum)

Opið alla virka daga frá kl. 09.00–18.00, laugardaga 10.00–14.00, sunnudaga lokað

Vísar í vafasöm Youtube-myndbönd á Alþingi

Varaþingmaður Miðflokksins brást ókvæða við fyrirspurn blaðamanns um heimildir fyrir málflytningu hans á Alþingi

Bjartmar Oddur Þeyr Alexandersson
bjartmar@dv.is

Eins og frægt er orðið fór Bergþór Ólason, þingmaður Miðflokksins, í leyfi í vikunni vegna Klausur málsins svokallaða. Við sæti hans á þingi tók varaþingmaðurinn Jón Þór Þorvaldsson en áður hafði hann leyst Bergþór af hólmi í október á þessu ári. Fyrsta verk Jón Þórs á Alþingi var að stíga í ræðupúlt Alþingis og krefjast umræða um yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um innflytjendur sem heitir „Global Compact for Safe Orderly and Regular Migration“. Hélt varaþingmaðurinn því fram að yfirgnæfandi hluti þjóðarinnar myndi setja spurningarmerki við þann samning ef það stæði fólki til boða að taka afstöðu til hans.

DV ákvað að kanna málið. Þegar betur er að gáð sést að ekki er um eiginlegan samning að ræða þar sem þjóðirnar sem skrifa undir yfirlýsninguna taka ekki á sig neinar lagalegar skuldbindingar og er það tekið margoft fram í yfirlýsningunni. Markmið yfirlýsingarinnar snýst um

að þjóðir heimsins séu með það sameiginlega markmið að skerpa það ferli sem fólk þarf að ganga í gegnum þegar það er að flytjast á milli landa vegna vinnu eða náms til dæmis, en um 258 milljónir manna eru innflytjendur um allan heim. Einnig er tekinn fram í yfirlýsningunni vilji þjóða að berjast gegn andúð og rasisma gagnvart innflytjendum.

Segir að fólk sem hefur aðra skoðun á yfirlýsningunni gæti sætt refsingu

Jón Þór var í viðtali í útvarpsþættinum Reykjavík síðdegis á Bylgjunni að ræða yfirlýsninguna þar sem þáttarstjórnandi hélt því fram að um bindandi samkomulag að ræða, sem það er ekki. Þar sagði Jón Þór meðal annars:

„Ég fór að rýna í plaggid og lesa mig aðeins til og fylgjast með umræðum inn í Evrópuþinginu og sá þar umræður um þessa hluti og fór þá að lesa þennan samning og hann er nokkuð langur og ítarlegur og byrjar á ágætum nótum og kannski í grunninn mann-

úðarmál. En eins og allir svona alþjóðasamningar þá er hann þannig gerður að þeir sem undir hann rita, það er enginn þvingaður til þess, en þeir sem undir hann rita þeir hins vegar gangast undir skuldbindingar og meðal annars að færa í lög í sínu heimalandi, það sem samningurinn fjallar um, eitt af því er þetta að leiða í lög þessa skipulögðu, reglubundnu fólksflutninga. Hitt er líka það að umræða síðan um þennan samning, ef hann er genginn í lög, að þá má ekki hafa skoðun á honum, þannig að einstaklingar sem hafa skoðun á honum, það varðar refsingu ef þeir hafa aðra skoðun en samningurinn kveður á um og það megi jafnvel loka fjölmiðlum sem eru þeirrar skoðunar að, eða eru að útvarpa þeirri skoðun að þetta sé ekki gott plagg.“

DV hafði samband við Jón Þór til að spyrja hann út í ræðu hans á þinginu og yfirlýsninguna sjálfa. Spurði blaðamaðurinn hann hvort

Fordómar þínir gagnvart Evrópubúum eru alveg með ólíkindum

hann hafi lesið yfirlýsninguna sjálfa og játaði hann því. Þegar hann var spurður hvaða ákvæði það væru í yfirlýsningunni sem myndi láta fólk sæta refsingu fyrir að tala gegn yfirlýsningunni eða að jafnvel yrði hægt að loka fjölmiðlum varð fátt um svör. Vísaði þingmaðurinn á Youtube-myndband sem hann sagði blaðamanni að horfa á til að hann myndi nú skilja hvað hann væri að tala um. Myndbandið sem Jón Þór sendi DV var merkt ungliðahreyfingu UKIP, en UKIP er stjórnmalaflokkur í Bretlandi sem hefur verið harðlega gagnrýndur þar í landi fyrir að ala á fordómum gagnvart útlendingum. Í myndbandinu eru fjórir þingmenn Evrópuþingsins að ræða yfirlýsninguna og segir einn þingmannanna meðal annars að með auknum fólksflutningi til Evrópu fylgi stórkostleg aukning á nauðgunum og morðum.

„Fordómar þínir gagnvart Evrópubúum eru alveg með ólíkindum“

„Ég er að biðja um umræðu. Ef þetta er svona þá getum við tekið umræðu um það, ef þetta er ekki svona þá er það bara gott mál. Það er einhver ástæða fyrir því að það er hópur þjóða sem hafa sagt

sig frá því að skrifa undir þetta,“ segir Jón Þór við DV. Meðal þeirra ríkja sem ætla ekki að skrifa undir þessa yfirlýsningu eru Pólland, Austurríki, Ungverjaland, Ísrael og Bandaríkin ásamt því að Sannir Finnar í Finnlandi og ADF í Þýskalandi hafa lýst sig gegn þessari yfirlýsningu Sameinuðu þjóðanna.

„Við erum að fara skuldbinda okkur til þess að setja lög sem uppfylla ákvæði þessa samnings,“ sagði Jón Þór. Eins og kom fram að ofan er yfirlýsingin ekki skuldbinding á neinar lagabreytingar á íslenskum lögum.

Þegar blaðamaðurinn spurði Jón Þór frekar út í myndbandið sem hann sendi, meðal annars hvort hann þekkti forsögu Evrópuþingmannanna sem töluðu á myndbandinu sem hann sendi til DV, brást hann illa við og vildi ekki svara þeirri spurningu. Ljóst var að honum var mikið niðri fyrir. „Þetta er bara ekki fagmannlegt sem þú ert að gera núna... Vegna þessa máls hjá Miðflokki þá ertu að leita í dyrum og dyngjum að öllu sem gæti verið tortryggt... Þú átt ekkert erindi með að spyrja mig um einhverja aðra hluti heldur þá sem ég hef sagt inn á Alþingi. Fordómar þínir gagnvart Evrópubúum eru alveg með ólíkindum... Viltu ekki bara gera þetta eins og þið hafið oft gert bara skálda í eyðurnar, þetta samtál verður ekki lengra.“ Þegar blaðamaðurinn spurði hvort hann mætti ekki spyrja frekar út í myndbandið sem hann sendi sagði hann: „Á ég að spyrja þig út í þetta myndband?“ ■

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN

Silnefning

1.

Metsölulisti Eymundsson
Ungmennabókur 28. nóv. – 4. des.

1. BÓKSÖLU LISTINN
Ungmennabókum 28. nóv. – 4. des.

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is



Jón Þór Þorvaldsson.

ELDBAKAÐAR
EÐAL PIZZUR
WWW.CASTELLO.IS

CASTELLO
PIZZERIA

PANTAÐU
Á NETINU

DALVEGI 2, 201 KÓPAVOGI
DALSHRAUNI 13, 220 HAFNARFIRÐI

LI-ION
technology

GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili

JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrönggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tínslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melbraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



Engin samræming í fatamálum lögreglunnar

■ Útboð í janúar klúðraðist ■ Lögreglumenn þurfa að deila fötum

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Lögreglumenn sem DV hefur rætt við eru ósáttir við hvernig staðið er að fatamálum hjá stofnuninni. Ríkislögreglustjóri á að sjá um að útvega embættunum allan vinnu- og einkennisklæðnað en enginn samningur hefur verið um nokkurt skeið um hvar eigi að kaupa öll föt. Útboð sem haldið var í janúar gekk ekki upp nema að takmörkuðu leyti og reynt verður aftur á næsta ári.

Stífar reglur eru um einkennisklæðnað lögreglumanna; hvaða föt skuli nota, hvenær og hvernig fatnaðurinn sé skráður. Þar sem samningur hefur ekki verið undirritaður þurfa lögregluembættin

sjálf að sjá um að panta klæðnað frá hinum og þessum birgjum.

Fötin slitna og nýir lögreglumenn hefja störf. Er því ekki alltaf samræmi milli fatnaðar lögreglumanna milli landshluta. Segja þeir lögreglumenn sem DV hefur rætt við að það sé eins og að reyna að komast yfir krúnudjásn drottningar að fá nýjar buxur eða skyrtu. Ástandið í fatamálunum sé hörmulegt sem stendur.

Útboðið klúðraðist

Í janúar síðastliðnum var gert útboð á lögreglufatnaði af hálfu Ríkiskaupa fyrir Ríkislögreglustjóra. Útboðið hljóðaði upp á þrjá flokka og áttu gæði fatnaðarins að vega sextíu prósent og verð fjórtíu prósent við mat hjá fata- og

búnaðarnefnd. Fimm aðilar buðu í verkið, Martex, Eyfeld, HISS, Northwear og Sjóklæðagerðin.

Jónas Ingi Pétursson, framkvæmdastjóri rekstrar hjá Ríkislögreglustjóra, segir við DV að öll tilboðin hafi verið ógild í flokki tvö. Hins vegar hafi verið ákveðið að ganga að tilboði HISS vegna einkennishúfa og annars vinnufatnaðar.

„Ný útboðslýsing hefur verið í vinnslu og var send til umsagnar til Landssambands lögreglumanna og Lögreglustjóraráfélags Íslands. Félögin skiluðu sameiginlegum athugasemdum þann 12. nóvember síðastliðinn. Þess er vænst að fata- og búnaðarnefnd Ríkislögreglustjóra, sem skipuð er fulltrúa Ríkislögreglustjóra, formanni

„Ef ekki er í gildi útboð þá er leitað tilboða og gerðar kannanir um verð og gæði

Landssambands lögreglumanna og formanni Lögreglustjóraráfélags Íslands, yfirfari athugasemdirnar og feli Ríkiskaupum að annast útboðið á fundi sínum í næstu viku.“

Engin samræming

Halldór Halldórsson, fjármálastjóri hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir að einkennisfatnaður lögreglumanna hjá embættinu sé endurnýjaður eftir þörfum hverju sinni, fyrir hvern og einn starfsmann.

„Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er með lítinn birgðalager sem afgreitt er út af til lögreglumanna og pantað inn frá birgjum eftir lagerstöðu. Skipt er við birgja í samræmi við útboð á vegum Ríkislögreglustjóra. Ef ekki er í gildi útboð þá er leitað tilboða og gerðar kannanir um verð og gæði.“

Halldór hafnar því að skortur hafi verið á fatnaði. Hann reiknar jafnframt með að þetta lagist á næsta ári og verði allur fatnaður þá keyptur samkvæmt útboði. Þá á að fara aftur í útboð vegna daglegs vinnufatnaðar.

DV ræddi einnig við Hlyn Snorrason, yfirlögregluþjón hjá lögregluembættinu á Vestfjörðum. Hann segir að töluvert langt sé síðan embættið fékk síðast búninga frá Ríkislögreglustjóra og ástandið sé slæmt. Hann segir:

„Við höfum verið að kaupa fatnað af ákveðnu fyrirtæki sem er að selja lögreglufatnað. Það er ákveðin reglugerð í gildi um hvernig þetta eigi að líta út sem við höldum okkur við. Svarti liturinn og fleira.“

Hann segir jafnframt að embættið sé ekki í samstarfi við önnur embætti varðandi samræmingu einkennisklæðnaðar. Hins vegar séu ekki margir birgjar sem geti útvegað klæðnaðinn.

Vandamál í langan tíma

Ástandið í fatamálunum er búið að vera slæmt í nokkurn tíma. Hafa lögreglumenn til dæmis þurft að deila fatnaði sínum á milli. Lögreglumenn sem DV hefur rætt við eru á einu máli um að málið strandi á Ríkislögreglustjóra. Þar sé of mikið verið að hugsa um að spara og það bitni á starfinu.

Lögreglufatnaður sé dýr en nauðsynlegt sé að hafa þessa hluti í lagi. Lágmarkskostnaður vinnufatnaðar fyrir lögreglumann var 173 þúsund krónur í fyrra. Háttíðarbúningurinn kostaði þá 207 þúsund krónur.

Í janúar síðastliðnum, um það leyti sem útboðið var, greindi Vísir frá því að nafnlaust bréf gengi á milli lögreglumanna. Í bréfinu var því haldið fram að útboðið væri sérsniðið að fyrirtækinu 66°Norður. Þeir voru hins vegar ekki meðal þeirra sem skiluðu inn tilboði í janúar. Í bréfinu má skynja mikla kaldhæðni og óánægju með fatastefnu lögreglunnar í lengri tíma. Ekki hafi verið haft samráð við lögreglumenn hvað þetta varðar. Í því stendur meðal annars:

„Ég er ekki sérfræðingur í þessum málum en ég er búinn að eyða smá tíma í að skoða þetta útboð og mér þykir líklegast að við erum að fara fá sömu gömlu 66°N löggubuxurnar sem allir elska með ásaumuðum hnéhlífum og líklegast verður Combat skyrtn okkar undir vestinu gamla powerstretch peysan okkar með léttu efni undir vestinu.“

Enn fremur:
„Ég veit að maður á ekki að segja aldrei, alltaf og enginn en ég hugsa að ég geti fullyrt að ENGUM lögreglumanni langar ALDREI aftur að klæðast þeim fatnaði sem við höfum fengið úthlutað síðustu ár.“ ■

Jólagleði á Ránni í Reykjanesbæ

JÓLAHLAÐBORD
FÖSTUDAGINN 30. NÓV. OG 7. DESEMBER
LAUGARDAGANA 1. OG 8. DESEMBER

Eyfi sér um jólastemminguna

BORÐAPANTANIR Í SÍMA: 852 2083 PANTANIR@RAIN.IS

TRAPICHE ARGENTINA

Þorláksmessu
SKATA



ÚRVALS GRÁSKATA
& ÚTVATNAÐUR SALTFISKUR FYRIR
FYRIRTÆKI, STOFNANIR, FÉLAGASAMTÖK & HÓPA



PANTIÐ TÍMALEGA
624-4022 / SALA@SAETOPPUR.IS

Hvaða leikmenn komast í besta íslenska landslið allra tíma? - Sérfræðingar velja

Hörður Snævar Jónsson
hoddi@433.is



Að velja besta landslið allra tíma getur verið flókið og aldrei verða allir sam-mála um slíkt. Guðmundur Benediktsson, gefur út bók þessi jólin og þar velur hann með-

al annars besta íslenska karla-landslið allra tíma. Liðið sem Guðmundur stillir upp er skemmtilegt en þar vantar líka marga frábæra leikmenn, enda erfitt að koma öllum fyrir þegar aðeins 11 pláss eru í liðinu. Við fengum nokkra öfluga einstaklinga til að stilla upp sínu besta landslið. Liðin litast

því af þeirri staðreynd að menn eru fæddir á mismunandi aldri og sumir tóku þá ákvörðun að velja aðeins leikmenn sem þeir fylgdust með. Einnig völdum við okkar lið en beðið var um að rökstuðningur fylgdi liðinu.

Tómas Þór Þórðarson – Íþróttafréttamaður hjá Stöð2 Fæðingarár – 1984

Breiðhytlingurinn hefur kannski ekki náð sömu hæðum og Árni Gautur á félagslíðaferlinum en á þeim 25 árum sem ég hef fylgst með landsliðinu hefur enginn verið jafnstöðugur og átt jafnmarga stórleiki og Hannes Þór. Ótrúleg saga.

Varnarlínan er með alvöru karakterum, besta varnarmaður besta íslenska landsliðs sögunnar er sjálfvalinn. Kári Árnason enn og aftur að sýna mikilvægi sitt á þessum síðustu og verstu. Kóngurinn í teignum, leiðtogi og bara einfaldlega frábær miðvörður. Miðvarðarteymið sem Ragnar Sigurðsson hefur skipað með Kára er það besta í sögunni enda hefur liðið náð sögulegum árangri. Ótrúlegar margar lykiltæklingar á lykilstundum í gegnum tíðina. Geggjáður leikmaður. Við höfum átt marga góða miðverði en Guðni Bergsson á hátindinum var ekkert eðlilega góður. Óskufljótur, sterkur, góður skallamaður og mikill leiðtogi á vellinum. Hefði auðvitað átt að spila miklu fleiri leiki.

Á miðsvæðinu verður kannski ekki mikil varist hægra megin í mínu liði en af þessum sem ég byrjaði að horfa á þegar að ég var gutti var Arnór Guðjohnsen einn af fáum í baráttuglöðu íslensku liði sem hafði svo mikinn WOW-factor. Stundum hreinlega skildi ég ekki hlutina sem hann var að gera inn á vellinum. Þetta var svo óíslenskt. Fyrirliði þjóðarinnar, Aron Einar, og besta fyrirliði sögunnar er að sjálfsögðu í mínu liði. Hefur alltaf verið mikill leiðtogi en er einnig orðinn, fyrir löngu síðan, frábær miðjumaður sem stýrir liðinu eins og herforingi. Einn allra mikilvægasti leikmaður besta landsliðs sögunnar. Ekki er hægt að sleppa þeim leikjahæsta. Rúnar, stýrði miðjunni í mjög mismunandi og stundum

ansi döprum landsliðum en sýndi alltaf gæði sín. Manni leið alltaf vel með Rúnar á boltanum sem var kannski alveg það sama og hægt var að segja um marga samherja hans. Besti landsliðsmaður sögunnar er í liðinu. Þetta er Gylfi Þór Sigurðsson. Orð eru óþörf. Jóhann Berg, einn besti sóknarleikmaður sem við höfum átt sem hefur bætt sig nánast með hverjum leik. Orðinn frábær varnarmaður sömuleiðis og einn af mikilvægustu mönnum þessa magnaða liðs okkar í dag.

Í framlínunni er ég með bestu þjóra níuna í sögunni. Raðaði inn mörkum reyndar á tiltölulega stuttu tímabili en mörkin telja í þessu og Kolbeinn gat/getur svo sannarlega skorað þau þegar að hann er í toppstandi. Með honum er Eitur Smári, besti leikmaður frá Íslandi sem ég hef séð spila fótbolta. Sá markahæsti frá upphafi og bara sá besti þegar talað er um hæfileika á þeim tíma sem ég hef horft á landsliðið.



Hörður Magnússon – Íþróttafréttamaður hjá Stöð2

Ég stilli upp í 4-4-2 kerfið, það sem hefur reynst okkar landsliði best. Hannes er í markinu, það er ekki spurning, sá besti sem við höfum átt. Í varnarlínunni er ég með öflugra sveit, Guðni var magnaður varnarmaður, fljótur og las leikinn vel. Lék mestmegnis sem miðvörður en einnig í bakverðinum. Í hjartanu er ég með Atla Eðvaldsson, ótrúlega fjölhæfan leikmann og trúlega besta skallmann sem við höfum átt. Kári er svo mikill leiðtogi og gerir aðra betri í kringum sig. Í vinstri bakverðinum er ég með manninn með risastóra hjartað og ódrepani baráttuvilja, Hermann Hreiðarsson. Á miðjunni er ég með fjóra snillinga. Toddi Örlygs var gríðarlega góður leikmaður og skoraði mikilvæg mörk. Mjög vanmetinn. Ásgeir Sigurvinsson, að mínu mati sá besti sem við höfum átt. Um Gylfa þarf ekkert að fjöl-yrða, Aron Einar er svo fyrirliði þjóðar. Í framlínunni er ég með feðga. Eitur Smára (erfitt að gera upp á milli hans og Ásgeirs Sigurvins sem þess besta) og Arnór sem var ofboðslega góður í fótbolta. Gríðarlega kröftugur.



Hörður Snævar Jónsson – Ritstóri 433.is Fæðingarár – 1990

Ég ákvað að stilla upp í 3-4-3 kerfi sem landsliðið notar ekki mikið. Með því kerfi náði ég að koma inn flestum af þeim leikmönnum sem ég hef séð með landsliðinu, og taldi eiga heima í svona liði. Ég horfði aðeins í frammistöðu með landsliðinu og þar sem ég er fæddur árið 1990 get ég ekki dæmt um það sem var í gangi áður. Ásgeir Sigurvinsson, Arnór Guðjohnsen og fleiri komu ekki til greina hjá mér en ættu líklega heima í svona liði. Tveir leikmenn koma frá gamla tímanum, þar sem lítið gekk með landsliðinu. Leikmenn sem stóðu alltaf fyrir sínu. Það sem vaðist mest fyrir mér var hvort ég ætti að hafa Birkir Bjarnason eða Alfred Finnbogason í liðinu. Að lokum valdi ég Alfred því hans framlag, þegar hann hefur fengið stórt hlutverk, hefur reynst liðinu ómetanlegt.



Magnús Már Einarsson – Ritstjóri Fótolti.net Fæðingarár – 1989

Ég mætti á minn fyrsta landsleik árið 1998 og hef mætt á nánast alla leiki síðan þá. Val mitt litast af aldri mínum, ég hef ekki séð nema smá sjónvarpsklippur úr mörgum leikjum sem voru spilaðir á síðustu öld! Sjö leikmenn í liðinu koma úr hópnum sem fór í 8-liða úrslit á EM 2016 og margir miðjumenn eru á blaði. Í vörninni eru síðan þrjú grjótharðir miðverðir.



Jólabíllinn

Færir fyrirtækjum jólin upp á borð



Jólaörfur

- Blandaðar ávaxtakörfur.
- Blandaðar ávaxtakörfur með súkkulaðisveinum og ýmsu öðru.
- Ávaxta- og ostakörfur með ýmsum blæbrigðum.



Viljið þið panta bara einu sinni?

Þá er þessi pakki tilvalinn, 8,5 kg af ávöxtum á 6.500 kr. Svo pantið þið bara aftur.



Mandarínukassar

Eitthvað ægilega jólalegt við að hafa þá uppi á borði í kaffistofunni fyrir jólin.



Epla- og mandarínukörfur með merki fyrirtækisins á öllum ávöxtum

Talsvert töff að þakka samstarfsfyrirtækjum fyrir árið með því að senda þeim svona körfur.



Veislubakkar

Ávaxta- og grænmetisveislubakkar við hvert tækifæri.



Avaxtaðu betur

www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110



GJAFÁÁSKRIFT

Vantar þig sniðuga jólagjöf?

Hvernig hljómar áskrift af sokkum?

1 eða 2 pör í 3, 6 eða 12 mánuði.

Verð frá kr. **2.970**



SMART SOCKS

www.smartsocks.is



Guðrún Dröfn Kom henni á óvart hvað upprunninn skipti miklu máli.

Guðrún Dröfn fann upprunann á verndarsvæði

■ Fjórtán ára frændi hafði frumkvæði að leit ■ Bíður ákvörðunar ættbálks

Kristinn Haukur Guðnason
Auður Ösp Guðmundsdóttir
kristinn@dv.is / audur@dv.is



Guðrún Dröfn Emilsdóttir var ættleidd við fæðingu og er 51 árs gömul í dag. Hún kynntist nýverið föðurfjölskyldu sinni í Bandaríkjunum en þau eru frumbyggjar af ættbálki sem býr á verndarsvæði í Oklahoma. Guðrún hafði aldrei ætlað sér að leita upprunans en fyrir tilstilli ungs frænda síns hófst vegferðin. Nú hefur hún heimsótt bæði systur sína og frændfólk og myndað nán og góð tengsl. Einnig hefur hún formlega sótt um innngöngu í ættbálkin og vonast eftir jákvæðri niðurstöðu í upphafi næsta árs. DV ræddi við Guðrúnu um þessa reynslu og þær tilfinningar sem hafa bærst innra með henni í öllu ferlinu.

Vel heppnuð ættleiðing

Henry Linwood Jackson hét faðir Guðrúnar, úr ættbálknum Otoe-Missouria. Í ættbálknum eru rúmlega þrjú þúsund manns, flestir búsettir í Oklahoma-fylki í Bandaríkjunum. Ættbálkurinn hefur sína eigin stjórn og sitt eigið yfirráðasvæði. Henry var sjómaður í bandaríska flotanum og kom til Íslands árið 1966. Guðrún segir:

„Hann hitti blóðmóður mína sem varð ólétt í afmælisboði í júlímánuði. Hún býr ekki lengur á Íslandi og þetta er mjög viðkvæmt fyrir hana. Hún hefur aldrei viljað tala mikið um þetta. Hún gaf mig til ættleiðingar og valdi foreldrana vel. Þegar hún var gengin um sex mánuði komst á samband með þeim. Ég er mjög þakklát fyrir það hvernig hún stóð að þessu. Hún setti til dæmis nafn föður míns á

fæðingarvottorðið sem varð lykilaatriði fyrir mig þegar ég sótti um að ganga í ættbálkin.“

Eina vandamálið var að það vantaði millinafnið Linwood. Henry Jackson er mjög algengt nafn í Bandaríkjunum. Faðir Guðrúnar gekk almennt undir nafninu Linwood og gata í landi Otoe-Missouria heitir í höfuðið á honum.

Frændi Guðrúnar hóf að leita að Henry fyrir mörgum árum síðan. Ef millinafnið hefði verið með hefði hann að öllum líkindum fundið hann miklu fyrr.

Leit óðrúvis út en önnur börn í Vesturbænum

Lengi vel hugsaði Guðrún ekki mikið út í uppruna sinn jafnvel þó að útlit hennar væri ekki áþekkt flestum Íslendingum. Guðrún var

dekkri á höfund þegar hún var yngri og enginn annar krakki í Vesturbænum leit út eins og hún. Yngri systir hennar hugsaði meira út í þetta og þær spurningar sem þær fengu um hversu ólíkar þær voru.

„Fólk kemur sjaldnast upp að manni sjálfum til að spyrja svona spurninga,“ segir Guðrún. „Það er auðveldara að spyrja einhvern annan. Í eitt skipti þegar við vorum litlar kom systir mín grátandi heim og sagði að það væri verið að stríða sér út af þessu. Hún leit upp til stóru systur sinnar og skildi ekkert í þessu. Þá settust foreldrar okkar niður með okkur og útskýrðu allt, mjög fallega.“

Þegar Guðrún var 25 ára hafði eldri bróðir hennar í móðurleggi uppi á henni. Tilvist Guðrúnar hafði verið leyndarmál í þeirri ætt. 28 ára ára komst hún í samband við

blóðmóður sína.

„Þá vissi ég hvernig þetta allt hefði atvikast og var því ekki með neinar neikvæðar tilfinningar út í blóðmóður mína. Ég var mjög þakklát henni og það gekk auðveldlega að ganga inn í kærleiksríkt samband við hana og þau öll. Krakkar sem eru gefin til ættleiðingar eru oft að burðast með mikla höfnun og hafa blöndnar tilfinningar til blóðforeldra sinna. Hjá mér var ekki búið að sverta eitt né neitt.“

Varst þú sjálf fyrir aðkasti sem barn?

„Nei, ég var ótrúlega heppin. Ég var í bekk sem var mjög samheldinn og ég átti góða vini. Ég hef alltaf verið mjög vinamörg og þetta hefur aldrei truflað mig neitt. En ég var auðvitað meðvituð um útlitið eins og allir krakkar.“

Ég gekk beint að leiðinu hennar ömmu því ég fann fyrir sterkum tengslum við hana

Fann ekki fyrir þörf til að leita

Lengi var Guðrún ekki upptekin af því að finna föður sinn og föðurfjölskylduna. Ein ástæða þess var að hún er barnlaus. Hún segir:

„Ég er mjög mikið fyrir börn en mig langaði ekki sjálfa til að eignast þau. Vegna þess fannst mér ég ekki hafa neina skyldu til að leita. Ef ég ætti börn myndi mér finnast ég hafa ríkari skyldu til að leita upprunans, fyrir þau.“

Það var Emil, þá fjórtán ára frændi Guðrúnar, sem hafði frumkvæði að því að leita. Guðrún var þá 35 ára gömul. Guðrún segir að ef það hefði ekki verið fyrir þetta frumkvæði hans þá hefði hún aldrei farið út í þetta sjálf.

„Ég fann ekki þessa þörf og var ekki á þeim stað að fara að leita sjálf. Núna þegar ég er búin að fara og gera þetta allt þá skil ég ekki af hverju ég var ekki byrjuð fyrr. Þegar þetta var byrjað áttíu ára mig á því að þetta skipti mig mjög miklu máli og það kom mér á óvart.“

Eins og þær hefðu alltaf þekkt

Emil gerði nokkrar atrennur í leit sinni. Að lokum hafði hann samband við Karen Vigneault erfðafræðing, sem sérhæfir sig í amerískum ættbálkum. Þá var tekið DNA-sýni af Guðrúnu og allt kom í ljós.

„Á þeim tíma var ég meira að hugsa um að gera þetta fyrir aðra en sjálfa mig. Láta fólk vita hversu auðvelt þetta væri í raun og veru. Á sama tíma var ákveðið að gera heimildarmynd um þetta og ég leit á þetta sem skemmtilegt verkefni og gleðiferð. En þegar ég var komin út og þetta var að raungerast fann ég hvað þetta var mikið tilfinningamál fyrir mig. Það var sérstök en góð lífsreynsla. Ég var mætt á svæðið og sá fólk mitt, fólk sem var líkt mér í útliti út um allt. Ég gat speglað mig í systur minni og kynntist strax frænku minni. Þetta skipti mig máli.“

Fyrsti ættinginn í Vesturheimi sem hún heyrði í var systir hennar, Kimberley Linebarger, búsett í Arizona. Guðrún hafði uppá henni sjálf. Það var tilfinningaþrungin samtali.

„Ég var að reyna að koma einhverjum hlutum að en það er ekki hægt í svona samtali. Ég vildi fá að vita hvort þau ættu börn, hvernig fjölskyldan væri, hvort ég ætti fleiri systkini og allt það. En svo man ég varla um hvað við töluðum.“

Síðan kom að þeirri stund að þær hittust í fyrsta sinn. Guðrún segir:

„Hann Jón Haukur, sem gerir heimildarmyndina, sagði að það væri skrytið að sjá hvað við náðum vel saman. Þetta small bara strax. Algjörlega áreynslulaust og án allrar feimni eða viðkvæmni. Það var eins og við hefðum alltaf þekkt.“



Vill komast í ættbálkinn Ýmis hlunnindi og réttur fylgir inngöngu.



Ný fjölskylda Otoe-Missouria ættbálkurinn telur rúmlega 3000 manns.



Kimberley og Guðrún Eins og þær hefðu alltaf þekkt.

Guðrún segir að sambandið milli þeirra sé ennþá jafn náið.

„Ég hringdi í hana um daginn því að hún hafði misst tengdamóður sína. Við töluðum saman fram á nótt.“

Sterk tengsl við ömmu

Kimberley þekkti ekki föður þeirra, Henry, frekar en Guðrún. Hún var mjög ung þegar foreldrar hennar skildu og hafði engin samskipti við hann eftir það. Henry var í hernum og bardist bæði í Kóreu

Ég var auðvitað meðvitað um útlitið eins og allir krakkar

og Víetnam. Kimberley bjó með móður sinni í Norður-Karólínu fylki en skilnaðurinn tók mörg ár. Guðrún og Kimberley fóru saman á verndarsvæðið í Oklahoma og hittu frænku sína, Rose, þar.

„Hún er að upplifa allt aðrar tilfinningar en ég. Hann vissi ekkert að ég væri til en hann talaði við hana í síma nokkrum sinnum þegar hún var mjög lítil.“

Hún fékk þá höfnunartilfinningu?

„Já, þetta var allt öðruvísi og mjög sorglegt því að hann átti ekki

önnur börn en okkur tvær.“

Henry lést árið 2006 og hitti því ekki aldrei dætur sínar. Hann giftist aftur seinna á lífsleiðinni en eignaðist enga fleiri afkomendur. Hjá Rose fengu þær upplýsingar um fjölskylduna.

„Ég er búin að hugsa mikið um ömmu mína, móður pabba, miklu frekar en hann. Einhverra hluta vegna fæ ég hugskot af henni. Ég sá strax á myndunum að ég væri mjög lík henni. Rose sagði að ég væri miklu líkari þeim öllum heldur en hún sjálf. Við fórum í ▶

Henry Linwood Jackson Kom til Íslands árið 1966.



kirkjugarðinn og fengum leyfi til að mynda þar. Ég gekk beint að leiðinu hennar ömmu því ég fann fyrir sterkum tengslum við hana.“

Bíður eftir ákvörðun ættbálksins

Guðrún hefur kynnt sér sögu og uppruna Otoe-Missouria ættbálksins, sem upprunalega kom frá svæðinu í kringum stóru vötn-

in í Miðvesturríkjunum. Næsta sumar ætlar Guðrún á sumarhátíð ættbálksins og taka upp meira efni fyrir heimildarmyndina sem áætlað er að sýna á kvikmyndahátíðum frumbyggja. Hún sótti einnig um formlega inngöngu í ættbálkin á grundvelli fadernisins.

Gekk það greiðlega í gegn?

„Það verður tekin ákvörðun í janúar. Sú sem tók við skrán-

ingunni, og er frænka mín, sagði mér að það væru mjög miklar líkur á því að það gengi í gegn. Ég fann það að það skipti mig máli að komast inn í þennan ættbálk. Þeir geta í sjálfu sér alveg neitað mér. Það eru engin lög sem gilda um þetta heldur aðeins þeirra ákvörðun. Ef þeir neita mér þá neita þeir sjálf-sagt Kimberley líka.“

Guðrún segir að hún hafi unnið

umsóknina mjög vandlega. Hún lét þýða öll skjöl samkvæmt kúnst-arinnar reglum og fór með þau í gegnum bæði sýslumann og ut-anríkisráðuneytið hér heima. Þar voru þau stimpluð og hafin yfir allan vafa. Inni í þeim voru upp-lýsingar um alla hennar ætt.

„Sú sem tók við skjölunum mínum hafði aldrei séð neitt þessu líkt og hún tók ljósrit af þessu öllu. Ef þau neita mér þá fer ég aftur og kref þá um útskýringar.“

Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig að fá inngöngu?

„Það eru ýmsir hlutir sem felast í því að vera tekin inn í ættbálk. Bæði hlunnindi og réttur. Til dæmis gæti ég sótt um styrki varðandi alls konar hluti ef ég myndi flytja til Ameríku. Ég gæti farið í gegnum heilbrigðiskerfið hjá þeim. Þetta er samfélag. Þetta er mjög náð samfélag. Þeir eru með fjárhagsaðstoð, ferðaaðstoð og margt fleira. Á þakkargjörð gáfu þeir öllum eldri borgurum kalkúna og allt meðlæti. Þeir sem vildu gátu fengið peninginn. Það er öryggi í þessu. Einnig er þetta ákveðin tengin við upprunann og söguna bak við fólk mitt. Ég hef áhuga á að vita miklu meira um þetta samfélag. Að vera boðin velkomin inn skiptir máli.“

Arnar- og Bjarnarkvíslin

Otoe-Missouria ættbálkurinn samanstendur af sjö ættkvíslum eða klönnum. Guðrún og Kimberley komust að því að þær tilheyra ættkvísl sem kölluð er „Eagle-clan“, eða Arnar-kvíslin. Amma hennar var hins vegar af Bjarnar-kvíslinni. Hinar kvíslirnar eru dúfur, uglur, bifrar, vísundar og hirtir.

„Karen kom með dót fyrir mig til að búa til mína eigin indjána-hálsfesti, með skeljum og fleiru sem ég gat þrætt á. Hún skildi ekki af hverju ég fór að þræða ákveðin tákn á hana af því að þau

”Að vera boðin velkomin inn skiptir máli

er ekki eitthvað sem þau gera. Öðru megin þræddi ég tvo birni á festina. Svo setti ég skjaldböku á hana sem tákn fyrir Ameríku, Ameríka er kölluð Skjaldbökukeyja. Síðan fjöður sem táknadi mig. Ég skildi þá sjálf ekki af hverju ég sétti birnina en seinna, þegar ég lærði um kvíslirnar, áttaði ég mig á því að þetta væri amma mín.“

Ísland framandi

Guðrún segir að eitt ánægjulegasta við allt þetta hafi verið að kynnst Kimberley og manni hennar Johnny. Hann var mjög drifandi í öllu ferlinu og styrkti þær systurnar.

Eru þau áhugasöm um Ísland, sem er ábyggilega mjög framandi fyrir þau?

„Já, þau eru það. Ég fór með ljósmyndabók með mér út og gaf þeim. Þau eru búin að vera að skoða þetta og eru staðráðin í að heimsækja landið. En þetta er svoldið snúið fyrir hana því hún hefur aldrei farið úr landi og er smeyk við kulda. Johnny er karatemeistari og hefur keppt um allan heim. Í Bandaríkjunum er það algengt að fólk fari aldrei úr landi. Bandaríkin eru svo stór og fjölbreytt að þú getur komist í hvaða loftslag sem er og kynnst menningarborgum innanlands.“ ■

AÐVENTUHÁTÍÐ Á GRANDA

8. DES FRÁ 11:00 – 22:00



Fjölskylduvænn dagur þar sem ungir sem aldnir geta komið í heimsókn á Granda, fengið sér gott að borða, gert glæsileg jólainnkaup og tekið þátt í gleðilegri skemmtun.

Alls kyns tilboð og fjör verður í boði. Jólasveinar mæta með glaðning fyrir börnin, músík mun óma og gómsætar kræsingar munu leika við bragðlaukana.

Ekki missa gleðinni og láttu því sjá þig.



FERÐAMAÐUR Í EIGIN LANDI

■ Lesandi heyrir fuglana syngja og finnur ilminn af gróðrinum ■ Um ást og fegurð, lofgjörð til náttúru

Kristján Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



Að einhverju leyti er ég að gerast ferðamaður í eigin landi, pakka nauðsynlegustu fötum og tölvunni ofan í tösku og keyra á bílskrjóðnum eins og leið liggur norður í Aðaldal. Þar rennur Laxá í gegnum birkivaxið hraunið og geymir ótal sögur um geimfara sem hafa veitt þarna ásamt breskum lávörðum, íslenskum bankastjórum, skapstygnum pólitíkusum og heimsfrægum poppurum.

Þetta segir Sindri Freysson þegar hann er spurður um hvert yrkisefnið sé í nýrri ljóðabók, Skuggaveiði, sem Forlagið gefur út. Sindri er margverðlaunadur og afkastamikill höfundur sem hefur sent frá sér á annan tug bóka á yfir tuttugu ára rithöfundarferli. Í Skuggaveiði tekur Sindri lesandann í ferðalag í Aðaldal þar sem föðurfjölskylda hans á jörð. Ljóðin eru myndræn og lesandinn upplifir staðinn, hlustar á fuglasöng og heyrir vatnsniðinn og stundum finnur hann ilminn af gróðrinum.

Sindri heldur áfram að útskýra fyrir blaðamanni hvernig ljóðin í bókinni urðu að veruleika:

„Það er til dæmis til mögnuð kvikmyndaupptaka af Bing Crosby standa með veiðistöng í Laxá í Aðaldal og syngja lag henni til heiðurs og manni finnst að strax á eftir muni hann taka White Christmas og taka nokkur dansspor í vöðlunum. En fyrst og fremst eru það auðvitað bændurnir í kring sem hafa þraukað þarna öldum saman, oft við þröngan kost, harðindi og barnamissi, en þó notið þess að hafa þessa matarkistu sér við hlið fulla af silungi og laxi. Í Skuggaveiði er ég kom-



Mynd úr ljóðabókinni Skuggaveiði.

inn á árbakkann, stundum með veiðistöng, stundum ekki, og er að horfa í kringum mig og kasta flugunni jöfnum höndum inn í fortíð og nútíð og framtíð,” segir Sindri.

Þetta svæði sem þú ert að yrkja um, hvað getur þú sagt mér um það?

„Föðurfjölskylda mín á jörð þarna sem heitir Hagi, ekkert stórbýli en falleg jörð og fjölbreytt í landslagi. Jörðin er nefnd í Ljósveitningasögu og þess getið að þar byggi bóndi að nafni Forni, það er á síðari hluta 10. aldar. Hagi er því fornt býli. Jörðin virðist hafa verið í einkaeign alla tíð og á einhvern furðulegan hátt gleður það mann að biskupsstólar, klaustur eða konungar virðast aldrei hafa átt þessa jörð. Það kallar fram þá tilfinningu að hún sé ómenguð af fingraförum yfirvalds og auðmagns ef svo má segja.

Langafi Sindra, Jakob, eignaðist Haga árið 1903. Segir Sindri að hann hafi stundum verið kallaður fyrsti jafnaðarmaður Íslands. Hann átti tíu börn með tveimur

„Gleður mann að biskupsstólar, klaustur eða konungar virðast aldrei hafa átt þessa jörð

konum, systur, fjóra drengi og eina stelpu með hvorri.

„Þau deildu öll þrjú sama svefnherbergi og börnin ólust upp saman án þess að velja því fyrir sér hvort þau væru fædd innan hjónabandsins eða utan þess. Ég hef séð eina ljósmynd af Jakobi með konunum sínum og hann er svolítið skömmustulegur á svipinn en samt frekar kátur. Þegar föðurafi minn varð ástfanginn af ömmu minni tveimur áratugum síðar, keypti hann fjórðung jarðarinnar af tengdaföður sínum, þar



Sindri Freysson.

sem þau bjuggu síðan alla tíð. Það var 22 ára aldursmunur á afa og ömmu og hún var nítján ára þegar þau gifta sig og hann kominn yfir fertugt,” segir Sindri.

„Hann var farkennari og hafði kennt henni eins og öðrum krökkum á bæjum í sveitinni, auk þess sem þau voru skyld í báðar ættir. Ætli þetta myndi ekki rata á síður DV í dag og yrði einhverju smáborgaralega þenkjandi fólki að hneykslunarefni. En afi og amma áttu saman fínasta líf og eignuðust átta börn sem öll komust á legg og stóðu sig vel í lífinu. Yngstur í krakkahópnum er pabbi, fæddur í seinni heimsstyrjöld. Þegar afi dó tók föðurbróðir minn við jörðinni, þá aðeins 16 ára gamall. Hin systkinin voru öll flutt í þéttbýlið og það dæmdist eiginlega á hann að taka við og reka búskapinn ásamt móður sinni. Upp úr seinustu aldamótum dreifðist eignarhaldið síðan innan fjölskyldunnar og þá hóf ég að fara þangað meira en ég hafði gert, þó að auðvitað kæmi maður þarna hvert einasta sumar sem krakki, og uppgötvaði hvað er ljúft að skrifa þarna,” segir Sindri.

„Ég vil nú ekki meina að skyldleiki afa og ömmu hafi verið til annars en kynbóta fyrir afkomendurna. Í ættinni eru mjög margir bókhneigðir og í henni er líka heilmikil listsköpun, ekki síst myndlist. Á mörgum má sjá það sem sumir kalla „Haga-glottið“, og setur sterkan svip á margt prýðisfólk úr þeirri ætt. Genetískt brot sem við getum ekkert að gert og birtist kannski ekki alltaf á réttum tíma, en er óvart svolítið stúðnislegt og mér skilst að það hafi komið ýmsum viðkvæmum sálum úr jafnvægi í gegnum tíðina. Um það segi ég bara; þrátt fyrir allar flækjurnar og harmleikina er jarðnesk tilvist okkar alltof sköpleg til að brosa ekki í kampinn þegar tækifæri gefst,” segir Sindri.

Ljóðin eru ákaflega myndræn, var það meðvitað að reyna kalla fram sterkar og ljóslifandi myndir í huga lesenda?

„Ég hugsa oft í myndum og það tengist kannski þessum myndlistargenum sem eru í fjölskyldunni. Síðan mótar maður þessa mynd eftir megni, heflar hana og slípar og reynir að búa til eins kristaltæra útgáfu og hægt er. Föðurbróðir

minn, Hringur Jóhannesson málari, sagði einhvern tímann frá því hvernig hugmyndir og verk gátu þróast hjá honum á striganum,” segir Sindri og bætir við: „Þannig málaði hann til dæmis fyrst sérkennilegan ljósgeisla sem féll á flekkóttan kött, en síðan breyttist kötturinn í fatahrúgu og loks í heysátu og þá fyrst var myndin fullgerð. Það má segja að sum ljóð kvikni með svipuðum hætti, maður fær setningu í kollinn um eitthvað, kannski stað, hlut eða stemmningu, en sú setning breytist síðan og vex og bætir við sig öðrum texta og birtist að lokum í allt öðru samhengi en maður reiknaði með í upphafi. Hugmyndirnar taka völdin af höfundu þeirra, alveg eins og lífið tekur völdin af fólki.“

Sindri bætir við að hann hafi langað að fanga og miðla fegurð og nautn, kærleika og gleði sem fylgir því að dvelja á þessum slóðum. Að lesendur skynji upplifun höfundar af staðnum og upplifi eins og þeir séu á staðnum.

„...og væru þar í núinu með mér, liggjandi á bakkanum, hlustandi á fuglinn syngja, heyra vatnskliðinn og finna ilminn af gróðrinum, og í leiðinni trúí ég þeim kannski fyrir smá leyndarmáli eða hvísla einhverju skemmtilegu að þeim,” segir Sindri. „Í ljóðabókinni í klóm dalalæðunnar sem út kom fyrir nokkrum árum var þetta svæði miðlægt ásamt sögu fjölskyldunnar, en núna má segja að bókinn sé persónulegri að því leyti að mínar eigin tilfinningar, ástín auðvitað, vefjast saman við. Þetta blandast allt vel saman, náttúra landsins og náttúra mannsins hafa ótal marga snertifleti, er allt hluti af sömu heild,” segir Sindri. „Um leið og maður lýsir væntumþykju sinni til náttúrunnar er maður að leggja áherslu á mikilvægi náttúrunnar og mikilvægi þess að vernda hana fyrir átroðslu og skemmdum. Skuggaveiði er þannig bók um ást og fegurð, lofgjörð til náttúru og staðar, bók sem veitir vonandi vellíðan hjá lesendum. Það er galdur að vera til, stöðug áskorun að finna nýja sjónvinkla á lífið og tilveruna og maður verður að hafa gaman af ferðalaginu.“ ■


**ÞÚ FÆRÐ MYNDVARPANN
HJÁ OKKUR**



FERIS

NÝJAR BÆKUR

FRÁ SÖGUFÉLAGI



III. bindi

Landsnefndin fyrri

1770–1771

„Einstök heimild um
hugsunarhátt og hagi
bænda og búaliðs“

Sölvi Sveinsson,
Morgunblaðið

Hinir útvöldu

Sagan af því þegar Ísland
varð sjálfstætt ríki árið 1918



Björn Bjarnason,
Morgunblaðið

„Skemmtileg bók sem dregur
upp skýrar augnabliksmyndir
af íslensku samfélagi á
árunum í kringum 1918.“

Stefán Pálsson
sagnfræðingur



Frjálst og fullvalda ríki

Ísland 1918–2018

„Skörp greining og
skemmtileg – höfundar í
fremstu röð. Ómissandi
fyrir þá sem vilja skilja
fullveldið.“

Ólafur P. Harðarson
stjórnmálafræðingur



Hnignun, hvaða hnignun?

Goðsögnin um
niðurlægingatímabilið
í sögu Íslands

„Bók Axels er í senn
upplýsandi og ögrandi eða
í einu orði: vekjandi“

Helgi Skúli Kjartansson
prófessor



Stund klámsins

Klám á Íslandi á tímum
kynlífsbýltingarinnar

„Frábærlega skemmtileg og
vönduð bók um efni sem tími
var kominn til að skoða“

Þórdís Gísladóttir
rithöfundur

Sögufélag, Gunnarshúsi, Dyngjuvegi 8, 104 Reykjavík
sogufelag@sogufelag.is | www.sogufelag.is
Opið mánudaga og þriðjudaga kl. 13-17

SÖGUFÉLAG



1902

Titanic Sökk í jómfrúarferð sinni.



HÖRÐ BARÁTTA UM MIKIL VERÐMÆTI ÚR FLAKI TITANIC

Ekki ljóst hvað verður um safnið

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Skór, pípa, kokkahúfa og dolla af hárgeli. Þetta virðast ekki vera merkilegir hlutir, hvað þá verðmætir og þeir voru það örugglega ekki þann 14. apríl 1912. En skömmu fyrir miðnætti það kvöld sigldi gufuskipið RMS Titanic, sem var í jómfrúarferð sinni frá Southampton á Englandi til New York í Bandaríkjunum, á stóran borgarísjaka um 600 km sunnan við Nýfundnaland. Klukkan 02.30 aðfaranótt 15. apríl sökk skipið til botns eða niður á tæplega fjögurra kílómetra dýpi. Af þeim 2.244 sem voru um bord létust 1.514. Slysið er því eitt versta sjóslys sögunnar á friðartímum og vekur enn mikla athygli og áhuga fólks. Slysið gerði það að verkum að fyrrgreindir skór, kokkahúfa, pípa og hárgelsdolla eru mjög verðmætir munir í dag.

Þrátt fyrir að frá upphafi hafi verið vitað nokkuð nákvæmlega hvar skipið sökk var ekki heiglum hent að finna flakið og margar slíkar leitartilraunir fóru út um þúfur. Það var ekki fyrr en þann 1. september 1985 sem flakið fannst loksins. Þá tókst bandaríska vísindamanninum og haffræðingnum Robert Ballard að staðsetja flakið. Hann er greinilega ekki vanur að gefast upp því fjórum árum síðar fann hann flak þýska orustuskipsins Bismarck sem var sökkst í orustu á Norður-Atlantshafi 1941 og árið 2002 fann hann flak hraðskeiða tundurskeytabátsins PT-109 sem John F. Kennedy hafði gegnt herþjónustu á. Ballard tryggði sér ekki réttinn til að bjarga

verðmætum úr flökunum og hafði ekki í hyggju að gera neitt í þá veru þar sem hann taldi grafarró eiga að ríkja við flökin.

Eftir töluverð lögfræðileg átök var rétturinn til að sækja verðmæti niður að flaki Titanic veittur bandaríska fyrirtækinu RMS Titanic Inc. sem varð síðar hluti af bandaríska fyrirtækinu Premier Exhibitions. Frá 1985 til 2004 gerði RMS Titanic Inc. út átta stóra leiðangra að flaki Titanic og tókst að ná mörg þúsund hlutum upp á yfirborðið. Hluti þeirra var seldur til safna og einkasafnara en stóru safni, um 5.500 munum, var haldið saman og hefur það verið sýnt á fjölda sýninga um allan heim, á vegum Premier Exhibitions, en um 25 milljónir manna hafa sótt þessar sýningar.

Árið 2010 var enn á ný kafað við flak Titanic en þá var markmiðið að ljósmynda flakið og leggja mat á ástand þess eftir tæp 100 ár á hafsbotni.

Safnið selt

2012 glímdi Premier Exhibitions við mikla fjárhagserfiðleika og neyddist til að selja Titanic-safnið á uppboði en dómstóll hafði úrskurðað að selja skyldi safnið í heilu lagi. Byrjunarverð á safninu var um 180 milljónir dollara. Uppboðið átti að vera þann 4. apríl 2012, 10 dögum fyrir 100 ára afmæli slyssins. En uppboðið gat ekki farið fram eins og til stóð því ættingjar þeirra sem létust í slysinu mótmæltu hástöfum og sögðu að um óhugnanlegt grafarrán væri að ræða. Uppboðinu var síðan frestað og síðar kom í ljós að enginn

Frá 1985 til 2004 gerði RMS Titanic Inc. út átta stóra leiðangra að flaki Titanic og tókst að ná mörg þúsund hlutum upp á yfirborðið

var reiðubúinn til að greiða þær 180 milljónir dollara sem Premier Exhibitions vildu að lágmarki fá fyrir safnið.

Fyrir tveimur árum var Premier Exhibitions, sem og öll dótturfyrirtæki þess, úrskurðað gjaldþrota. Skiptaréttur ákvað síðar að safnið skyldi selja í heilu lagi til hæstbjóðanda ásamt réttinum til að sækja fleiri muni í flak Titanic. Kröfuhafar í bú Premier Exhibitions höfðu krafist þess að safninu yrði skipt upp og einstakir hlutir seldir stakir en því hafnaði dómstóllinn. Eftir töluvert þras úrskurðaði bandarískur dómstóll að selja mætti safnið til hóps vogunarsjóða sem höfðu tekið sig

saman um að bjóða í það. Þeir greiddu 19,5 milljónir dollara fyrir safnið. Ef fleiri boð hefðu borist og þau hefðu náð 21,5 milljón dollara hefði verið efnt til hefðbundins uppboðs en þar sem enginn bauð þá upphæð úrskurðaði dómstóllinn að selja mætti safnið til vogunarsjóðanna.

Hópur breskra safna, þar á meðal National Maritime Museum og National Museums Northern Ireland, hafði einnig hug á að bjóða í safnið í samvinnu við Titanic Foundation Limited en féllu frá boði í það þar sem þeim tókst ekki að afla nægra fjármuna til að geta komið með lágmarksboð í safnið en það var einmitt

19,5 milljónir dollara. Ekki er enn ljóst hvað verður um safnið en talsmenn safnanna, sem hugðust bjóða í það, óttast að því verði skipt upp og munirnir því dreifast vítt og breitt og þetta einstaka safn fari því nánast forgörðum. Líklegt má telja að þessi ótti þeirra sé á rökum reistur enda eru vogunarsjóðir þekktir fyrir allt annað en að láta menningarverðmæti sitja í fyrirrúmi, markmið þeirra er aðeins eitt og það er að græða peninga. Þeir hafa því væntanlega séð sér leik á borði með því að kaupa safnið og telja sig geta selt það fyrir hærri upphæð og þannig hagnast og þá væntanlega ekki um neina smáaura. ■

Tómstundir og útivist

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is

HORNIÐ Á AKUREYRI:

Skíðin í jólapakkann

Vetur konungur er svo sannarlega mættur norður á land með tilheyrandi snjókomu og látum. „Hér á Akureyri eru skíðaiðkendur í sjöunda himni og gjörsamlega trítílóðir í að komast í brekkurnar,“ segir Sveinn Guðmundsson í útivistarversluninni Horninu á Akureyri.

Allt í skíðasportið

Í Horninu fæst bókstaflega allt til skíða- og brettaíþróttarinnar fyrir alla aldurshópa, byrjendur jafnt sem lengra komna. „Við erum með frábært úrval af svigskíðum og fjallaskíðum frá toppmerkjunum Elan og Völkl. Einnig erum við með frábær gönguskíði frá Peltonen. Svo erum við með gönguskíði og gönguskíðaskó frá Alpina, sem er jafnframt ráðandi í gönguskíðaskóm í dag. Ennfremur erum við með mjög vandaða svigskíðaskó frá Alpina, Dalbello og Salamon sem og Scarpa fjallaskíðaskó.

Þessu til viðbótar erum við með allan annan búnað sem þarf svo sem stafi, skíðahjálma, skíðagleraugu, bindingar, skíðatöskur og skíðapoka, svo fátt sé nefnt. Og að sjálfsögðu seljum við allan fatnað fyrir sportið þannig að skíðaunnendur þurfa einfaldlega ekki að leita lengra. Hér færðu allt sem þarf,“ segir Sveinn.

Klassísk jólagjöf

Skíða- eða brettabúnaður er klassísk jólagjöf og hjá Horninu fæst allt frá skíðagleraugum upp í hágæða svigskíði. „Margar fjölskyldur stunda skíðaíþróttina saman og þá er tilvalið að hlaða skíðatengdum jólagjöfum

undir jólatréð. Það hefur hvetjandi áhrif fyrir fjölskylduna að skella sér á skíði í jólafriinu og eyða þannig saman

góðum samverustundum. Þetta er svo skemmtilegt og hollt sport“ segir Sveinn.

Allt fyrir útivistina og gjafabréf

Hornið selur ekki eingöngu skíðabúnað heldur er um að ræða alhliða útivistarbúð. „Hér fást til dæmis mjög margar gerðir af gönguskóm á alla fjölskylduna, klifurbúnaður, áttavitar, reiðhjól, bakpokar, veiðibúnaður og ýmislegt annað sem freistar útivistarfríkið í fjölskyldunni. Ef þörf krefur er ekkert mál að koma og skipta út gjöfum sem henta ekki og svo fást að sjálfsögðu gjafabréf fyrir upphæðir að eigin vali,“ segir Sveinn og hvetur alla til þess að gefa útivistartengdar jólagjafir í ár.

Nánari upplýsingar má nálgast á skidasport.is og utivistogveidi.is.

Verslunin er staðsett að Kaupvangsstræti 4, 600 Akureyri

Sími: 461-1516

Netpóstur: utivistogveidi@simnet.is ■



HORNIÐ
www.utivistogveidi.is

SKÍÐASPORT.IS

alpina®



JETT QUICK SHIFT

SKY QUICK SHIFT



SPEED MAGIC POWER

INSOMNIA POWER

INTERRA POWER SHIFT

IMPHIBIO 8 POWER SHIFT

AMPHIBIO 10 TI POWER SHIFT

AMPHIBIO 16 T12 FUSION



Vinsæl og holl íþrótt

Kraftlyftingar eru vinsæl íþrótt og yfir 1.500 iðkendur íþróttarinnar eru skráðir í félagagrunn ÍSÍ. Á vissan hátt kemst meirihluti fólks í ákveðna snertingu við íþróttina vegna þess að greinarnar þrjár, bekkpressa, hnébeygja og réttstöðulyfta eru alþekktar og mikið iðkaðar í líkamsræktarsölum landsins.

Margir sem taka ástfóstri við þessar hollu og skemmtilegu æfingar ganga síðan skrefi lengra og fara að æfa íþróttina með keppni í huga. „Það er einnig svo að styrktarþjálfun kemur við sögu í nær öllum öðrum keppnisíþróttum. Sumir fara þá að keppa meira við sjálfa sig en aðrir og hafa gaman af að lyfta sífellt þyngra. Maður vill taka þetta á næsta stig. Þannig byrjaði þetta hjá mér,” segir Aron Friðrik Georgsson, stjórnarmaður í Kraftlyftingasambandi Íslands og

formaður lyftingadeildar Stjórnunnar.

Kraftlyftingar eru ein þeirra íþróttar þar sem margfalt meiri tími fer í æfingar en keppni. „Það eru bara þessar þrjár greinar í kraftlyftingum og í fullri keppni eru þrjár lyftur í hverri grein. Keppnin er því það minnsta sem maður gerir en þeim mun meiri tími og orka fara í að byggja grunninn undir þetta með stöðugri iðkun á þessum þremur æfingum og svo ýmsum hjálparæfingum,” segir Aron.

Kraftlyftingæfingarnar þrjár eru mjög viðtækar æfingar fyrir líkamann og taka á stórum vöðvahópum: „Sem dæmi þá skipta fæturnir meira máli í bekkpressu en margir gera sér grein fyrir. Fyrir lengra komna er nefnilega gott að ná sterki spyrnu í gólfíð til að halda sér stöðugum.”

Kraftlyftingæfingarnar þrjár eru mjög hollar fyrir líkamann ef réttri tækni

er beitt og með réttri tækni er hægt að forðast meiðsli og hámarka árangur sinn. Að sama skapi hefur röng tækni leitt til meiðsla hjá mörgum en afar mikilvægt er að fylgja leiðbeiningum fagmanna um þessar lyftur.

Þess má geta að Kraftlyftingasamband Íslands er sérsamband innan ÍSÍ og iðkendur gangast undir strangt lyfjæftirlit. Heilbrigði nálgun á íþróttina er ein af megináherslum sambandsins.

Kraftlyftingar í blóma og stundaðar um allt land

Hægt er að æfa kraftlyftingar í yfir 25 íþróttafélögum sem eru staðsett vítt og breitt um landið. Eins og vænta má eru þessar deildir misöflugar en margar eru á uppleið og hjá sumum er aðstaða til fyrirmyndar og margir afreksmenn í íþróttinni verða til.

Á næsta ári eru nokkur spennandi kraftlyftingamót á dagskrá en það fyrsta er hluti af Reykjavíkurleikunum, alþjóðlegt boðsmót sem fer fram í Laugardalshöll sunnudaginn 27. janúar.

„Þetta mót er á mótadagskrá alþjóðasambandsins og því geta fallið á því heimsmet. Það verða 10 keppendur í karlaflokki og jafnmargir í kvennaflokki – blanda af innlendum keppendum og erlendum gestum. Þetta er vigtarstigamót, það er að segja að reiknað er út hlutfall líkamsþyngdar keppenda og þeirra samanlagðrar þyngdar sem þeir lyfta á mótinu. Stigin eru reiknuð út frá þessu og stigahæstu keppendurnir vinna mótið,” segir Aron.

Ítarlegar upplýsingar um kraftlyftingadeildir íþróttafélaga vítt og breitt um landið og reglulega uppfærðar fréttir af kraftlyftingum og mótamálum er að finna á vefsíðunni kraft.is. ■



SUNDSKÓLI SÓLEYJAR:

Gæðastund fyrir fjölskylduna

Á nýju ári er alveg tilvalið að skella sér á sundnámskeið og hjá Sundskóla Sóleyjar er af ýmsu að taka. „Við erum með ungbarnasund, barnasund, einkatíma, skriðsundnámskeið og vatnsleikfimi fyrir fullorðna. Börn allt frá tveggja mánaða aldri og upp í tólf ára sækja einnig fjölbreytt námskeið hjá mér allt árið,” segir Sóley, eigandi sundskólans, ungbarnasundkennari og íþróttakennari. Sundskóli Sóleyjar hefur verið starfandi í 20 ár og hefur starfsemin vaxið jafnt og þétt. „Þetta er fullt starf hjá mér í dag sem er ágætt því þetta er það skemmtilegasta sem ég geri,” segir Sóley. Hjá sundskólanum starfar einnig Ragnheiður Sæmundsdóttir, ungbarnasundkennari og íþróttakennari.

Sjálfsörugg í sundi

Ungbarnasund kom til sögunnar í kringum árið 1990 og hefur lengi verið vinsælt. Að sögn Sóleyjar hefur hins vegar mesti vöxturinn undanfarið ár verið í barnasundi. Slík tómstundaiðkun barna hefur margvislega kosti fyrir utan þá að vera holl hreyfing. Til dæmis er afar gott fyrir börn að stunda sundnámskeið áður en þau fara í skólasund því það gerir þau að sterkari einstaklingum og þau verða miklu sjálfsöruggari í skólasundinu. Enn fremur eru barnanámskeiðin, sem og ungbarnasundið, sannkölluð gæðastund fyrir fjölskylduna því foreldrar eru alltaf með barninu í lauginni, nema þegar um einkakennslu er að ræða.

Mikilvægt að halda sundinu við

„Það er líka mjög mikilvægt að viðhalda kunnáttunni. Það hefur komið fyrir að ég fái til mín fólk á ungbarnanámskeið og svo kemur það aftur með barnið á barnanámskeið fjórum árum síðar. En í millitíðinni er barnið orðið vatnshrætt. Það er því mikilvægt að fjölskyldan fari reglulega í sund eða barnið haldi áfram á námskeiðum eftir ungbarnasundið,” segir Sóley.

Meiri árangur ofan í lauginni

Námskeiðin fara fram í tveimur sundlaugum, önnur er á Hrafnistu í Hafnarfirði en hin á Hrafnistu í Kópavogi. „Okkar markmið er að kenna börnum að synda í gegnum leik, þannig að þau upplifi ekki þessa hefðbundnu sundkennslu með kennarann uppi á bakkanum. Í sundkennslunni förum við Ragnheiður báðar ofan í laugina með öllum. Það á einnig við um fullorðna fólk í skriðsundinu og vatnsleikfiminna að þar er ég líka ofan í lauginni. Ég tel mig ná betri árangri með því að vera í aughæð við nemendurna, sama á hvaða aldri þeir eru, hvort sem þeir eru tveggja mánaða eða sjötíu ára,” segir Sóley.

Sundkennsla á landsbyggðinni

„Við förum einnig út á land með kennsluna okkar og bjóðum landsbyggðarbörnunum sömu þjónustu og börnunum hér í bænum. Það er svo gaman að leyfa börnunum á landsbyggðinni að upplifa ævintýrið sem ég er með í gangi í sundlauginni. Þá kennum við tvær



helgar á hverjum stað og börnin mæta tvisvar á dag í sund. Síðast í nóvember förum við til dæmis í Búðardal,” segir Sóley.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni sundskoli.is og ástæða til að hvetja foreldra til að skoða hana vel.

Þar eru mjög fróðlegar upplýsingar um námskeiðin auk þess sem hægt er að skrá sig á námskeið á vefnum. Skráning og kennsla er nú þegar hafin og ekki ekki seinna vænna að skrá sig fyrir nýja árið.

Sjá einnig Facebook-síðuna Sundskóli Sóleyjar. ■



Tennis er fyrir alla – Sveigjanleg æfingagjöld

Tennis er afar sveigjanleg íþrótt. Annars vegar er hún ein erfiðasta íþrótt heimi, þar sem á keppnisstigi reynir gífurlega á líkamlegt þol og andlegan styrk. Hins vegar er hún íþrótt sem allir geta stundað sér til mikillar ánægju. Það segir sitt um um breiddina að iðkendur íþróttarinnar í Tennishöllinni í Kópavogi eru frá fjögurra ára aldri og upp í 90 ára.

„Fólk getur spilað tennis langt fram eftir aldri vegna þess að þetta er ekki íþrótt með harðri líkamlegri snertingu líkt og til dæmis sumar boltaíþróttir. En hver og einn velur sér eðlilega mótspilara af sambærilegu getustigi og þannig eru æfingarnar okkar einnig byggðar upp hjá krökkunum,” segir Andri Jónsson, yfirþjálfari og íþróttastjóri hjá Tennishöllinni, Tennisfélagi Kópavogs, Tennisfélagi Garðabæjar og Tennisfélagi Hafnarfjarðar.

Umfram allt er tennis skemmtileg íþrótt og svo vinsæl að Tennishöllin er búin að sprengja utan af sér sitt æfingahúsnæði. Sem betur fer verður æfingaaðstaðan hins vegar stækkuð mikið snemma á næsta ári og það eru mjög spennandi tímar í vændum hjá félaginu.

„Við erum að fara að tvöfalda aðstöðuna, tökum í notkun tvo nýja tennisvelli og tvo svokallaða padelvelli. Padelvöllina verður auk þess hægt að nota sem mini-tennisvelli fyrir börnin,” segir Andri. Padel er afbrigði af tennis sem er um þessar mundir að ná vaxandi vinsældum erlendis og mun hefja innreið sína hér á nýju ári. Er þá notast við minni og þykkari spaða sem eru ekki með strengjum líkt og hefðbundnir tennisspaðar. Það er töluvert auðveldara að spila padel en hefðbundinn tennis og þetta er mjög spennandi valkostur samhliða hefðbundnu íþróttinni.

Sveigjanleg æfingagjöld: Borgað í samræmi við hvað börnin æfa mikið

Í flestum íþróttagreinum sem börn byrja að æfa hjá íþróttafélögum eru greidd föst æfingagjöld og bykir engum óeðlilegt. Sá sveigjanleiki sem tennisfélögin sem æfa í Tennishöllinni bjóða foreldrum barna sem vilja æfa tennis er hins vegar eftirtektarverður. Gjaldið fylgir þar ástundun barnsins, sem veitir mikinn sveigjanleika, því sum börn mæta einu sinni í viku á meðan önnur æfa daglega.

„Það kostar nokkra fyrirhöfn að



púsla þessu saman en það er vinna sem við tökum glöð á okkur því tennis er einstaklingsíþrótt og okkur finnst mikilvægt að mæta einstaklingnum og laga okkur að þörfum hans,” segir Andri.

Auk þess að bjóða upp á æfingar og kennslu í Tennishöllinni eru Tennisfélag Kópavogs, Tennisfélag Garðabæjar og Tennisfélag Hafnarfjarðar með tenniskennslu í fimm grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu og munu fara inn í fleiri skóla á næsta ári. Er því unnið ötullega að því að útbreidda þessa góðu íþrótt og ala upp tennisleikara framtíðarinnar á Íslandi.

Árskort, opnir tímar og námskeið

Margir möguleikar eru fyrir fulloröna þátttakendur á öllum getustigum. Hægt er að kaupa sér stakan tíma í tennishöllinni og þar er líka hægt að kaupa árskort sem er mun hagstæðari kostur. Innifalið í árskortinu eru opnir karla- og kvennatímar í hádegjunu. Einnig er hægt að skrá sig á byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið: „Við tökum við skráningum daglega á námskeið og setjum saman hvern hóp í samræmi við hvenær þeir sem skrá sig geta mætt til okkar,” segir Andri.

Nánari upplýsingar um þetta allt saman er að finna á vefsíðunni www.tennishollin.is. Þar er líka hægt að skrá sig á æfingar eða námskeið og/eða senda fyrirspurnir. Allar upplýsingar eru einnig veittar í síma 564-4060 og í gegnum netfangið tennis@tennishollin.is. ■





TAFLFÉLAG REYKJAVÍKUR:

Holl æfing fyrir hugann

Taflfélag Reykjavíkur er stærsta skákkfélag á Íslandi og hvorki meira né minna en 118 ára gamalt. „Það eru mörg skákkfélög starfandi á landinu en Taflfélag Reykjavíkur er þeirra stærst og mjög virkt í að halda bæði skákæfingar og skákmót. Félagsmenn eru á fimmta hundrað og margir hverjir mjög virkir,“ segir Kjartan Maack hjá Taflfélagi Reykjavíkur.

Holl æfing fyrir hugann

Margir af eldri félögum halda sér í góðu formi með því að tefla reglulega en það er óneitanlega mjög örvandi fyrir hugann að tefla, hvort heldur er fyrir börn eða fullorðna. Vinsældir skákípróttarinnar hafa aukist að undanförunni og er iðkendum sífellt að fjölga. „Flestir krakkarnir sem æfa hjá okkur æfa líka aðrar íþróttir. Það er mikilvægt fyrir þau að hreyfa sig reglulega samhliða skákinni og því hvetjum við okkar iðkendur til þess að stunda aðrar íþróttir. Það sem skákin hefur fram yfir margar aðrar íþróttir er hugarþjálfunin. Í skák læra iðkendur að temja sér þolinmæði, efla einbeitingu, hugsa fram í tímann, sjá fyrir hugsanlegar hindranir, setja sér markmið og gera áætlun, bregðast við hinu óvænta, taka erfiðar ákvarðanir undir pressu, læra af mistökum, fylgja reglum og bera virðingu fyrir umhverfi sínu, félögum og andstæðingum. Skákin kennir því eitt og annað sem heimfæra má á lífið sjálft,“ segir Kjartan.

Æfingahópar fyrir alla

Taflfélag Reykjavíkur er með fjölda æfingahópa og námskeið fyrir skákáhugamenn á öllum aldri og á öllum skákstigum. Manngangskennslan er kynningarnámskeið fyrir börn sem eru að taka sín fyrstu skref á skákborðinu. Námskeiðið er einu sinni í viku og er öllum krökkum frjálst að mæta og prófa. Byrjendaflokkur

er námskeið fyrir börn sem hafa lært mannganginn og geta teflt hjálparlaust. Stúlknaþópurinn er sérstaklega ætlaður til þess að kynna skákípróttina fyrir stelpum. Framhaldsflokkur er fyrir þau börn sem eru örlítið lengra komin og tefla reglulega á skákmótum. Afreks hópur er fyrir afreksfólk í skákípróttinni. Á sumrin eru svo hin sívinsælu Sumarnámskeið.

Fjöldi skákmóta

Taflfélag Reykjavíkur stendur fyrir rúmlega þrjátíu mismunandi skákviðburðum ár hvert fyrir fólk á ýmsum skákstigum. „Við höldum fjölmörg skákmót sem ætluð eru börnum eingöngu. Einnig eru mót fyrir lengra komna, afreksfólk og eldri félagi. Svo eru opin mót sem haldin eru fyrir alla þá sem vilja taka þátt. Framundan er eitt stærsta skákmót ársins, Skákþing Reykjavíkur. Mótið hefst sunnudaginn 6. janúar og er öllum velkomnið að tefla með.“

Jólaskákæfing

Framundan hjá Taflfélagi Reykjavíkur er Jólaskákæfing TR fyrir öll börn og unglínga sem stunda skák hjá félaginu og foreldra þeirra eða aðra nákomna. „Þetta er hálfgerð uppskeruhátíð eftir haustönnina og breytum við örlítið út af vananum. Þetta er fjölskylduhátíð þar sem krakkarnir tefla í liði með einhverjum nákomnum. Á eftir er boðið upp á jólahressingu, veitt verðlaun fyrir ástundun og svo verður dregið í happdrætti. Öll börn og unglíngar úr öllum skákhópum TR eru velkomnir á þessa sameiginlegu jólaskákæfingu þann 9. desember frá 13–15.30 og er um að gera að skrá sig á vefsíðunni taflfelag.is.

Taflfélag Reykjavíkur er staðsett að Faxafeni 12, 108 Reykjavík
Netfang: taflfelag@taflfelag.is
Vefur: taflfelag.is ■





Yngstu nemendurnir á fullveldistónleikum Suzukideildar.

TÓNSKÓLI SIGURSVEINS:

Glæsileg tónleikadagskrá

Í annarlök fyrir jól er mikil uppskeruhátíð í Tónskóla Sigursveins og hundruð nemenda koma fram á fjölbreyttri flóru tónleika, en alls eru haldnir um 25 tónleikar í desember. Mjög öflugt samspil er í Tónskóla Sigursveins, starfandi eru fjórar strengjasveitir, fjórar gítarsveitir, flautukór, fimm rytmasveitir og sex píanóhringekjur, fyrir utan þá kennslu sem fram fer í hóptímum í forskólanum og Suzukihóptímum. Suzukideildin hélt glæsilega fullveldistónleika 1. des. þar sem flutt var íslensk tónleikadagskrá. Á gítarsveitartónleikunum kom í fyrsta skipti fram nýstofnuð gítarsveit áhugamanna fyrir nemendur á framhaldsstigi og kennara.

Samstarf við Hólabrekkuskóla og FB

Starfsstöð Tónskóla Sigursveins í Hraunbergi 2 er beint á móti Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og Hólabrekkuskóla og þar hefur þróast náð samstarf síðustu tvö árin. Allir nemendur í 1., 2. og 7. bekk Hólabrekkuskóla hafa fengið tónlistarkennslu í Tónskóla Sigursveins og í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti hefur verið boðið upp á tvo 5 eininga tónlistaráfanga í rytmískri deild Tónskólans sem gæti orðið visir að tónlistarbraut.

Píanó Plús

Áhugasömum píanónemendum á framhaldsstigi er boðin þátttaka í námskeiðinu Píanó Plús sem boðið er upp á hálfsmánaðarlega í Tónskóla Sigursveins. Lögð er áhersla á tækni, túlkun og sviðsframkomu og nemendum alls staðar af landinu er boðin þátttaka.

Samstarf við hljómsveitir erlendis

Tónskóli Sigursveins er einnig í samstarfi við hljómsveitir erlendis, – Youth Chamber Orchestra í Filadelfíu og Jugend Symphonie Orchester Tulln í Austurríki en sú síðarnefnda hélt glæsilega tónleika í nóvember þar sem fram komu einleikarar á píanó úr Tónskóla Sigursveins og Strengjasveit Tónskólans.



Yngsta strengjasveitin í Tónskóla Sigursveins.

Sinfónihljómsveit tónlistarskólanna

Hljómsveitarnámskeið Sinfónihljómsveitar tónlistarskólanna í janúar sem lýkur með tónleikum 23. janúar í Langholtskirkju þar sem flutt verður sinfónía eftir C. Franck, Mozart-áriur og sembalkonsert. Sinfónihljómsveit tónlistarskólanna er samstarfsverkefni Tónskóla Sigursveins og tónlistarskólanna í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, – og er nemendum á framhaldsstigi á öllu landinu boðin þátttaka.

Concerto grosso – Viking Barokk

Niunda febrúar verða haldnir síðustu tónleikarnir í samnorrænu verkefni sem kallast Concerto grosso – Viking Barokk, og koma þar fram fjórar atvinnumannasveitir í barokktónlist og meira en 100 nemendur frá Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Íslandi. Sams konar tónleikar voru haldnir í Ósló og Helsinki í nóvember og í janúar verða tónleikar í Stokkhólmi. 45 nemendur úr Tónskóla Sigursveins og Tónlistarskóla Kópavogs taka þátt í tónleikum erlendis og á Íslandi bætast við um 50 yngri nemendur.



Strengjasveit Tónskólans og strengjanemendur frá Austurríki og Póllandi undir stjórn Helgu Þórarinsdóttur.

Leikskólaverkefni

Leikskólaverkefnið er árlegt samstarfsverkefni Tónskóla Sigursveins og meira en 30 leikskóla í Reykjavík og árið 2019 verða lög eftir Jóhann G. Jóhannsson á dagskrá. Lögin eru útsett fyrir söng leikskólubarnanna og litla hljóðfærahópa. Hljóðriti og nótum er dreift í leikskólana þar sem leikskólakennararnir kenna og æfa með börnunum í nokkrar vikur. Öll leikskólubörnin heimsækja Tónskóla Sigursveins í um 40

manna hópum, syngja lögin við undirleik nemenda í Tónskólanum. Lokapunktur verkefnisins er opnun Barnamenningarhátíðar í Hörpu þar sem 600 leikskólubörn og um 120 nemendur úr Tónskólanum koma fram.

Hægt er að sækja um námsvist í Tónskóla Sigursveins á heimasíðu skólans, tonskolisigursveins.is, og á rafræna.reykjavik.is.

Upplýsingar um tónleika er að finna á Facebook-síðunni Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar. ■

COERVER ICELAND:

Námskeið sem gerir góðan leikmann betri



Coerver Iceland sérhæfir sig í knattspyrnuþjálfun og er hluti af Coerver Coaching, sem var stofnað árið 1984 af Alfred Galustian og Chelsea-goðsögninni Charlie Cooke, undir áhrifum hins goðsagnakennda hollenska þjálfara, Wiel Coerver. Þjálfunin byrjaði hér á landi árið 2013 og er Heiðar Birnir Torleifsson framkvæmdastjóri og yfirþjálfari Coerver Iceland. „Við hjá Coerver erum með okkar eigin kennslu- og æfingaáætlun og í dag störfum við í 44 löndum og þjálfunin er í boði allt árið um kring,“ segir Heiðar.

Iðkendur eru á öllum aldri og frá öllum félögum. „Oftast er aldurinn nemendur í 1.–8. bekk þótt við förum alveg upp í 10. bekk. Svo vinnum við einnig með eldri leikmönnum, það er 2. flokki og leikmönnum í meistaraflokki, en það er meira einkaþjálfun og erum við þá að hjálpa leikmönnum með einhverja ákveðna þætti í þeirra leik.“ Það eru leikmenn á öllum færnistigum sem mæta og kennsluáætlunin verður því að henta öllum, þannig að allir, hvar sem þeir eru staddir með tilliti til færni, geti komið á námskeiðin og náð framförum og notið sín.

Mikilvægt að börn fái færniþjálfun

Coerver er með eigin kennsluáætlun sem var gefin út árið 1997. Vel var vandað til verks og það er enginn annar með álíka kennsluáætlun. „Fótbolti er bara skoðun og þetta er okkar skoðun,“ segir Heiðar og segir afar mikilvægt að börn fái færniþjálfun, sérstaklega undir 14 ára aldri. „Við trúum því að allir aðrir þættir leiksins byggist á grunnfærni, það er, ef hún er ekki til staðar þá komi það niður á öðrum þáttum leiksins seinna meir, svo sem taktík, einbeitingu og fleira. Allar æfingar og uppbygging æfinga eru töluvert öðruvísi en krakkarnir eru vanir. Þær eru byggðar upp þannig að allir eru með bolta. Svo eykst erfiðleikastigið og við reynum að gera æfingarnar eins líkar leiknum og mögulegt er. Allt sem þau gera og læra er í beinni tengingu við það sem þau lærðu á undan. Coerver Coaching er fyrir alla og okkar mantra og hugmyndafræði er að allir eiga skilið góða þjálfun.“

Þjálfarar sækja líka námskeið hjá Coerver

Coerver hefur einnig haldið námskeið fyrir þjálfara, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. „Við höfum haldið þjálfaranámskeið fyrir fjölmörg



félög, til dæmis Breiðablik, Viking, Akranes, Fram, Selfoss, Vestra, Fjarðabyggð og tvö námskeið fyrir KSÍ. Yfir 300 þjálfarar hafa komið á námskeið hjá okkur. Þeir hafa verið frá meistaraflokki niður í yngstu flokka; allt frá mjög reyndum þjálfurum með allar UEFA þjálfaragráðurnar, til þjálfara sem eru að stíga sín allra fyrstu skref í bransanum,“ segir Heiðar.

„Coerver Coaching er fyrir alla og til að mynda eru okkar iðkendur frá byrjendum upp í afreksmenn og allt þar á milli. Við getum sniðið okkar æfingar að þörfum hvers og eins.“

Ávinningur leikmanna:

- Leikmaður eykur leikfærni óháð leikstöðu og getu í knattspyrnu
- Leikmaður lærir færni bestu knattspyrnumanna heims
- Leikmaður eykur hraða með og án bolta
- Leikmaður nýtur fótboltans betur óháð eigin getu

Næstu námskeið Coerver Coaching eru eftirfarandi:

Mosfellsbær 14.–16. desember
Akraneshöllin 21.–23. desember
Fífan í Kópavogi 27.–29. desember
Allar skráningar fara fram á coerver.is/store

Allar frekari upplýsingar um Coerver eru á heimasíðunni: coerver.is ■



Sigurður Viðisson yfirþjálfari hjá K.R. og Heiðar Birnir Torleifsson yfirþjálfari Coerver Iceland að handssala samstarfssamning sl. okt. milli Knattspyrnudeildar K.R. og Coerver Coaching.



Við undirskrift á áframhaldandi samstarfi milli Coerver Coaching og Knattspyrnudeildar Breiðabliks: Sigurður Hliðar Rúnarsson, verkefnastjóri knattspyrnudeildar Breiðabliks og Heiðar Birnir Torleifsson, yfirþjálfari og framkvæmdastjóri Coerver Coaching á Íslandi.



Stofnendur Coerver Coaching, þeir Alfred Galustian og Charlie Cooke, ásamt bandarísku goðsögninni Kristine Lilly að taka við viðurkenningu frá Fifa á 30 ára afmæli Coerver Coaching.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS:

Spennandi alþjóðamót fyrir keppnisfólkið og skemmtileg utandeild fyrir almenning

Keila er vinsæl íþrótt og starfsemi Keilusambands Íslands er með blóma.

Æfingar í keilu eru nú sóttar í sex íþróttafélögum á landinu en æfingagjöld eru með því lægsta sem þekkist í íþróttastarfi fyrir börn og unglinga. Keiluiðkun er fyrst og fremst skemmtileg og heilbriggt tómstundagaman en fyrir þá sem vilja æfa af kappi og ná langt í íþróttinni eru spennandi viðburðir handan við hornið, meðal annars alþjóðleg mót ungmenna.

„Við höfum notið góðs af afreksstefnu stjórnvalda í íþróttum og höfum skrifað undir samning við afrekssjóð ÍSÍ. Ríkið leggur þar til nokkra fjármuni og það eru spennandi viðburðir framundan á næsta ári,“ segir Jóhann Ágúst Jóhannsson, formaður Keilusambands Íslands, og rekur helstu stórmót næsta árs:

„Evrópumót ungmenna undir 18 ára aldri verður haldið í Vín í Austurríki dagana 6. til 24. mars. Þetta er stærsta sviðið fyrir þessa krakka í keilunni til að komast á og eftir miklu að slægjast. Í júní verður síðan heimsmeistaramót karla í München í Þýskalandi. Í lok ágúst verður heimsmeistarakeppni kvenna haldin í Las Vegas.“

Heimsmeistaramót og Evrópumót eru haldin annaðhvert ár og radast upp þannig að það víxlast á karla- og kvennamót. Það eru því alþjóðleg stórmót á hverju ári og Íslendingar senda ávallt keppendur á þessi mót.

„Rúsínan í pylsuendann er síðan Norðurlandamót ungmenna sem haldið verður í Egilshöll í um miðjan nóvember. Er þetta í þriðja sinn sem mótið er haldið hérlendis,“ segir Jóhann.

Allar upplýsingar um æfingátíma einstakra félaga, æfingagjöld sem og fréttir af starfsemi almennt er að finna á vefnum kli.is og Facebook-síðunni Keilusamband Íslands

Utandeildin í keilu – hentar öllum

Utandeildin í keilu er skemmtilegur vettvangur fyrir fyrirtæki og aðra hópa. Keppt er í fjórum riðlum og keppir hver riðill einu sinni í




Ungmennalandslið Íslands á Evrópumóti ungmenna 2017

mánuði. Keppninni lýkur síðan með úrslitakeppni í vor.

„Þetta er forgjafarkeppni og allir keppendur eru jafnaðir út. Þetta þýðir að byrjandi í keilu getur komið þarna inn og átt möguleika í keppanda sem er lengra kominn. Fyrst og fremst snýst þetta um að eiga skemmtilega stund saman,“ segir Jóhann.

Nánari upplýsingar um utandeildina er einnig að finna á vefnum kli.is. ■



Stefán Claessen ÍR



Ástrós Pétursdóttir, einn fremsi kvenkeilari landsins



Þorleifur Jón Hreiðarsson



Pegar fólk kemst að því hvert starf mitt er segir það oft: „Vá! Mig hefur alltaf dreymt um að læra að syngja.“ Marga dreymir um það en láta samt ekki verða af því. Oft hefur fólk líklega á tilfinningunni að það sé nauðsynlegt að kunna að syngja áður komið er í söngtíma. En það er ekki þannig. Ég held að flestir hafi gaman af því að syngja en fólk hefur oft fyrirframgefnar hugmyndir um sönghæfileika sína og drifur sig því ekki af stað. Foreldrar hafa jafnvel haft samband við mig eftir fyrsta söngtíma barnsins og spurt: „Getur hún/hann eitthvað?“ Mér finnst þetta viðhorf ekki gefa barninu tækifæri og ég held að fullorðnir gefi sér ekki alltaf séns til að læra og njóta þess að syngja. Auðvitað höfum við fengið misjafnlega mikla hæfileika í vöggugjöf og þurfum að hafa mismikið fyrir hlutunum – engu að síður geta allir lært að syngja, við getum öll bætt okkur.“

Þetta segir Elísabet Ólafsdóttir, eða Lísa, sem rekur söngskólann Vocal-Lisa, að Hverafold 1–5, í Grafarvogi. Elísabet er söngkona og söngkennari með mikla reynslu og menntun að baki en einnig hefur hún BA-próf í sálfræði. Hluti af aðferðum hennar er að virkja sjálfstraust nemenda og fá þá til að þora að leyfa röddinni sinni að njóta sín.

„Ég fæ aldrei eins mikla gæsahúð og þegar nemendur sem eiga erfitt með að hitta á réttu tónana fara skýndilega að gera einmitt það – fátt er meira gefandi,“ segir Lísa, en kennsluáferðir hennar byggja á aðferðinni Complete Vocal Technique – CVT. Sú aðferð byggir á þeirri grunnforsendu að allir geti lært að syngja en einnig er mikil áhersla lögð

á að röddinni sé beitt á heilbrigðan hátt.“

Complete Vocal Technique er söngtækni sem þróuð hefur verið í Danmörku af Cathrine Sadolin og er byggð á yfir 30 ára rannsóknarvinnu hennar á öllum söngstílum. Í rannsóknateymi Sadolin er háls, nef- og eyrnalæknir ásamt reyndum söngvurum og kennurum.

Við erum feimin við að syngja hátt

„Við erum svo mikið inni við á Íslandi og höfum því lært snemma að nota inniröddina okkar – það er svo oft sussað okkur og okkur sagt að hafa ekki of hátt. Er það ekki? Þetta má til dæmis sjá í messusöng, þá lætur fólk nú yfirleitt lítið fyrir sér fara. Það er í það minnsta eitthvað í menningu okkar sem veldur því að við syngjum ekki hátt þegar við komum saman, ekki nema að það sé orðið mikið stuð í samkvæminu,“ segir Lísa og hlær. Hún bendir á að hlutverk hennar sem söngkennara sé ekki síst að auka sjálfstraust og fá fólk til að þora að syngja af aðeins meiri krafti en það hefur áður gert. Söngtæknin skiptir miklu máli en hugarfarið er ekki síður mikilvægt.

Í því skyni hefur hún meðal annars birt á Spotify jákvæðar staðhæfingar fyrir söngvara sem finna má undir nafni hennar, Elísabet Ólafsdóttir. Jákvæðar staðhæfingar geta verið öflugt verkfæri þegar breyta á hugarfari. Það er nauðsynlegt fara markvisst í að breyta neikvæðum hugsunum í jákvæðar, byggja upp sjálfstraust og trú á eigin getu og hæfileika. Jákvæðar staðhæfingar geta því nýst öllum sem syngja nú þegar eða langar til að að læra að syngja og njóta þess.

Jákvæðar staðhæfingar

Fyrir söngvara



Tekist á við sviðsskrekk

Elísabet Ólafsdóttir söngkennari

Sveigjanlegur kennslutími

„Mér finnst gaman að kenna öllum og þar skiptir aldur engu máli eða hvar fólk er statt tæknilega í söng. Allir hafa möguleika á að bæta sig.“

Lísa býður upp á einkakennslu fyrir alla aldurshópa, börn og fullorðna: „Ég vil gjarnan reyna að hafa tíma hjá börnum í föstum skorðum en það þarf meiri sveigjanleika hjá fullorðnum. Sumir vinna til dæmis vaktavinnu og geta augljóslega ekki alltaf mætt á sama tímanum.“

Söngtímar eru jólagjöf sem gefur lengi – sannkölluð upplifun

Á vefsíðunni vocal-lisa.com er hægt að kaupa gjafabréf í söngtíma til að gefa í jólagjöf, allt frá einu upp í 10 skipti í einkatíma ásamt tíma hljóðveri. Vart er hægt að hugsa sér betri jólagjöf fyrir þann sem þráir að syngja og bæta sönghæfni sína. Á vefsíðunni eru líka ítarlegar upplýsingar um margt sem hefur verið dregið á hér, bakgrunn Lísu, CVT-söngtæknina, söngnámskeið, verðskrá og margt fleira. Vocal-Lisa er líka með lífandi Facebook-síðu undir heitinu Vocal-Lisa. ■



BADMINTON:

Ástsæl íþrótt fyrir unga sem aldna

Flestir Íslendingar, sem hafa einhvern tíma skellt sér í útilegu og spilað badminton á lygnu sumarkvöldi í guðsgrænni náttúrunni, vita hvað það er ánægjulegt að hitta fluguna fullkomlega með tilheyrandi „boing“ hljóði. Hér á Íslandi gefst því miður ekki oft kostur á að spila badminton úti, enda sjaldan nógu lygnt, og ekki að ástæðulausu að flugan nefnist einmitt fluga. En badminton er líklega sú íþrótt sem er hvað auðveldast að komast inn í og ánetjast. „Þetta er skemmtilegt sport sem hentar fólki á öllum getustigum. Svo lengi sem þú getur hitt fluguna með spáðanum þá ertu að spila badminton,“ segir Jóhann Kjartansson, yfirþjálfari hjá TBR.

TBR var stofnað árið 1938 og þann 4. desember síðastliðinn varð félagið 80 ára og haldið var upp á áfangann með heljarinnar afmælisveislu. TBR eða Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur er staðsett að Gnoðarvogi 1. „Við erum með tvö hús í notkun. Annað húsið var byggt 1976 og eru þar fimm vellir. Árið 1987 var félagið algerlega búið að sprengja af sér litla húsið og var byggt nýtt og stærra hús með 12 völlum. Nú erum við með 17 vellir fyrir badminton,“ segir Jóhann. Með tilkomu badmintonhalla eins og húsanna í Gnoðarvogi er hægt að stunda þessa skemmtilegu íþrótt allan ársins hring, hvernig sem viðrar.

Námskeið og badmintonmót

TBR er í samstarfi við níu grunnskóla í nágrenni félagsins. „Þá bjóðum við 4. bekk grunnskólakrakka að koma til okkar á námskeiði í badminton. Þetta er gert fyrst og fremst til þess að kynna íþróttina fyrir þeim og vekja áhuga. Margir krakkar finna sig ekki í þessum hefðbundnu hópiþróttum eins og fótbolta eða handbolta, en langflestir hafa virkilega gaman að badminton,“ segir Jóhann. TBR býður upp á barna- og unglínganámskeið flesta daga vikunnar auk þess sem í boði eru kvennatímar á þriðjudags- og föstudagsmorgnum. Einnig eru



haldin badmintonmót á hverju ári. „Það eru bæði fullorðinsmót og mót fyrir börn og unglínga. Það er öllum þátttakendum frjálst að skrá sig og taka þátt í badmintonmótum en alls engin nauðsyn,“ segir Jóhann.

Skemmtileg íþrótt fyrir unga sem aldna

Margir eiga fastan tíma á velli einu sinni til tvisvar í viku og mæta 2–4 saman og spila í fyrirfram ákveðinn tíma. Einnig er hægt að leigja staka tíma fyrir þá sem stunda sportið ekki reglulega. „Það er grúpplagt fyrir vínahópa að skella sér saman í badminton í klukkutíma eða fjölskyldur að eyða tíma saman og spila þessa skemmtilegu íþrótt,“ segir Jóhann. Badminton er stórskemmtilegt fyrir unga sem aldna. „Við erum með féлага á öllum aldri, allt frá sex ára aldri upp í 89 ára sem koma hingað reglulega og spila,“ segir Jóhann.

„Þetta er töluvert frábrugðin hreyfing en að mæta í ræktina, fara út í göngutúr eða að synda. Hér komast flestir auðveldlega í mikið keppnisskap og það getur aldeilis hitnað í kolunum. Þetta er auðvitað allt í góðu og eru allir góðir vinir enda er jafn mikilvægt að kunna að tapa eins og að kunna að sigra,“ segir Jóhann.

Gnoðarvogur 1, 104 Reykjavík
Sími: 581-2266
Netfang: tbr@tbr.is
Opnunartími: Mán.–fim: 8–23,
fös: 8–22:10, lau: 9–17.30 og sun:
9–16.50 ■





Ungbarnasund og „old boys“ líkamsrækt

Ungbarnasund er eitt það fallegasta sem foreldri og barn geta upplifað saman á ævinni. Ólafur Ágúst Gíslason ungbarnasundkennari, með meiru, er með dásamleg ungbarnasundnámskeið í boði fyrir nýbakaða foreldra á Reykjalundi. „Ungbarnasund er skemmtileg leið til þess að tengjast ungbörnum sínum og auka öryggi þeirra í vatni. Í mörgum tilfellum hefur ungbarnasundið fyrirbyggjandi áhrif á vatnshræðslu. Enn fremur hjálpar það foreldrum að umgangast börnin á öruggan hátt í vatninu. Þetta er raunar eins og fyrsta líkamsrækt barnsins. Vatnið gefur öðruvísi eftir en andrúmsloftið, veldur meira viðnámi við líkamann sem orsakar meiri áreynslu fyrir barnið og eykur þá styrk barnsins og jafnvægi. Einnig örvar vatnið barnið, eykur einbeitingu og styrkir óncæmiskerfið. Útkoman er í langflestum tilfellum að barnið sefur og borðar betur og líður almennt betur. Ávinningurinn er eiginlega með ólíkindum,“ segir Ólafur.



Óskastund með fjölskyldunni

„Ég hef verið með námskeiðin í hartnær 17 ár og undantekningarlaust myndast skemmtileg stemning. Í flestum tilfellum drífur fólk sig ekki heim eftir námskeiði heldur staldrar við, fer í pottinn með börnin og spjallar saman. Mjög oft er fólk svo að koma með annað og þriðja barn í námskeiðin því það tókst svo vel með það fyrsta,“ segir Ólafur. Ungbarnasundnámskeiðin eru sannkölluð gæðastund fyrir fjölskyldur þar sem foreldrar og börn njóta samverunnar í rólegu og þægilegu andrúmslofti.

Líkamsrækt B&Ó

Garðbæingar ættu margir hverjir að kannast við Ólaf enda starfaði hann í fjöldamörg ár sem íþróttakennari í Garðaskóla í Garðabæ. Hann er menntaður íþróttakennari og kennir

námskeið við Líkamsrækt B&Ó í Ásgarði í Garðabæ. „Við erum með þetta saman, ég og Elín Birna Guðmundsdóttir, sem er íþróttakennari að mennt. Hún er einnig ungbarnasundkennari. Saman erum við með námskeið í Líkamsræktinni fyrir um 120 manns, bæði karla og konur. Birna sér um kvenannámskeiðin, en konurnar eru 60 talsins. Sjálfur er ég með líkamsræktarnámskeið fyrir um 60 karla á mjög breiðu aldursbili. Sá yngsti er fertugur og sá elsti er 82 ára,“ segir Ólafur.

„Tímarnir samanstanda af fjölbreyttum líkamsæfingum þar sem hver og einn ræður sínum hraða. Tímarnir byggjast upp á upphitun, lóðæfingum, tvímenningsæfingum eða fjölbreyttri stöðvæpjalfun í 30–35 mínútur þar sem er af ýmsu skemmtilegu að taka. Einnig er spilaður körfubolti. Karlarnir komast yfirleitt í mikið keppnisskap við það og er fátt skemmtilegra en að sjá unglíngana brjótast fram hjá þeim. Í lokin er teygt vel á og margir hverjir skella sér í lauginu, heita pottinn eða þann kalda eftir á,“ segir Ólafur.

Félagsskapurinn skiptir máli

Námskeiðin snúast ekki eingöngu um líkamlega áreynslu heldur finnst Ólafi mikilvægt að virkja félagslega þáttinn. „Það gerir þetta að miklu meira en bara líkamsrækt, 50% líkamsrækt og 50% félagsskapur. Við vorum t.d. með haustfagnað síðasta miðvikudag þar sem kom zumba-kennari sem kenndi stórskemmtileg dansspor. Síðan var farið út í Stjórnuheimili þar sem kokkur kom og eldaði fyrir okkur dýrindis máltíð. Saman áttum við öll stórskemmtilega kvöldstund. Einnig



höfum við farið saman í jeppaferðir á haustin, gönguferðir á sumrin, verið með voffagnaði og haldið helgistund í Mariuhellum í Heiðmörk á adventunni eftir um klukkustundar gönguferð. Í ár er hún á morgun, 8. desember,“ segir Ólafur.

Ungbarnasund Óla Gísla fer fram í stórglæsilegri innisundlaug endurhæfingarmiðstöðvarinnar að

Reykjalundi. Næsta námskeið byrjar 11. desember og stendur fram til 15. janúar. Líkamsrækt B&Ó er staðsett íþróttamiðstöðinni Ásgarði í Garðabæ. Nánari upplýsingar má nálgast á líkamsrækt.is (<http://likamsraekt.is/>) Sími: 847-2916 Netfang: oligisla@hotmail.com og oligisla@ungbarnasundolagisla.is ■



Aðventuljóminn eykst með hverjum tónleikum



Ljómi aðventutónleika hefur fylgt mér í rúma hálföld. Fyrst þegar ég söng sem barn með kórnum mínum í Hafnarfirði svo sem kórstjóri frá árinu 1981. Engin ljós eru skærari en góður samhljómur brosand barna og kórfólks á aðventu og jólum. Þetta er uppáhaldstíminn minn í söng og innihaldsríkir trúartextarnir næra hug minn og sál. Myrkrið verður bara að nauðsynlegri umgjörð svo allt þetta fái meiri dýpt og mótvægi," segir Margrét Pálmadóttir, kórstjóri og stofnandi Domus Vox.

Domus Vox er söngskóli og kóraheimili átta mismunandi kóra. Vox feminae og Cantabile eru kvennakórar, hvor um sig telur um fimmtíu félagar. Domusdregirnir er nýjasti kórinn, ætlaður dregjum frá sex ára til tíu ára. Kórinn tekur á móti nýjum dregjum á vorönn. Margrét Pálma, Þorsteinn Sigurðsson tenór og Jón Elisson pianóleikari eru aðalleiðbeinendur dregjakórsins.

Stúlnakóranir eru fimm talsins og tilheyra allir Stúlnakór Reykjavíkur. Elsti hópurinn er Dömkórinn AURORA ætlaður 18 ára og eldri og stjórnað af Sigríði Soffíu Hafliðadóttur. Aðrir stjórnendur stúlnanna eru þær Guðrún Árný Guðmundsdóttir og Margrét Pálma. Stúlnakór Reykjavíkur mun syngja með Sinfóníuhljómsveit Íslands á árlegum jólatónleikum hljómsveitarinnar í Eldborgarsal helgina 15. og 16. desember n.k.

Alls syngja um 250 manns í sönghúsinu Domus Vox sem jafnframt er eina sönghúsið á Íslandi í eigu kvenna- og stúlnakóra.

Aðventutónleikar 8. desember

Tímamót verða næstkomandi janúar þegar nýr kórstjóri, Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað sópran, tekur við af Margréti sem aðalstjórnandi Vox feminae. Margrét verður að sjálfsgöðu innan handar þar sem hún verður áfram listrænn stjórnandi sönghússins Domus Vox.



Þriðju aðventutónleikar hússins verða laugardaginn 8. desember kl. 17.00 í Háteigskirkju. Kvennakórinn Vox feminae flytur þar, undir stjórn Margrétar, fallega efnisskrá sem tilheyrir þessari árstíð. Einsöngvari er Hanna Björk Guðjónsdóttir sem jafnframt er deildarstjóri einsöngsdeildar Domus Vox. Hljóðfærarleikarar tónleikanna eru Arnhildur Valgarðsdóttir, Erla Rut Káradóttir, Ólöf Sesselja Óskarsdóttir og Emillía Rós Sigfúsdóttir.

Kvennakórinn Cantabile syngur svo léttu aðventudagskrá JÓL Í KÖLDU LANDI, í Hannesarholti n.k. þriðjudag 11. desember kl. 20.00 og miðar á þá tónleika fást á Tix.is.

Innritun í alla kóra og í söngnám Domus Vox er í síma 511-3737 ■




*Sancta
Maria*

Aðventutónleikar
Vox feminae

Háteigskirkju 8. desember kl. 17:00





Skautahöllin í Laugardal býður upp á skemmtilega stemningu á aðventunni og fram yfir áramót, jólatré er á miðju svellinu og jólölögín hljóma. Það er því tilvalið fyrir fjölskylduna að njóta skemmtilegra stunda saman á aðventunni og skella sér á skauta í höllinni.

Skautahöllin er fyrir alla og mjög vinsælt er að halda barnaafmæli þar, auk þess sem jólaball er haldið um miðjan desember. Æfingar fyrir börn og unglínga eru á vegum Skautafélags Reykjavíkur.

Jólaball

Þann 15. desember er jólaball í Skautahöllinni, en það er samstarf Skautahallarinnar og Skautafélagsins. Ballið er frá kl. 16.30-19.00 og kostar 1.500 kr. inn.

Afmæli

Vinsælt er að halda barnaafmæli í Skautahöllinni og verðið er hagstætt, 1.750 kr. á barn fyrir tveggja klukkustunda dagskrá ásamt pizzuveislu. Afmælistímar eru fimmtudaga kl. 17-19, laugardaga og sunnudaga kl. 13-15 og 15-17. Einnig er boðið upp á fleiri afmælistíma tengda jólaopnuninni.

Skautar eru ódýr og heilsusamleg afþreying fyrir alla fjölskylduna, verðið er 300 kr. fyrir leikskólabörn, 700 kr. fyrir börn 6-16 ára, 1.000 kr. fyrir fullorðna og frítt inn fyrir aldraða og öryrkja, skautaleiga er 500 kr. fyrir þá sem þurfa. Einnig eru hagstæðir fjölskyldupakkar í boði, 4.000 kr. fyrir fjóra með skautum.

Nýlega var sett upp nýtt loftræstikerfi í höllina, sem gerir hana mun hlýrri og þægilegri en áður fyrir gesti.

Skautahöllin í Laugardal er staðsett við Múlaveg 1, við hlið Húsdýra- og fjölskyldugarðsins. Allar upplýsingar má fá á heimasíðunni: skautaholl.is, í síma 588-9705 og á netfanginu skautaholl@skautaholl.is. ■



Opnunartímar um jól og áramót

7. desember	kl. 13:00-14:30
8. desember	kl. 13:00-17:00
9. desember	kl. 13:00-17:00
10. desember	kl. 13:00-14:30
11. desember	kl. 13:00-14:30
12. desember	kl. 13:00-14:30
13. desember	kl. 13:00-14:30 og kl. 17:00-19:30
14. desember	kl. 13:00-14:30
15. desember	kl. 13:00-16:00
15. desember	kl. 16:30-19:00 - Jólaball - Aðgangur 1500 kr.
16. desember	kl. 13:00-17:00
17. desember	kl. 13:00-14:30
18. desember	kl. 13:00-14:30
19. desember	kl. 13:00-14:30
20. desember	kl. 13:00-14:30 og kl. 17:00-19:30
21. desember	kl. 13:00-18:00
22. desember	kl. 13:00-18:00
23. desember	kl. 12:00-16:00
24. desember	lokað/closed
25. desember	lokað/closed
26. desember	kl. 13:00 - 18:00
27. desember	kl. 13:00 - 18:00
28. desember	kl. 13:00 - 18:00
29. desember	kl. 13:00 - 18:00
30. desember	kl. 13:00 - 18:00
31. desember	kl. 11:00 - 15:00
1. janúar	lokað/closed
2. janúar	kl. 13:00 - 18:00
3. janúar	kl. 13:00 - 19:30
4. janúar	kl. 13:00 - 14:30

www.fi.is

Upplifðu

íslenska náttúru



Gjafabréf FÍ

er ávísun á góða samverustund, útivist, hreyfingu og upplifun í íslenskri náttúru.

Gjafabréf FÍ gildir sem inneign í ferðir félagsins, fjalla- og hreyfiverkefni, skálagistingu, félagsaðildar eða til kaupa á miklu úrvali ferðabóka sem fást á skrifstofunni.

Hægt er að kaupa gjafabréf FÍ á heimsíðu félagsins www.fi.is og á skrifstofu FÍ Mörkinni 6.

*Tilvalin gjöf
fyrir alla
ferðafélaga
og útivistarfólk*



Skráðu þig inn – drífuðu þig út



Jólin eru komin í CrossFit Hafnarfirði

Það virðist sem annar hver Íslendingur stundi CrossFit í dag enda ekki að undra, því æfingakerfið er sniðið að því að vera fjölbreytilegt og skemmtilegt fyrir alla iðkendur. CrossFit-æfingar eru sibreytilegar virkar hreyfingar þar sem fólk ýtir, togar, lyftir, hleypur, gerir hnébeygjur og fleira af eins mikilli ákefð og viðkomandi treystir sér til. Æfingarnar er allar hægt að skala svo henti hverjum og einum, sem þýðir að nýr iðkandi og alvanur CrossFit-iðkandi geta lokið við sömu æfingu með mismundandi þyngd og ákefð. „Langflestir skala niður í byrjun og taka minni þyngdir en svo vinna þeir sig upp eftir því sem styrkur og geta er meiri,“ segir Helga Guðmundsdóttir, þjálfari, framkvæmdastjóri og eigandi CrossFit Hafnarfjarðar.

Skemmtu þér við að ná árangri
Æfingar eru sjaldnast lengri en 50-55 mínútur og því auðvelt að koma því fyrir hjá tímabundnasta fólki sem hefur sannfært sig um að hafa ekki tíma fyrir líkamsrækt. Hver einasta æfing er jafnframt frábrugðin annarri og því leiðist iðkanda aldrei á CrossFit-æfingu. „Það er alltaf góð stemning á æfingum hjá okkur í CrossFit Hafnarfirði með góðri tónlist, skemmtilegu fólki og framúrskarandi þjálfurum. Æfingar eru sniðnar til þess að stunda bæði einar og sér eða sem viðbót við þá íþrótt sem viðkomandi stundar fyrir. Hvort heldur sem er þá skila þær árangri og auka snerpu, styrk og líðleika iðkanda.“

Jólastemning í CrossFit
CrossFit Hafnarfjörður er mjög fjölskylduvæn stöð. „Hingað getur öll fjölskyldan komið til að æfa CrossFit. Við erum með barnatíma 9-12 ára og svo unglingatíma 13-16 ára. Rétt fyrir jólin núna í desember erum við með heilmikla jólastemningu á stöðinni. Til dæmis erum við með jólafjölskylduæfingu þar sem börnunum er leyft að koma og æfa með foreldrunum. Svo höldum við litlu jól eftirá með piparkökum og tilheyrandi.“

13 jólasveinar, 13 æfingar
Einnig erum við með jólapemaæfingar frá 11. des – 24.

des. Um er að ræða 13 æfingar sem heita eftir jólasveinunum og eru framkvæmdar fram að jólum. Við hverja æfingu fer nafn iðkanda í happdrættispott sem er svo dregið úr. Því oftast sem iðkandi mætir á æfingu, því fleiri mismunandi jólasveinaæfingar nær hann að taka og því meiri líkur eru á að iðkandi vinni veglegan happdrættisvinning. „Þetta gerum við til þess að hvetja iðkendur okkar að mæta á æfingu þrátt fyrir jólastressið. Það er svo gott að mæta á æfingu og fá líkamlega útrás fyrir öllu áreitinu.“

Gamlársstemning í CrossFit

„Á gamlársmorgun erum við með Bjór WoD (Workout of the Day). Bjóræfing dagsins fer þannig fram að iðkandi tekur þrjú sett af æfingum og inn á milli þarf hann að þamba einn bjór. Þeir sem ekki drekka bjór taka burpees æfingu í staðinn. Það myndast alltaf stórskemmtileg stemning á þessum æfingum og ófáir sem þurfa að skjótast út fyrir og skila bjórnum,“ segir Helga og hlær.

„Langflestir byrja hjá okkur í janúar en að sjálfsgöðu tökum við við nýjum iðkendum allan ársins hring.“

Nánari upplýsingar um skráningu má finna á cfh.is

Hvaleyrarbraut 41, 220

Hafnarfirði

Sími: 571-6905 eða 659-9599

Netfang: cfhiceland@gmail.com ■



Söngsteypan hjálpar fólki að fylgja hjartanu

Söngsteypan var stofnuð árið 2006 af Heru Björk og síðan þá hefur skólinn stækkað hægt og bílandi. Í dag eiga skólann með Heru Björk þær Aldís Fjóra og Rósa Björg, söng- og tónlistarkonur. „Það er góður slatti af söngvurum sem hefur farið í gegnum námskeiðin hjá okkur og er alltaf jafn gaman að sjá árangurinn. Það er ákveðinn fjöldi sem finnur sig vel í söngnum og uppgötvar að sig langi að halda áfram. Sumir taka fleiri námskeið, einhverjir fara í kórastarf og aðrir á fullt í það að syngja, semja og gefa út eigið efni. Það er ótrúlega gefandi að horfa upp á fólk fylgja hjartanu út í tónlistina,” segir Hera Björk.

CVT afhjúpar leyndardóma raddarinnar

Í Söngsteypunni er notast við tækni sem nefnist Complete Vocal Technique (CVT). CVT er ein útbreiddasta söngtækni í Evrópu og hefur enn fremur hlotið mikið lof á alþjóðavísu. Markmiðið er að fjalla á skýran og skilvirkan hátt um röddina og draga úr öllum leyndardómum sem hafa oft á tíðum fylgt söng og söngkenndu. Fær söngvarinn skýrar leiðir til að vinna með sína rödd, ná sínum markmiðum og finna sinn hljóð. CVT nær yfir öll möguleg hljóð og tónlistarstefnur. Rannsóknarniðurstöður CVT hafa enn fremur sýnt fram á að hægt er að framkalla grófa effekta á heilbrigðan hátt með notkun tækninnar. „Við segjum stundum að CVT sé „idiot proof“ en það þýðir í raun að allir geta nýtt sér tæknina. Það skiptir ekki máli hvort söngvarinn sé byrjandi eða lengra kominn, hvort hann syngi djass eða dauðarokk. Þetta er aðferðafræði sem hentar öllum og veitir verkfæri svo fólk geti unnið áfram með sína rödd,” segir Hera Björk.

Hópnámskeið tryggja góðan árangur

Söngsteypan heldur fjölda námskeiða sem má sækja, allt eftir áhuga hvers og eins. Námskeiðin eru hóptímar þar sem unnið er út frá einstaklingnum, getu hans og því sem þarf að bæta hverju sinni. „Við veljum oft fólk af mismunandi getustigum saman í hópa enda höfum við séð að það geta allir lært af öllum. Því ólíkari sem hópurinn er, því meira lærir fólk. Hinir lengra komnu læra því alls ekki síður af byrjendunum,” segir Hera Björk. Kennarar Söngsteypannar bjóða einnig upp á einkatíma fyrir þá sem vilja.

Fjöldi námskeiða í boði

Söngur og CVT er grunnnámskeið. CVT er kynnt fyrir nemendum og þeim leyft að máta sig við tæknina, læra að nota hana og að lokum finna sína rödd. Námskeiðið er kennt tvisvar í viku, aðra hverja viku í þrjá mánuði, alls 48 klst.



Næsta námskeið byrjar 29. janúar 2019.

Í Söngur og sjálfstraust er farið í sjálfstraust söngvarans á sviði og skerpt á því ásamt því að vinna áfram í söngróddinni. Námskeiðið er kennt tvisvar í viku, aðra hverja viku í þrjá mánuði, alls 48 klst. Næsta námskeið byrjar 5. febrúar 2019.

Samsteypan er tveggja anna nám, kennt í sjö lotum. Nemendur vinna saman að því að þróast sem tónlistarmenn, semja lög og texta, útsetja, taka upp í stúdíói, vinna í kynningarmálum, koma fram á tónleikum og fleira og fleira. „Þetta er allsherjar kynning á því hvernig tónlistarbransinn virkar. Farið er í hluti eins og frammistöðukviða og fullkonnunarárættu, hvernig maður kemur sér á framfæri á samfélagsmiðlum, regluverk varðandi útgáfu og fleira. Námskeiðið er tilvalið fyrir þá sem langar að öðlast reynslu og fá nasabefinn af því að semja og gefa út tónlist. Við höfum fengið ýmsa þekktu tónlistarmenn sem gestakennara. Meðal annars komu reynsluboltarnir Ragga Gísla, Jónas Sig. og Emiliana Torrini og sögðu reynslusögur úr bransanum. Þau voru öll uppeðruð eftir að hafa komið og sögðust hafa lært helling af nemendunum alveg eins og nemendurnir lærðu af þeim,” segir Hera Björk.

Tengslanetið

Hópstarfið hefur gefist afar vel hjá Söngsteypunni og er tengslanetið sem myndast milli nemenda ekki síður mikilvægt en hið eiginlega söngnám. „Það hafa orðið til traust vinabönd, dúettar, tríó og heilu hljómsveitirnar út frá námskeiðunum okkar og erum við ótrúlega stolt af þessu afburðarfólki,” segir Hera Björk.

Söngsteypan er staðsett að Siðumúla 29, 108 Rvk.

Sími: 649-0104 og 699-4463

Netpóstur: info@songsteypan.is

Heimasíða: www.songsteypan.is



TÓNSKÓLI HÖRPUNNAR:

Gott nám fyrir sálina



Tónskóli Hörpunnar hefur verið starfandi í Grafarvogi í hartnær 20 ár.

Skólinn sér aðallega um kennslu á grunnstigi en er þó með fáeina nemendur á miðstigi. „Hér erum við með góða tónlistarkennara sem kenna á pianó/hljómborð, fiðlu, gítar, þverflautu, klarinett, harmoniku, raf- og kontrabassa og saxófón. Svo kennum við einnig einsöng og mikkrofónsöng ásamt því að kenna tónfræði og tónheyrn. Einnig erum við með forskólakennslu fyrir hópa á blokkflautu. Á veturna hafa verið haldin kvöldnámskeið fyrir fulloröna í gítarleik með það að markmiði að geta leikið undir almennan söng,“ segir Svanhvít Sigurðardóttir, skólastjóri og kennari við skólann.

Tökum nýjum nemendum fagnandi

„Fjölmargar rannsóknir sýna fram á að þeim börnum sem stunda tónlistarnám vegnar betur í lífinu, þau eru einbeittari, skipulagðari og allajafna hamingjusamari. Tónlistarnám styrkir fólk í öllu sem það tekur sér fyrir hendur síðar meir. Það þjálfar hlustun, minni, hrynskyn, fínhyfingur og margt fleira. Svo ekki sé nefnd getan til þess að spila á hljóðfæri. Það er tjáning sem má engan veginn vanmeta.

Við höfum barist fyrir því lengi að borgaryfirvöld leiðrétti styrkjaframlag til tónskólans. Við fáum styrk fyrir um 68 nemendur en erum nú með 120 nemendur. Okkar stefna hefur alltaf verið sú að öll börn og unglingar fái tækifæri til þess að læra á hljóðfæri og því höfum við ekki vísað nemendum frá, heldur þvert á móti tekið þeim fagnandi,“ segir Svanhvít.

Tónskóli Sigursveins: Glæsileg tónleikadagskrá Kennt á mörgum stöðum

Auk þess að kenna í höfustöðvunum í Spönginni er Tónskóli Hörpunnar með kennslu í mörgum grunnskólum borgarinnar á skólatíma. Hljóðfærakennsla á vegum skólans fer nú fram í 10 grunnskólum, en þeir eru; Kelduskóli Korpa, Kelduskóli Vík, Vættaskóli Engi, Vættaskóli Borgir, Húsaskóli, Sæmundarskóli, Ártúnsskóli, Réttarholtsskóli, Háaleitisskóli Hvassaleiti og Háaleitisskóli Álftramýri.

Það er aldrei of seint að byrja

„Þótt við séum fyrst og fremst að kenna börnum á grunnskólaaldri erum við einnig með eldri nemendur. Elsti nemandinn okkar tók þátt í gítarnámskeiði og var hann 88 ára. Hann er sönnun þess að það er einfaldlega aldrei of seint að byrja að læra á hljóðfæri. Einu forsendurnar fyrir tónlistarnámi er í raun vilji. Ef fólk vill læra þá á það einfaldlega að skella sér í nám. Það er svo gott fyrir sálina,“ segir Svanhvít.

Jólatónleikar Tónskólans

Þess má geta að í næstu viku verða jólatónleikar Tónskólans haldnir í Borgum, Kirkjuseli Grafarvogskirkju í Spönginni. Þar koma fram allir nemendur skólans. Tvennir tónleikar verða haldnir á þriðjudag 11. des. kl. 17.30 og 19 og tvennir á fimmtudag 13. des. 17.30 og 19. Fritt er inn á tónleikana.

Skráning fyrir vorönn í Tónskóla Hörpunnar er hafin á vefnum rafraen.reykjavik.is

Nánari upplýsingar má nálgast á harpan.is

Skólinn er staðsettur í Spönginni 37–39, Grafarvogi
Sími: 567-0399

Vefpóstur: harpan@harpan.is ■



Góður bitti

Ábyrgðarmaður: Kolbrún Dröfn Ragnarsdóttir / kolla@dv.is Umsjón: Jóhanna María Einarsdóttir / johanna@dv.is



SUMAC:

Notaleg og suðræn stemning á aðventunni

Veitingastaðurinn Sumac, Laugavegi 28, heitir eftir djúprauðum villiberjum sem vaxa víða í Mið-Austurlöndum og við Miðjarðarhaf. Matseldin á Sumac er innblásin af seiðandi stemningu frá Beirút í Líbanon og tælandi áhrifum frá Marokkó. Á staðnum er ferskt hráefni úr íslenskri náttúru matreitt undir

áhrifum Mið-Austurlanda og á matseðlinum eru eldgrillaðir réttir með framandi kryddi.

Á barnum er Miðjarðarhafsstemning og í boði eru ferskir, fjölbreyttir og freistandi kokteilar. Á vínseðlinum blandast saman innblástur frá Evrópu, Marokkó og Líbanon.

Sumac er kjörinn staður

til að hafa það notalegt á á aðventunni og fá í leiðinni Miðjarðarhafshita í sálina. Borðapantanir eru á heimasíðunni sumac.is og í síma 537-9900. Einnig er kjörið að gefa gjafakort frá Sumac í jólapakkann en þau er hægt að kaupa á sumac.is eða á staðnum, að Laugavegi 28. ■



sumac

JÓLAMATSEÐILL SUMAC
KRYDDAÐU UPP Á JÓLIN Á
SUMAC Í 7 RÉTTA JÓLAMATSEÐLI

Grillað flatbrauð za'atar

Hummus + paprikukrem

Bleikja

Klettasalát + fíkjur + jógúrt

Berbere kjúklingalifrarparfait

Frækk + Kirsuberja eldþrappasulta

Grillaður skötuselur

Reyktur eldþráur + epli + vatnakarís

Bakaðar Gulrætur

Sesamfræ + bygg + kanill

Confit nautabrést

Kjúklingabaunir + sveppir + Ras el hanout

Eftirréttar prenna Sumac

Kardíamommu ís + brisgrjóna búðingur + gjáður ananas yfir kolagrillinu

8900 kr. á mann





MATARKJALLARINN:

Einstök matarupplifun á aðventunni

Matarkjallarinn, sem staðsettur er í Grófinni í hjarta miðbæjarins, býður upp á tvo matseðla fyrir jólin, til viðbótar við hefðbundinn matseðil.

Upplifðu jólin er fjögurra rétta matseðill, sem býður upp á grillaða rjúpu og hægeldaða gæs, malt- og appelsínugrafinn lax, gljád lambafillet og hvítt súkkulaði og jarðarber í eftirrétt. Hægt er að panta seðilinn með sérvöldum vínunum.

„Rjúpan fellur sérstaklega vel í kramið hjá gestum okkar,“ segir Valtýr Bergmann yfirþjónn Matarkjallarans.

Jólaleyndarmál Matarkjallarans er svo sex rétta matseðill að hætti kokksins og þann seðil er einnig hægt að panta með sérvöldum vínunum.

„Flestir réttanna eru líka á la carte seðlinum,“ segir Valtýr, „ef að fólk kys frekar að velja sér af honum.“

Gjafabréf er frábær jólagjöf

„Gjafabréf Matarkjallarans er fullkomin jólagjöf og tilvalin fyrir þá sem vita ekki hvað þeir eiga að gefa í jólagjöf,“ segir Valtýr. Gjafabréfin geta verið fyrir hvaða upphæð sem er, eða einhvern af samsettu matseðlunum sem gefandinn velur. Gjafabréf sem keypt eru fyrir jól eru á 15% afslætti og gilda frá 26. desember.

Öll kvöld vikunnar er spilað á flygilinn okkar sem er Bösendorfer frá 1890. „Það verður að nýta hljóðfærið,“ segir Valtýr og brosir. Það eru tveir sem skiptast á að spila á flygilinn hjá okkur; Steindór Dan Jensen og Guðmundur Reynir Gunnarsson (Mummi).

Matarkjallarinn er í Aðalstræti 2 og bordapantanir eru í síma 558 0000 eða á heimasíðu staðarins. Matarkjallarinn er líka á Facebook.

Opið er í hádeginu alla virka daga frá kl. 11.30–15.00 og kl. 17.00–23.00 öll kvöld vikunnar. ■



Shanghai, Reykjavíkurvegi 74 opnar 5. desember

Kvöldverðarhlaðborð

Glæsilegt kvöldverðarhlaðborð alla daga vikunnar

*Frábær upplifun í mat og drykk og einstakt
tækifæri til að kynnast kínverskri matargerðarlist*



Verð aðeins kr. 3.990,- 13 ára og yngri kr. 1.500,-

Meðal réttar: Sushi, barbeque, salat, dessert, kaffi og te

Loksins gefst tækifæri til að bragða á hinum þekktu Tsingtao

Um Tsingtao bjórinn

Bjórverksmiðja Tsingtao var stofnuð árið 1903 í Kína af Þjóðverjum og Bretum.

Upphaflega hét fyrirtækið Germanska bjórgerðin í Qingtao, og er elsta bjórverksmiðjan í Kína og hefur verið starfrækt í 115 ár. Merkið er á lista þeirra 500 þekktustu bjórmerkin, og er með fimmtu mestu ársframleiðslu í heiminum. Tsingtao-bjór er fluttur út til yfir 100 landa, þar á meðal Bandaríkjunum, Englandi, Frakklandi og Kanada.



Reykjavíkurvegi 74, sími 517-9688 | sjanghae.is
facebook.com/sjanghae

CARUSO:

Jólastemning engri lík

Veitingastaðurinn Caruso ætti ekki að hafa farið fram hjá neinum, enda afar vinsæll og virtur veitingastaður í höfuðborginni. Caruso hefur verið rekinn af hjónunum José Garcia og Þrúði Sjöfn Sigurðardóttur í fimmtán ár og hafa þau ætíð lagt mikið upp úr góðu og fersku hráefni og ljúffengum mat með Miðjarðarhafsívafi.

Kósýkvöld með Eyfa á Caruso

Okkar ástsæli söngvari og listamaður Eyjólfur „Eyfi“ Kristjánsson leikur og syngur íslenskar dægurperlur á meðan tónleikagestir njóta ljúffengrar þriggja rétta máltíðar. Kósýkvöldin verða fimmtudagskvöldin 13. desember á Caruso í Austurstræti og 20. desember á Caruso Harbor. Matseðillinn er ekki af verri endanum og munu kokkar Caruso framreiða guðdómlegar súpur, ljúffenga kjöt- og fiskrétti og dýrindis eftirrétti af sinni einstöku list. „Þetta verður sannkölluð jólastund og stemningin verður einstaklega skemmtileg og notaleg,“ segir Jose.

Sögulegt húsnæði

Annars vegar er Caruso staðsettur í Austurstræti í fallegu húsi sem var upphaflega byggt árið 1801, eyðilagðist í eldsvoða árið 2007 og var svo endurreist. Andrúmsloftið er afar rómantískt og á Caruso er hægt að ganga að góðum mat, hlýlegri þjónustu og huggulegu andrúmslofti og þess vegna koma gestirnir aftur og aftur. „Það er hálfpartinn eins og húsnæðið umvefji mann og staðsetningin er náttúrlega frábær,“ segir Jose.

Útsýni yfir höfnina

Caruso Harbor er hins vegar staðsettur á gamla hafnarbakkanum í glæsilegu húsnæði. „Húsið heitir Sólfell og var byggt árið 1921 af Th. Thorsteinsson fyrir saltfisksverkun. Saga hússins, dásamlegt útsýni yfir höfnina og notalegt andrúmsloft

skapar ógleymanlega upplifun hjá gestum okkar,“ segir Jose.

Caruso, Austurstræti 22, 101 Reykjavík
caruso.is/home/
 Sími: 562-7335
 Tölvupóstur: caruso@caruso.is
 Opnunartími:
 Mán.–fim: 11.30–22.30, fös:
 11.30–23.30, lau: 12–23.30 og sun:
 17–22.30

Caruso Harbor, Ægisgarði 2, 101 Reykjavík
caruso.is/vidhofnina/
 Sími: 512-8181
 Tölvupóstur: carusoharbor@caruso.is

Opnunartími: Mán.–fim: 11.30–22, fös.–lau: 11.30–23.30 og sun: 12–22
 Nánari upplýsingar má nálgast á Facebook-síðu staðarins. ■



Kósýkvöldin með Eyfa á Caruso fagna nú tíunda árinu.

Eyjólfur „Eyfi“ Kristjánsson leikur og syngur íslenskar og erlendar dægurperlur meðan tónleikagestir njóta ljúffengrar þriggja rétta máltíðar á okkar notalegu efri hæðum á Caruso Austurstræti og Caruso „Harbor“ við höfnina. Jólastemning engri lík.



Kósýkvöldin verða eftirtalin fimmtudagskvöld:
 13. desember Caruso Austurstræti
 20. desember Caruso Harbor

RISTORANTE
Caruso
 AUSTURSTRÆTI 22
 Borðapantanir í síma 5627335
Caruso.Austurstræti.22@caruso.is

RISTORANTE
Caruso
 HARBOR
 Borðapantanir í síma 512 8181
 Caruso Harbor Ægisgarður 2
carusoharbor@caruso.is

KÓSÝMATSEÐILL verð kr. 8.990 -

Forréttir

Humarsúpa að hætti Caruso
 Humar, rjómi

Nauta Carpaccio
 Rucola, parmesan, sitrusolía

Sniglar
 Ofbakaðir sniglar með hvítlaukssmjöri

Aðalréttir

Sjávarréttarisotta
 Tigrisrækja, smokkfiskur, bláskel, hvítlauksristaðir humarholar

Ofsteiktur lax
 Spinat og svepparisotta, salsa verða, fennelsalat

Grilluð lambakóróna
 Ofsteikt grænmeti, kartöflumús, rauðvinnsósa

Glóðarsteikt nautalund
 Ofsteikt grænmeti, bokuð kartöfla, grænpiparsósa

Eftirréttir / Desserts

Fljótandi súkkulaðikaka með vanillús
 Crème brûlée



BAN KÚNN:

Ferskur tælenskur matur frá hjartanu

Hér hefur verið mikið að gera frá fyrsta degi og fólk hefur tekið okkur enn betur en ég þorði að vona. Fyrst kom fólk úr hverfinu en svo fór þetta að berast og núna kemur hingað fólk allsstaðar að. Við fáum meira að segja pantanir frá erlendum ferðaskrifstofum,” segir Svavar G. Jónsson hjá Ban Kúnn.

Notalegt andrúmsloft og hagstæð tilboð

Ban Kúnn þýðir „heima hjá þér“ á tælensku en þannig líður manni þegar maður gengur þangað inn. Hádegis- og kvöldverðartilboðið er vinsælt hjá gestum staðarins. Sex réttir eru í borðinu og má velja þrjá rétti á diskinn. „Við breytum daglega um rétti og því er alltaf eitthvað nýtt í borðinu. Í hádeginu kosta herlegheitin 1.990 kr. en á kvöldin 2.200 kr. þegar tekið er með sér, sem hlýtur að teljast afar hagstætt verð fyrir svo góðan mat,” segir Svavar.

Karri er ekki bara karri!

Natthawat segir kryddin vera stóran þátt í tælenskri matargerð og þau verði að nota rétt. „Hér áður þekktu Íslendingar víst bara eina tegund af karri, það er gult karri eða indverskt karri. En það eru til óteljandi karritegundir í heiminum og á Ban Kúnn erum við með svo margar tegundir að við segjum stundum við kúnnann þegar hann biður um karri: „Karri og karri er alls ekki það sama og karri,” segir Natthawat kíminn.

Ferskleikinn í fyrirrúmi

„Kryddin eru líka mjög mismunandi, sumt er þurrft duft, annað er eins og mauk líkt og karrimauk. Svo notum við líka ferskar kryddjurtir þó það geti verið erfitt að fá þær. Í tælenskri matargerð er mikilvægt að allt hráefnið sé eins ferskt og hægt er og við notum t.d. aldrei frosið grænmeti. Við notum mikið ferskt grænmeti, kjúkling, svinakjöt, nautakjöt og fisk í réttina. Hráefnið verður allt að standast strangar gæðakröfur sem ég fylgist mjög



vel með,” segir Natthawat. „En það sem er best við matinn hjá okkur er að við eldum hann frá hjartanu. Sumir elda bara og leggja ekkert í eldamenskuna. Að elda mat er að gefa hluta af sjálfum sér, þess vegna verður maður að gera það vel.”

Ekta tælenskur matur – eins og í Tælandi

„Auk tilboðanna erum við með 25 rétti á matseðli og nokkrir þeirra eru grænmetisréttir. Annars er hægt að gera flesta réttina að grænmetisréttum eða jafnvel vegan ef vill. Fyrir utan það getum við eldað ótal marga sértælenska rétti. Fólk getur því komið hingað og beðið okkur um að sérela uppáhalds tælenska réttinn sinn. Hér leggjum við áherslu á að hafa réttina upprunalega, nákvæmlega eins og ef staðurinn væri í Tælandi,” segir Svavar.

Uppskrift sem hefur gengið í ættir

„Pad Thai er vinsælasti rétturinn á matseðlinum. Hann inniheldur hrísgrjónanúðlur, grænmeti, kjöt eða rækjur, og síðan er það leyndarmálið sem allir alvöru tælenskir veitingastaðir verða að hafa – en það er sósan,” segir Svavar. Sósan í réttinum þykir einstök. Uppskriftin kemur frá langömmu eiginmannsins, Natthawat, en fjölskylda hans hefur stundað veitingarekstur í Tælandi man fram af manni.

Ban Kúnn er staðsettur að Tjarnarvöllum 15, Hafnarfirði.

Opnunartímar: Virka daga 11–21 og helgar (og aðrir fridagar) 17–21.

Sjá nánar á Facebook-síðunni Ban Kúnn. ■





ÍSLENSKUR HEIMILISMATUR EFTIR VIGT:

Girnilegir réttir á hagstæðu verði

Halldór Þórhallsson matreiðslumaður hefur um árabíl verið eitt af kennileitum Mjóddarinnar í Breiðholti þar sem hann hefur síðan 1996 rekið hina vinsælu matsölu Hjá Dóra.

„Hjá okkur ríkir notalegt andrúmsloft með allt að því heimilislegum blæ. Matsalan nýtur mikilla og stöðugra vinsælda enda vinn ég eingöngu með gott hráefni og legg áherslu á bragðgóðan mat fyrir hagstætt verð, en selt er eftir vigt og meðalverð á máltíð er um 1.400,“ segir Dóri, en fyrir þá upphæð er hægt að fá myndarlegan skammt af frábærum íslenskum heimilismat.

Allir réttir eldaðir á staðnum

„Þótt hér í hádeginu verði oft myndarleg röð svangra viðskiptavina þá gengur þjónustan

hratt og vel fyrir sig. Því hikar fólk ekki við að bíða smá stund þar sem það veit sem er; að maturinn er gómsætur og það bregst aldrei. Ég er líka með einvala starfslið sem hefur verið lengi hjá mér,“ upplýsir Dóri glaður í bragði.

Veitingamaðurinn bendir á að viðskiptavinirnir geti ávallt gengið að sex réttum vísum. „Hér er á hverjum degi djúpsteikt ýsa, kjúklingur, kjötbollur, steikt lambalæri, svínahryggur með puru og rifjasteik með puru. Við erum líka alltaf með tvo aðra rétti, sem eru mismunandi eftir dögum, t.d. lasanja, svínasnitset og fiskibollur. Á föstudögum er ég oftast með hamborgarhrygg og snitset með tilheyrandi,“ segir hann.

Fastur punktur í tilverunni

„Viðskiptavinir mínir líta á það sem kost að hér breytist fátt í gegnum

árin. Þeir vilja hafa þetta óbreytt og geta gengið að gamla góða íslenska heimilismatnum vísum. Það eru þúsund veitingastaðir í Reykjavík og fjölbreytnin gífurleg en í þessari flóru er Hjá Dóra fastur punktur í tilverunni hjá mörgum,“ segir Dóri.

„Í salnum eru sæti fyrir 35 manns og er margsetið við þau í hádeginu. Vinnuhópar og iðnaðarmenn borða hér í stórum stíl og einnig fólk úr fyrirtækjunum í kring auk þess sem ýmsir sem eiga erindi í Mjóddina koma við hjá okkur og fá sér gjarnan í svanginn. Þetta breytist aðeins þegar liður á daginn en á þeim tíma kemur fólk oft við og kaupir mat til þess að hafa með sér heim. Það er einmitt mikið um það á föstudögum þegar fólk er lúði eftir vinnuvíkuna – þá

finnst því gott að koma við hjá mér og kaupa tilbúinn, bragðgóðan rétt til að taka með sér heim, henda síðan bakkanum og byrja helgina.“

Dóri segir að algengt sé að eldri borgarar kaupir mat hjá honum og einnig þeir sem búa einir.

„Fólk sér hagkvæmnina og tilbreytinguna í því að kaupa heitan, tilbúinn mat. Auk þess sem það sparar mörgum bæði fyrirhöfn og tíma,“ segir veitingamaðurinn vinsæli.

Hjá Dóra

Þönglabakki 1 – Mjóddinni. Opíð er virka daga 11.30–13.30 og svo seinnipartinn frá 17.00–19.00. Lokað er um helgar. ■





FISHERMAN: Ein besta fiskisjoppa úthverfanna

A Hagamel má finna eina bestu fiskisjoppu úthverfa Reykjavíkur og þó víða væri leitað!

Fisherman á Hagamel er númer tíu á lista Tripadvisor yfir bestu veitingastaði í Reykjavík. „Við erum að auki annað tveggja fyrirtækja utan miðbæjarins með hæstu meðmælin á Tripadvisor. Við erum með gott hráefni og góða kokka svo útkoman er einfaldlega góð,“ segir Elías, eigandi Fisherman.

Einfaldur matseðill

Fisherman býður upp á einfalda en matmikla fiskrétti eldaða á staðnum sem hægt er að taka með sér í hádegismat á vinnustaðinn, heim í kvöldmat eða snæða tilbúna á staðnum.

Þá stendur til boða að setja saman eigin máltíð þar sem kaupandi velur fisk, meðlæti og svo sósu. „Starfsmaður getur hjálpað til við val á því hvað passar best saman hverju sinni,“ segir Elías. Með hverri máltíð fylgir salat og Kristall í 0,33l dós.

Einnig býður Fisherman upp á sérreitti eins og fisk og franskur, laxborgara, fiskisúpu og dásamlegt laxanja. „Það er eins og lasagna, nema með laxi. Þessi réttur er mjög vinsæll enda ljúffengur og hollur,“ segir Elías.

Fiskisjoppa og sælkeraverslun

Fisherman er ekki bara veitingastaður heldur líka sælkerasjoppa með vörur tengdar fiski. „Við seljum ferskan og góðan fisk beint úr sjónum! Einnig erum við með fyrsta flokks harðfisk að vestan, niðursoðna þorsk- og skötuselslifur sem frakkarnir segja hið mesta lostæti, sólþurrkuð söl og sjávarsalt. Þar að auki vorum við að bæta við úrvali af frystu sjávarfangi eins og fiskbitum, humari og gellum,“ segir Elías. Það er víst að það er af nógu að taka hjá Fisherman á Hagamel og um að gera að skella sér þangað til að smakka ljúffenga fiskrétti.

Heitir fiskréttir til fyrirtækja

Þess má einnig geta að hægt er að panta heita fiskrétti hjá Fisherman sem er heimsendur í hádeginu til fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu.

Fiskisjoppa Fisherman er staðsett að Hagamel 67, 107 Reykjavík.

Nánari upplýsingar á www.fisherman.is



REYKJAVÍK RÖST:

Það ilmar allt af jólakani!

Veturinn er heldur betur mættur á Reykjavík Röst við Gömlu höfnina með heita kanilkaffidrykki, ekta heimagerð heitt súkkulaði með gomu af rjóma og heitar súpur og samlokur sem bragð er að. „Það er ótrúlega hátíðleg stemning núna á kaffihúsinu með útsýni yfir forkunnarfraga báta skreytta jólaljósunum, bjartan snjókrapa og dúðaða ferðamenn,“ segir Sigurgestur Jóhann Rúnarsson, rekstrarstjóri kaffihússins.

Sjarmerandi kaffihús

Reykjavík Röst er sjarmerandi kaffihús við Gömlu höfnina í Reykjavík. „Matseðillinn er einfaldur og við reynum eftir fremsta megni að halda verðinu í lágmarki á bæði mat og drykk án þess að tapa gæðum. Á morgnana bjóðum við upp á úrval af bakkelsi, sætabrauði, croissant-samlokur og morgunverðarbakka. Í hádegjunu og fram eftir degi bjóðum við upp á ljúffengar heimagerðar samlokur og súpu. Súpan er alltaf vegan og skiptum við reglulega um tegund.“

Hátíðleg hamingjustund

Reykjavík Röst er með úrvalsbjóra frá Borg Brugghúsi og gott úrval af léttvini. Happy Hour er daglega frá kl. 15–19 á bjór, léttvini og snafs dagsins. Á gleðistundinni er kjörð að gripa í ýmsa afþreyingu á staðnum eins og Jenga eða taka stutta skák.

Dýrindis kanilkaffi

„Kaffið okkar er ítalskt gæðakaffi frá Lavazza og bjóðum við að sjálfsgöðu upp á alla þessa hefðbundnu kaffidrykki. Við erum einnig með æðislegan jólacappuccino með kanilsirópi og þeyttum rjóma og hefur hann verið að renna vel ofan í gesti,“ segir Sigurgestur.

Nánari upplýsingar má nálgast á reykjavikrost.is og Facebook-síðu staðarins.

Reykjavík Röst er við Gömlu höfnina í Reykjavík að Geirsgötu 5
Sími 552-7777

Netfang: info@reykjavikrost.is.

Opíð er frá kl. 8.30–23 alla daga. ■



KOMDU Í PIZZU



Eldofninn er í Grímsbæ við Bústaðaveg

KIKTU Á NÝJA VEFINN OKKAR www.eldofninn.is

Eldofninn

Sægreifinn við gömlu höfnina *Eilíf hamingja*




Sægreifinn við Geirsgötu
Tekið er á móti pöntunum fyrir Þorláksmessu í 553-1500



Kæst stórskata og tindabykkja með öllu tilheyrandi. Steingrímur í eftirrétt á aðeins **2.350 kr.**

Skatan er í boði 1. des milli 11.30 og 14.00, og 17.des.–23. des. alla daga, allan daginn.



Siginn fiskur og selspik með tilheyrandi. Steingrímur í eftirrétt á aðeins **1.950 kr.**

Siginn fiskur er annan hvern þriðjudag frá 4. des.–23. des. í hádeginu milli 11.30–14.00.

Sægreifinn



Íslendingar á YouTube sem þú vissir kannski ekki af

■ Sló í gegn með grenjandi stórstjörnu ■ Barnabókalestur og módelsmíði

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is



hvaða efni sé að finna á vefnum sem stýrt sé af Íslendingum, bæði þá sem spreyta sig fyrir erlendan aðdáendahóp og innlendan.

Til að svara þeirri spurningu hefur hér verið tekinn saman listi yfir íslenska „Jútúbara“ sem þú vissir ekki um. Nú er að sjá hvað er við þitt hæfi og hvort þú hlaðir í einn áskriftarhnapp eða tvo að upptalningu lokinni.

A YouTube er að finna allt á milli himins og jarðar. Sláir þú inn efnilegt stikkorð í leitarvélina er nokkuð öruggt að þú finnur eitthvað sem er við þitt hæfi. Þessi umfangsmikla vefur getur reynst mörgum hvort tveggja hin mesta gersemi og hinn mesti tímaþjófur. Því má spyrja



Á flugi í nærmynd

Flugmódelsmíðar eru í nærmynd á rás Guðjóns Ólfssonar. Hann hefur verið duglegur að dæla inn á samnefnda rás sína síðustu árin með áherslu á eigið áhugamál, þar sem áhorfendur skyggjast inn í ferlið og ekki síður þolinmæðina sem fylgir smíðum á fallegum flugmódelum. Mörg þeirra eru byggð frá grunni og leiðir Guðjón áhorfendur í gegnum smíðina af mikilli innsýn og þekkingu.



Sló í gegn með grenjandi stórstjörnu

Óskar Arnarsson, stofnandi auglýsingastofunnar 99, setti netheima á hliðina tímabundið með geysimiklum smelli árið 2015. Umræddur „hittari“ samanstóð af myndefni af stórleikaranum Matthew McConaughey í grátkasti í kvikmyndinni Interstellar, en myndbandið var þannig klippt að viðbrögðin voru sýnd yfir stiklu fyrir Stjörnustríðsmyndina The Force Awakens. Myndbandið endurspeglar tilfinningar margra aðdáenda á þeim tíma, sem margir hverjir grétu af gleði yfir nýrri kvikmynd úr þessum mikla myndabálki. Erlendir fjölmiðlar kepptust við að deila myndbandinu og var rásin hans Óskars á augabragði komin með þrjú þúsund áskrifendur. Kappinn hefur ekki verið duglegur að halda rásinni virkri þótt margt kostulegt hafi skotið upp kollinum síðan, en velgengni fyrsta myndbandsins réttlætir sess sinn í þessari upptalningu.



Logandi bíóáhugi

Bjarni Haraldur Sigfússon var einn aðstandenda sjónvarpsþáttarins Með okkar augum og heldur gríðarlegri virkni á rásinni sinni undir nafninu Blaze the Movie fan. Þar fer hann bæði yfir það nýjasta í kvikmyndahúsum og veitir einnig innsýn í áhuga sinn á fyrirbærinu Pokémon. Bjarni Haraldur talar beint í vélina og segir sínar skoðanir með engum afslætti og fyrir enskumælandi markhóp. Hann er með yfir þrjú þúsund áskrifendur og gefur út á bilinu fjögur til átta myndbönd á viku, að meðaltali.

Næsti kafli
hefst hjá okkur

GIMLI
FASTEIGNASALA



SPÓAHÖFÐI 2, 270 MOSFELLSBÆR

Fallegt 4-5 herbergja endaraðhús á eftirsóttum stað í Mosfellsbæ. Húsið er í heildina 179,6 fm, þar af bílskúr 29,6 fm. Mjög rúmgott risloft með óskráðum fm. nýtt í dag sem sjónvarpsherb. og skrifst. Bílskúr er með góðri lofthæð og geymslulofti (óskráður gólfloður). Bílaplan með hitalögn. Húsið var málað að utan sumarið 2017.

Nánari upplýsingar veitir: Elín Urður, aðstm.,
elin@gimli.is, s. 690 2602 eða halla@gimli.is

75.900.000 kr.

Tegund Endaraðhús
Stærð 179 M²

GIMLI
FASTEIGNASALA

Halla Unnur Helgadóttir, lögg. fast. s.659 4044

gimli.is / Grensásvegi 13 / 108 Reykjavík / 570 4800 / gimli@gimli.is



Hvíslar til unaðar

Fyrirbærið ASMR er eflaust mörgum kunnugt, en fyrir nýgræðinga má lýsa því sem líkamlegri tilfinningu sem líkist fiðringi eða „kitli.“ Sú tilfinning byrjar í höfðinu eða hársverðinum og getur ferðast niður mænuna. Á YouTube er til ógrynni af rásum sem sérhæfa sig í þessu og þar á meðal má nefna aðganginn Nordic Whisper. Rásin er í umsjón Ingibjargar Aldísar Hilmisdóttur og hátt í 30 þúsund áhorfendur sækja í róandi rödd hennar. Ingibjörg hefur tekjur af þessari slökunarþjónustu og hefur rásin farið ört vaxandi frá stofnun hennar árið 2016.

FLESTIR BESTU BARIR HEIMS
VELJA FEVER TREE TÓNÍK*

EF $\frac{3}{4}$ AF ÞÍNUM DRYKK
ER BLAND,
VERTU ÞÁ VISS UM AÐ NOTA
ÞAÐ BESTA



* Fjögur ár í röð hefur FeverTree verið mest valda og best selda tónikið á betri börum heimsins, samkvæmt könnun Drinks International.



FEVER-TREE





Lesið fyrir börnin

Á rásinni Barnaefni á Íslensku eru lesnar upphátt ýmiss konar barnabækur með skemmtilegum og faglegum hætti. Þess ber að geta að rásin hefur legið í dvala undanfarir ár, en þarna má engu að síður finna fínt safn af fjölbreyttum sögum handa yngri hópum. Yfir 900 manns eru skráðir sem áskrifendur þessarar rásar sem á erindi til margra.



Hversdagslífið í hvísli

Ekki skal vanmeta heim hvíslaranna. Á YouTube er fleiri en einn íslenskan hvíslara að finna og má nefna Elisabeth ASMR, sem hóf göngu sína fyrir fjórum árum og hefur slegið í gegn með róandi rödd sinni og nærveru. Í myndböndum hennar talar hún á ensku um hversdagslífið og tilveruna og hefur fengið góð viðbrögð við Íslenska hreimnum sem einkennir afslappaðan talanda hennar. Elisabeth ASMR er með yfir 20 þúsund áskrifendur og tæpar þrjár milljónir í samanlögðum áhorfstölum þegar þetta er ritað.



Konni í filing

Stundum er gott að vera bara maður sjálfur, ekki síst ef til stendur að deila sjálfum sér með almenningi. Útvarpsmaðurinn Konni Gotta hjá Áttunni gleymir ekki góða skapinu á YouTube-rás sinni, en þar hefur hann verið að trekkja að með persónuleika sínum. Á aðganginum eru hin ýmsu vídeóblogg og annað sprell sem fylgjendur hans sækja í.



Einn sá allra stærsti

Birgir Páll Bjarnason er einn stærsti Íslendingurinn á YouTube fyrr og síðar. Í október árið 2011 ákvað hann að gera myndband úr tölvuleiknum Battlefield og skömmu síðar hafði Birgir Páll atvinnu af því að útbúa myndbönd úr tölvuleikjum víða. Heildartala áhorfs á öllum myndböndum Birgis nær tæpum 93 milljónum og er áskrifendafjöldinn í kringum 500 þúsund.



Hvíta-skáld í nærmynd

Á YouTube-rás Ásgeirs Hvítaskálds er ýmislegt að finna sem veitir góða mynd af áhugasviði mannsins, sem samanstendur af sviðslistum og kvikmyndagerð. Fyrir alla sem ekki vita var Ásgeir á bak við „költ-myndina“ Glæpur og samviska. Ásgeir lærði kvikmyndagerð í Danmörku og hefur gert fleiri en 10 heimilda- og stuttmyndir sem hlotið hafa viðurkenningu víða. Stíkluna og ýmiss konar gotterí má finna á rásinni en henni veitir ekki af fleiri áskrifendum.



Fjör og fót-bolti


Eins og segir í lýsingu rásar Guðjóns Daníels er hann bara ósköp venjulegur drengur frá Íslandi sem býr í snjóhúsi. Ef lítið er framhjá því að seinni hluti setningarinnar er augljóslega tóm tjara, þá lýsir þetta húmor og persónuleika Guðjóns mættavel. Að rás hans eru í kringum 350 þúsund áskrifendur, sem flykkjast að til þess að skoða hvað sé að fréttu af FIFA- og almennum fótboltaáhuga Guðjóns og fá sögur úr daglega lífinu. Þess má geta að Guðjón er þekktur fyrir að vera vinur bresku alnetsstjórnunar JJ Olatunji, betur þekktri sem KSI.

ÓSAL

Varahlutaverslun og þjónusta

ÓSAL VARAHLUTAVERSLUN

TANGARHÖFÐA 4 | www.osal.is
110 REYKJAVÍK | osal@osal.is
SÍMI 515 7200 | FAX 515 720



Ósal sérhæfir sig í þjónustu og varahlutasölu í aftanivagna af öllum gerðum. Allt frá ljósaperum upp í vagnöxla.

Ásetning á bremsuborðum. Bilanagreining í bremsukerfum vagna. Stilling á loftventlum. Sérpantánir á varahlutum.


„Bókin er meistaraverk.“



ÓKB/Fréttablaðið



HB/Morgunblaðið



ÍSLENSKU
BÓKMENNTA
VERÐLAUNIN

Tilnefning

Bráðskemmtileg og
snildarlega skrifuð
saga um skin og skúrir
í lífi þjóðar

„Bókin er dramatísk,
spennandi og fyndin ...“

Sigríður Hagalín

„Mergjað skáldverk“

Óðinn Jónsson / Rás 1

„Mér finnst þetta
vera besta bók
Hallgríms til þessa.“

Egill Helgason



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | Um helgar 11-17 | www.forlagid.is

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Soffía Dögg Garðarsdóttir, blómaskreytingakona stofnaði heimasíðuna Skreytum hús í september 2010. Síðan þá hefur bæst við Facebook-síða og Facebook-hópur, auk þess sem fylgja má Soffíu Dögg á Snapchat (soffiadoggg).

Soffía Dögg elskar að gera fallett í kringum sig og leyfir hún fylgjendum sínum að fylgjast með því sem hún er að gera, bæði á eigin heimili, í verslunum og hjá öðrum. Um jólin skapar Soffía Dögg sérstaka stemningu og er búin að skreyta og undirbúa heimilið snemma. Öll herbergi hússins eru skreytt með ljósum, skrauti og greni. Soffía Dögg notar mikið hvítan lit, greni og köngla, og er heimilið eins og ævintýraveröld.

Soffía Dögg deilir með lesendum borðskreytingu fyrir jólakaffiboð, eins og amma hennar útbjó áður fyrr. „Þegar ég var lítil stelpa þá var ein af jólahæfðunum að fara í jólakaffiboð hjá ömmu Svövu á annan í jólum. Heitt kakó, kökur og kósíheit. Ég setti þetta kaffiboð upp svona í anda ömmu, henni til heiðurs,“ segir Soffía Dögg.

„Ég notaði gömlu góðu jóladiskana sem ég held að margir geti fundið inni í skáp hjá mömmu og pabba, eða ömmu eða bara frænku, og mér finnst svo gaman að nota þá sem kókudiska eða sem forréttadiska á jólum. Með setti ég síðan Bing & Gröndahl kaffistellið. Með réttu ættu þetta að vera kakóbollar en við lítum fram hjá því í þetta sinn. Til þess að skreyta borðið notaði ég síðan greinar af Thuju frá Blómavali og trén fallegu koma líka þaðan. Í stað þess að vera með kókudisk á fæti, þá setti ég bara viðarplatta, líka frá Blómavali, til þess að setja kökuna á og til þess að hækka annað tréð.“

„Ég er annálúð fyrir það hversu leiðinlegt mér þykir að vera í eldhúsinu, en mér finnst þó æðislegt að borða góðar kökur og ég skunda því ávallt í 17 sortir og kaupi þar eitthvað snilldarlegt og í þetta sinn bætti ég ofan á kökuna sleikjó og smotterú í stíl við restina af borðinu. Dúkurinn er bara plastdúkur úr Rúmfó, sem er það allra besta þegar krakkar sitja til



„Heitt kakó, kökur og kósíheit í anda ömmu“

borðs, allt í góðu ef eitthvað sullast niður. Sömu leiðis koma servétturarnar og diskamotturnar þaðan,“ segir Soffía Dögg. ■



BORÐPLÖTUR & SÓLBEKKIR





Fanntófell

Gylfaglöt 6 - 8
S. 587 - 6688
fanntofell.is





MYKIND BÆTIEFNALÍNAN FRÁ GARDEN OF LIFE ER LÍFRÆN,
VEGAN OG LAUS VIÐ ÖLL AUKAEFNI

Bara það besta fyrir þig og Móður jörð!



Mykind línan var hönnuð með það að leiðarljósi að velja aðeins bestu mögulegu hráefnin og meðhöndla þau þannig að næringin skilaði sér sem best.

Gæði bætiefna skipta öllu máli.


Þau sem eru búin til úr fæðu eins og þessi er líklegra að líkaminn nái að nýta að fullu. Öll línan er 100% vegan og inniheldur því engar dýraafurðir. Meira að segja D3 og B12 vítamínin eru vegan en þessi tvö er oft erfitt að fá vegan í bestu formunum.

EITTHVAÐ FYRIR ALLA

Hvort sem þig vantar fjölvítamín, B12, járn, D3 vítamín, steinefni eða C vítamín

Allt lífrænt - allt vegan

Tímarvélín



Vfirlysing.
Óli þau ærumeiddandi orð, sem ég í óláði talaði hinn 14. í. m. um real. stöð. Jónas Sveinsson á Sauðárkrök, lýsi ég hér með dauð og ómerk, og bið hlutaðeiganda fyrirgefningar á mínni óajlfráðu framkomu við hann nefndan dag.
Sauðárkrök 3. okt. 1902.
Stefán Guðmundsson.

Gamla auglýsingin

Norðurland 6. desember 1902

Ungliðar í Betel brenndu geisladiska og bækur

■ Hörð viðbrögð þjóðfélagsins ■ Á sjötta hundruð titlar


Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is

Árið 1995 komst Snorri Óskarsson og söfnuður hans Betel í Vestmannaeyjum rækilega á kortið. Var það vegna þess að ungmenni safnaðarins höfðu komið saman og kastað geisladiskum sínum og bókum á bálköt. Vakti þetta ugg hjá mörgum og myndaði hugrenningatengsl við bókabrennur nasista. Í samtali við DV segir Snorri nú að þessi atburður hafi verið slitinn úr samhengi og þetta hafi í raun verið einkastund ungmennanna frekar en einhver skilaboð út á við.

Tónlist með djöfullegan boðskap

Söfnuðurinn í Eyjum var ekki stór, aðeins um hundruð sálir. Í stafni stóð Snorri Óskarsson kennari sem stóð fyrir ýmislegu starfi í bænum. Ári fyrir brennuna stóð Betel til að mynda fyrir útsölu-markaði sem komst í fréttirnar vegna þess að þar var Bleikt og blátt selt um tíma. Þegar Snorri komst að því var tímaritinu snarlega kippt úr sölu.

Um þetta leyti var söfnuðurinn að stækka hratt og fjöldi ungs fólks gekk Snorra á hönd. Mest var þetta



fólk á aldrinum átján ára til tvítugs. Árið 1995 var greint frá því í flestum dagblöðum landsins að ungmennin hefðu brennt geisladiskana sína, þá sem hefðu „djöfullegan boðskap“ og „ókrístilega texta.“ Einnig bækur sem samrýmdust ekki hugsjón safnaðarins. Sum ungmennin höfðu áður brennt nokkra diska og bækur í einrúmi eða litlum hópum. Ein brennan var mjög stór og þar voru brenndir á sjötta hundruð geisladiskar, um milljónar króna virði. Snorri segir við DV að þetta hafi verið í eina skiptið sem svona stór brenna var haldin.

„Þetta er samt mjög algengt hjá fólki sem tekur til hjá sér. Þarna voru unglingar sem voru að taka

til í sínu lífi. Þeir tóku sig saman og ég sjálfur kom lítið að þessu.“

Af hverju brenna frekar en að henda í ruslið?

„Það var hvort tveggja gert.“

Átti brennan að sýna einhvers konar hreinsun?

„Nei, frekar tiltekt. Þau gerðu þetta saman af því að þau vildu annan lífsmáta en þetta efni bauð upp á. Þau ætluðu að tileinka sér krístilegan lífsmáta. Þess vegna fóru þessir diskar, eins og KISS og allt þetta. Það var kjarninn í þessu. Þetta voru mestmegnis plötur



„Ertu að segja mér að þér hafi fundið Jesum og athomast?“



Tekist á í háskólanum Tíminn 18. nóvember 1995.



með vinsælum hljómsveitum.“

Höfðu þessir krakkar verið í drykkju eða neyslu?

„Þau voru mörg hver búin að vera í drykkju, en ég er ekki viss um með neyslu eitruþýfa. Það var sjaldgæfara á þessum tíma.“

Iron Maiden, Madonna og Darwin

Stór hluti geisladiskanna sem enduðu á bálinu innihélt þungarokk, sem Snorri kallaði djöflarokk. Auk KISS enduðu til að mynda plötur bresku sveitarinnar Iron Maiden á kestinum. Einnig var popplötum fleygt á bálið, til dæmis með söngkonunni Madonna. Sagði Snorri það vegna siðleysis og kynvillu. Af bókum sem enduðu á bálinu má nefna Mein Kampf eftir Adolf Hitler. Einnig rit sem innihéldu klámfengnar tilvísanir og bækur vísindamannsins Charles Darwin.

Hvernig var metið hvaða plötur og bækur áttu að fara á bálið?

„Þau mátu þetta sjálf. Það var enginn sem mat þetta. Við hugsuðum málið út frá því hvað Biblían segði, hvað þau vildu og hvað hentaði ekki þeim lífsmáta sem þau væru að ganga inn í. Það var enginn sem latti þau eða hvatti varðandi þetta.“

Snorri segir að brennan hafi vakið sterk viðbrögð í þjóðfélaginu og fjölmiðlar hafi leikið þar stórt hlutverk.

„Þegar blaðamenn komast í mál eins og þessi þá blása þeir þau upp. Við sjáum þetta til dæmis núna með þingmennina og Klausturspjallið. Þú veist hvað gerist þegar menn fara á barinn og spjalla, þá veltur eitt og annað upp. Nú var þetta grafalvarlegt af því að þetta voru þekktir

menn og alþingismenn. Svo þegar þetta kemur fyrir alþjóð fórna allir höndum. En er nokkur betri en þeir?“

Fordæming þjóðfélagsins

Brennan var víða fordæmd í fjölmiðlum. Í leiðara Alþýðublaðsins, sem greindi fyrst frá brennunni, stóð: „Trúarofstæki er bæði ógeðfellt og hættulegt. Þeir menn sem telja sig erindreka almættisins, prókúruhafa guðs og sérfræðinga í sannleikanum hafa leitt ómældar hörmungar yfir mannkynið. Slíkir menn sá frækornum fyrirlitningar í frjóa jörð fáfræðinnar. Uppskeran er þröngsýni og dómharka.“

Betel var á allra vörum og boðað var til málþings í Háskóla Íslands. Þar tókst Snorri á við guðfræðinemann Davíð Þór Jónsson, nú prest í Laugarneskirkju, um brennuna, kristin gildi og öfgar.

Voruð þið þá ekki að reyna að senda skilaboð með brennunni?

„Þetta var fyrst og fremst privat. Þau voru að gera þetta fyrir sig sjálf. Eðlilega rennur hugur fólks til nasistanna þegar það heyrir orðið bókabrenna. En ég er nú búinn að vera kennari í yfir fjörutíu ár og á hverju einasta vori tóku krakkarnir kennslubækurnar og brenndu þær,“ segir Snorri og hlær. „Og það var enginn sem kippti sér upp við það.“

Ertu enn á þeirri skoðun að þetta sé góð aðferð, að brenna list?

„Já, ég er það. Ég fer með ýmislegt í sorpið og það er brennt veit ég. Það er ósköp eðlilegt. En þetta eru ekki þannig aðferðir að við séum að framkvæma einhvers konar djöflabrennu. Margir taka gamlar bækur og óæskileg rit og fleygja þeim.“ ■

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



Sofðu vel um jólin

Eitt mesta úrval landsins af heilsudýnum



Svefn & heilsa
★★★★★

UM FJÓRÐUNGUR

LANDSMANNA SEFUR Á HEILSUDÝNU
FRÁ SVEFNI & HEILSU Skv. Gallup

Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: Húsgagnafl - Höfn / Bara snilld ehf. - Egilsstöðum

Hákon Sturluson einbúi var kynlegur kvistur

■ Engin nútímapægindi ■ Ekki hrifinn af heimsóknum

Hákon Sturluson var einbúi sem bjó á Hjallkárseyri við Arnarfjörð á síðustu öld. Líkt og Gísli á Uppsölum varð hann nokkuð þekktur þegar hann kom fyrir sjónir landsmanna í viðtölum bæði í sjónvarpi og dagblöðum. Eins og fleiri einbúar var Hákon kynlegur kvistur með sérstakar skoðanir. Bjó hann án allra nútímapæginda og hafði í sig með sauðfjárbúskap og refaskytteri.

Ekki hrifinn af heimsóknum

Það var Ómar Ragnarsson sem vakti fyrst athygli landans á Hákonni árið 1984 í Stiklum. Hjallkárseyri var þá eitt minnsta bæjarstæði á landinu, norðan megin í Arnarfirði, mitt á milli Hrafnseyrar og Mjólkárvírkjunar. Þá heimsótti Ómar hann með myndatökuliði en Hákon kunni því illa.

„Ég er ekki hrifinn af því,“ sagði Hákon um heimsóknina en brosti þó. Þegar Ómar spurði Hákon hvort hann væri ekki ánægður með að fjallvegurinn yrði opnður í báðar áttir neitaði hann því. „Það er alveg djöfull. Það er allur friður búinn.“ Sagðist hann kunna vel við sig í einverunni upp til fjalla. „Helst þar sem ég sé engan.“

Hákon var Barðstrendingur að uppruna og gjarnan kallaður Konni og var sum árin á Þingeyri yfir veturinn. Hann gat þó sjaldnast beðið eftir að komast aftur heim á eyrina þó að húsið þar væri lítið og hrórlegt bárujárns-hús.

Las ekkert og var sama um útlendinga

Hákon bjó áður á jörðinni Borg í Arnarfirði. Var hann þá með konu að nafni Guðmunda. En jörðin var tekin eignarnámi þegar Mjólkárvírkjun var byggð. Var honum boðið að vera þar áfram ef hann sinni mjólkurframleiðslu fyrir starfsfólk virkjunarinnar. En hann vildi engar kúr hafa.

Á níunda áratugnum og fram á þann tíunda, þegar hann var orðinn aldraður maður, bjó hann þar án allra nútímapæginda. Rafmagn, heitt vatn, sími og sjónvarp var þar ekkert. Sjálfur sagði hann að það blési og fennti í gegnum veggina. Hann nýtti þó hitann af sauðfénu og hundarnir voru hans félagsskapur.

„Þægindin eru nóg fyrir mig,“ sagði Hákon. Honum sagðist hins vegar ekkert líða neitt sérstaklega vel þarna, frekar en annars staðar. „Nei og andskoti. Mér líður bara enn þá verr í kaupstað.“ Eina tæknin sem Hákon hafði var útvarpstæki. Notaði hann það einungis til þess að hlusta á veðurfréttir. Ekkert las hann heldur. Með öðrum fréttum, innlendum eða erlendum, fylgdist hann ekkert.

„Þetta útlenda kjaftæði. Djöfulinn kemur mér það við þó þeir drepi eitt og eitt kvikindi einhvers staðar úti í heimi?“

Hákon hafði hins vegar skoðanir á ýmsum málum. Fannst honum til dæmis að það ætti að leggja niður alla stóriðju í landinu.



Stiklur Hákon með bréfpokahattinn.

„Djöfulinn kemur mér það við þótt þeir drepi eitt og eitt kvikindi einhvers staðar úti í heimi?“

„Andskotans vitleysan í Straumsvík og Grundartanga. Þeir ættu að vera með þetta helvíti í eyðimörkum. Mér finnst að það eigi ekki að vera með þetta helvíti þar sem að gróður er, þetta drepur allan gróður. Við eigum bara að vera nægjusamir eins og ég. Gamli tíminn var miklu betri heldur en þessi djöfulsins vitleysa sem núna er. Mikili betri.“

Læknirinn í sjúkrabörnum

Sem dæmi um sérvisku Hákonar þá nefndi hann einn hundinn á bænum með pomp og prakt. Var honum kastað í læk og fékk nafnið Snæbjörn. Þá gekk hann gjarnan með bréfpokahatt. Aðeins einu sinni í viku eldaði hann fyrir sig og hundana. Þá mjög mikið.

Þrátt fyrir að vera einbúi á afskekktum stað þá var Hákon nokkuð víðförrull. Hafði hann meðal annars búíð í Reykjavík um tíma. Endrum og sinnum hitti hann nærsveitunga sína, á mannamótum og samkomum. Til dæmis þegar Vigdís Finnbogadóttir heimsótti sveitina. Sagðist hann hafa kosið hana. Jafnframt sagðist hann hafa verið mikill samkvæmismáður á sínum yngri árum og leitað í glauminn.

„Ætli ég drepist ekki hérna,“ sagði Hákon, þá 63 ára gamall. „Það er enginn sem bíður eftir manni hérna. Maður getur lagst bak við stein og beðið eftir góðu veðri. Ég hef nú staðið af mér el en lítið sofið.“ Sagðist hann vilja láta heygja sig í báti uppi á hól, eins og fornmenn gerðu.

Hákon var þekkt refaskytta og skaut hátt í tíu tófur á hverjum vetri. Tók hann af þeim skinnin og verkaði þau sjálfur. Annað skaut hann ekki. Stæka óbeit hafði hann hins vegar á minknum. „Hann er viðbjóður,“ sagði hann ómyrkur í máli við



Hjallkárseyri Húsin eru nú öll horfin.

Ómar. „Ég hef nú skotið þá ef þeir koma í færi. Ég hef skotið fjóra minka.“

Um það leyti sem Ómar heimsótti Hákon fékk gamli maðurinn hjartaáfall. Neitaði hann fyrst um sinn að fara með sjúkrabílnum til Ísafjarðar. Eftir þriggja tíma reki-stefnu féllst hann á að fara en sat frammi í og hafði kindabyssu í beltinu. Læknirinn sem var með í för þurfti að liggja á sjúkrabörnum á leiðinni til baka.

Hákon náði sér og var í nokkur ár til viðbótar á Hjallkárseyri við búskap og refaskytteri. Hann lést þann 3. október árið 1992, sjötugur að aldri. Bærinn að Hjallkárseyri er nú horfinn sem og húsin sem þar stóðu. ■

Messufall vegna ölvunar séra Jóns og Sigurðar

Árið 1734 var nokkuð strembið fyrir íslensku kirkjuna og trúverðuleika hennar. Tveir prestar gerðust þá sekir um að koma fram í guðsþjónustu mjög ölvaðir. Svo ölvaðir að þeir ultu niður á kirkjugólfið og gátu ekki haldið áfram.



Datt og gleymdi að helga vínið

Jón Þórðarson var prestur á Söndum til nærri þrjátíu ára. Hann var mikið skáld og sagður göldróttur en breyskur mjög. Árið 1719 slapp hann við dóm fyrir embættisafglöp. Á allraheilagramessu árið 1734 stóð til að gifta hjón á Söndum. Séra Jón mætti hins vegar svo fullur til messunnar að hann hneig niður við altarið og var lagður út af á einn kirkjubekkinn. Var hann ætíð kallaður dettir eftir það. Einn kirkjugestanna þurfti að taka að sér að halda guðsþjónustunni áfram og las úr húslestra-bók fyrir salinn.

Þegar því lauk var séra Jón kominn til meðvitundar aftur og sagðist geta klárað guðsþjónustuna. Útdeildi hann tuttugu mönnum sakramenti en gleymdi að vígja bæði vínið og brauðið. Þá gat hann heldur ekki gift grey hjónaefnin eftir kirkjunnar reglum. Þau héldu hins vegar að allt hefði verið með felldu og hófu að lifa eins og hjón eftir athöfnina. Var séra Jón talinn ábyrgur fyrir því.

Séra Jón var kærður fyrir þetta atvik og um vorið sagði hann sig frá brauðinu. Fluttist hann þá í Hokinsdal og bjó þar út lífið.

Klúðraði jólnum

Séra Sigurður Árnason hét

Messuvín Tveir prestar ófærir um að sinna guðsþjónustu vegna ölvunar.

presturinn sem klúðraði jólnum fyrir sóknarbörnum í Landeyjum. Sigurður hafði verið á Krossi í fjórtán ár og var talinn drykkfellður. Í eitt skipti áður hafði orðið messufall hjá honum vegna þessa.

Atvikið árið 1734 átti sér stað í Voðmúlastaðakirkju, sem var útkirkja frá Krossi. Á jólanótt messaði Sigurður í kirkjunni en var svo ölvaður að hann hrundi út á kórgólfið. Líkt og í tilviki séra Jóns á Söndum var Sigurður þá borinn á einn kirkjubekkinn til að sofa úr sér. En Sigurður svaf og svaf og kirkjugestir þurftu frá að hverfa án guðsþjónustu. Á jóladag var hann svo timbraður að hann gat engan veginn messað þá heldur.

Á þrettándanum var sóknarfólkið boðað til séra Ólafs Gíslasonar, prófests að Odda, til að svara fyrir atvikið. Allir sem höfðu verið í messunni neituðu að svara prófasti og reyndist því vandasamt að kæra Sigurð. Það tókst hins vegar fyrir rest og var hann sviptur hempunni árið 1738. ■

EIGUM MARGA LITI Á LAGER

ÁLKLÆÐNINGAR & UNDIRKERFI

HANNAÐ FYRIR ÍSLENSKT VEÐURFAR

Nánari upplýsingar á mt.is og í s: 580 4500

MÁLMTÆKNI
ÁL • STÁL • PLAST

Heróín var hóstasaft

Markaðssett af þýskum lyfjarisa ■ Gengur í bylgjum

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Heróín Eitt hættulegasta fíkniefni síðustu 120 ára.

Heróín er ópíóði sem á sér yfir hundrað ára gamla sögu. Upprunalega var heróín markaðssett sem hóstalyf og lyf til að þagga niður í óþægum krökkum. Snemma kom hins vegar í ljós að heróín er eitt mest ávanabindandi lyf sem til er og áhrifin skelfileg. Líkt og önnur fíkniefni hefur heróín gengið í tískubylgjum og aukin neysla lyfseðilsskyldra morfínlyfja hefur hrundið enn einum heróínfaraldurinum af stað.

Talið ávanalaust

Ópíum hefur fylgt mannkyninu í þúsundir ára. Að öllum líkindum hefur ræktun þess hafist um 3400 fyrir Kristurburð í Mesópótamíu, þar sem nú er Írak. Egyptar til forna notuðu ópíum sem og Persar. Þaðan barst plantan vestur til Evrópu og austur til Indlands og Kína.

Í gegnum aldirnar var ópíum notað í lækisfræðilegum tilgangi. Við sársaukafullum sjúkdómum á borð við krabbamein, einnig við fæðingar og fleiri tilvik. Að auki var það misnotað sem fíkniefni og menn fóru að átta sig á hversu ávanabindandi efnið væri. Milli Kína og Bretlands voru háð stríð út af sölu lyfsins en þá var ópíumneysla orðin að miklum faraldri í fyrrnefnda landinu.


Árið 1805 var morfín unnið úr ópíum. Upprunalegi tilgangurinn með morfíni var að vinna gegn ávana ópíums. En morfín reyndist mun



virka og sterkara lyf og fólk ánetjaðist því í staðinn. Það sama gerðist árið 1874 þegar heróín var búið til í fyrsta sinn úr morfíni. Það var breski efnafræðingurinn Charles Romley Alder Wright. Hann var þá að leita að valmöguleika við morfíni sem væri ekki ávanabindandi og blandaði því við ýmsar sýrur. Heróín var hins vegar ekki framleitt fyrir almennan markað fyrr en árið 1898. Þá af þýska lyfjaris- anum Bayer.

Dóp djassaranna

Heróín var selt án lyfseðils yfir borðið og auglýst sem lyf gegn ýmsum kvillum. Má þar nefna hósta, niðurgang og til að róa óróleg börn. Auglýsingum var sérstaklega beint að barnapíum sem áttu í vandræðum með ódæla krakka. Í upphafi 20. aldarinnar var mikil herferð til að auglýsa heróín og Bayer sendi morfínfíklum frí sýnishorn af þessu nýja undralyfi í pósti.



Bayer Auglýsingar fyrir heróín.

Am. C. Ph. [December, 1898]
BAYER Pharmaceutical Products
HEROIN-HYDROCHLORIDE
is particularly adapted for the manufacture of cough pills, cough lozenges, cough drops, cough lozenges, and cough medicines of any kind. Price in a 100. packages, \$2.50 per ounce; less in larger quantities. The efficient dose being very small (1-10 to 1-24 grs.). It is
The Cheapest Specific for the Relief of Coughs
(In bronchitis, phthisis, whooping cough, etc., etc.)
MADE AND MANUFACTURED BY
FARBENFABRIKEN OF ELBERFELD COMPANY
WELLS BRIDGE
F. O. Box 3400
40 Stone Street, NEW YORK



Fljótlega fór fólk hins vegar að átta sig á því að heróín var jafnvel enn meira ávanabindandi en bæði ópíum og morfín. Árið 1914 var heróín gert lyfseðilsskyld í Bandaríkjunum ásamt öðrum ópíumskyldum lyfjum. Árið 1924 var heróín bannað í Bandaríkjunum og ári síðar í Þjóðabandalaginu, sem var undanfari Sameinuðu þjóðanna. Fíklar voru þá farnir að látast af völdum heróíns og leidast út í glæpi til að fjármagna neysluna.

Bannið stöðvaði hins vegar ekki neysluna. Þvert á móti þá jókst hún stöðugt fram á miðja 20. öldina. Á árunum eftir seinni heimsstyrjöld var farið að tala um eiginlegan heróínfaraldur í Bandaríkjunum. Heróín komst í tísku í sumum kreðsum, sérstaklega á djassklúbbunum. Margir af fremstu djassónlistarmönnum þess tíma voru alvarlega háðir heróíni.

Um miðjan sjötta áratuginn rénaði faraldurinn, líklegast af tveimur meginorsökum. Annars vegar þá var framboðið ekki nægt og verðið orðið of hátt. Í heimi heróínfíkla er nægt framboð algert



Sid Vicious Bassaleikari Sex Pistols lést úr of stórum skammti 21 árs.

skilyrði. Hins vegar var þá farið að blanda efnin illa.

Tóku fíknina heim frá Vietnam

Heróín var ekki mjög vinsælt á sjöunda áratugnum. Þá var maríjúana og ofskynjunarlyf í tísku. En í upphafi áttunda áratugarins datt heróín aftur inn með miklum krafti í Bandaríkjunum. Þá voru það bandarískir hermenn sem fluttu fíknina með sér heim frá Vietnam. Hermenn á aldrinum 18 til 20 ára máttu ekki kaupa áfengi á herstöðinni. Þess vegna keyptu þeir heróín af heimamönnum. Það var bæði ódýrt og framboðið nægt.

Þeir blönduðu því við reykþóbak eða tóku það beint í nefið. Þegar fíknin var orðin mikil sprautuðu þeir sig.

Allan áttunda áratuginn geisaði mikill heróínfaraldur, síst minni en um miðja öldina. Harðari refsingar, sem Bandaríkjaforsetinn Richard Nixon innleiddi, skiptu engu máli. Neyslan rénaði þó nokkuð á þeim níunda en festist í sessi hjá ákveðnum hópi. Önnur sterk fíkniefni voru þá að flæða inn á markaðinn, sérstaklega kókaínblandað krakk sem margir tóku fram yfir heróín. Einnig var töluverð hræðsla við nýjan sjúkdóm sem smitaðist með sprautunálum, alnæmi.

Síðan þá hafa fíkniefni komið og farið úr tísku. Heróín lá lengi í dvala sem óvinsælt dóp en í kringum árið 2010 kom það aftur með hveli. Ástæðan var lyfseðilsskyldir ópíóðar sem hafa orðið sífelld vinsælli af fíklum á þessari öld. Contalgin, Oxycontin, Fentanyl og fleiri morfínskyld lyf eru misnotuð og þessi misnotkun hefur leitt suma fíkla út í notkun á heróíni. Hefur það ekki verið vinsælla í 40 ár. ■



**LOKAÐIR STURTUKLEFAR
MEÐ TOPPI, SPORNA
GEGN RAKA OG MYGLU**

Kíktu á sturta.is og
skoðaðu úrvalið
S. 856 5566



HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



SETI Leitir að lífi á öðrum hnöttum hefur staðið yfir lengi.



Hverju eigum við að leita að?

Leitin að lífi utan jarðarinnar

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Eins og er vitum við ekki til þess að líf sé að finna annars staðar í alheiminum en hér á jörðinni. Margir telja að eina lífið í alheiminum sé hér á jörðinni en öðrum finnst það vægast sagt ótrúlegt enda er alheimurinn risastór, svo stór að við vitum ekki hversu stór hann er. Áratugum saman hefur verið hlustað eftir merkjasendingum frá vitsmunaverum utan jarðarinnar og með hverju árinu eykst þessi leit. En hverju á að leita að? Hvaða ummerki gæti líf utan jarðarinnar skilið eftir sig þannig að við gætum séð það?

Það eru fleiri en ein aðferð til að leita að lífi, sérstaklega vitsmunalífi, sem gæti verið að finna í alheiminum. Ef líf er þar að finna getum við vænst þess að það sé í ýmsum formum, allt frá einfrumungum til

samfélaga sem eru milljónum eða milljörðum ára eldri en samfélag okkar manna. Það gefur eiginlega auga leið að við getum ekki notað sömu aðferðir við leit að einfrumungum og við leit að háþrúðum tæknivæddum samfélögum vitsmunavera. Af þessum sökum verðum við að vita að hverju við erum að leita og hvaða aðferðir við viljum nota. Þá vaknar sú spurning hvort við eigum að veðja á að leita að lifandi verum eða eigum við frekar að leita að samfélögum sem geta gert vart við sig með útvarpsmerkjum, geimförum eða á annan hátt?

Flestir telja eflaust að það sé meira spennandi að finna vitsmunalíf utan jarðarinnar en örverur sem synda í sjó á plánetu í órafjarlægð. Það er einmitt þetta sem starf SETI, Search for Extra-Terrestrial Intelligence, snýst um en stofnunin leitar að vitsmunalífi utan jarðarinnar. Fram að þessu

hefur leitinn byggst á að hlusta eftir útvarpsmerkjum utan úr geimnum og stundum hefur verið leitað að lasermerkjum. Á vísindaráðstefnu í byrjun árs velti Jill Tarter, einn helsti rannsakandi SETI á undanförunum áratugum, því fyrir sér hvort þessar aðferðir dugi til, einar og sér. Skoðun hennar er að SETI snúist í raun ekki um leit að vitsmunalífi því við getum ekki skilgreint hvað vitsmunalíf er.

Tækni og greind er ekki það sama

Eins og Jill Tarter sagði þá eru það ummerki um tækni sem við leitum að og þar með notum við tækni sem einhvers konar ímynd greindar en vandinn er að það er ekki hægt að segja að tækni og greind séu það sama. Það má til dæmis ímynda sér mjög greind dýr sem lifa í vatni og geta því ekki notað eld sem er einmitt ein af grunnstöðum tækni mannkynsins.

Fyrir sjö árum uppgötvaðu vísindamenn að stjarna í um 1.300 ljósára fjarlægð hegðaði sér undarlega

Leit SETI að lífi utan jarðarinnar er kannski það sem flestir kannast við í þessum málaflökki en það eru miklu fleiri sem vinna saman að þessu en aðferðirnar eru ekki alltaf þær sömu. Stærsti hluti þessarar leitar og rannsókna snýst um að finna merki um líf á annarri plánetu og væri því tekið fagnandi þótt aðeins fundist merki um örverur.

Það eru aðallega líffræðingar og tæknisinnadír vísindamenn sem vinna að rannsóknum sem þessum. Líffræðingarnir leita að lífsmerkjum en þeir tæknisinnuðu að merkjum um tækni.

Lífsmerki eru öll lífræn ummerki sem líf sendir frá sér, það gæti til dæmis verið gastegund í andrúmslofti eða lífræn efni á yfirborði plánetu sem, að því er við best vitum, verða aðallega til fyrir tilstuðlan lifandi vera. Hér á jörðinni má nefna súrefni til sögunnar sem dæmi um þetta.

Merki um tækni eru ummerki um að tækni sé til staðar. Þetta getur verið ýmislegt fleira en útvarpsmerki. Þar má nefna geimför eða svokallað Dyson-hvolf þar sem heilu sólkerfi hefur verið breytt af vitsmunaverum til að tryggja tilvist þeirra enn betur.

Getur verið erfitt að greina á milli

Það getur verið erfitt að greina á milli þess sem er náttúrulegt og tæknilegt. Eitt besta dæmið um það er að 1877 fluttu fjölmiðlar fregnir af því að skurðir væru á Mars og að þeir væru gerðir af vitsmunaverum sem hefðu verið að veita vatni frá pólum Mars niður til þurru svæðanna við miðbaug. Nú vitum við að skurðirnir voru sjónvilla sem varð til þegar reynt var að sjá smáatriði á lítilli rauðri plánetu í gegnum stóran sjónauka. Það er

kannski hægt að brosa að þessu í dag en dæmi úr nútímanum er ekki ólíkt þessu.

Fyrir sjö árum uppgötvaðu vísindamenn að stjarna í um 1.300 ljósára fjarlægð hegðaði sér undarlega. Birtustigið frá henni veiktist um 15 prósent 2011 og 22 prósent tveimur árum síðar. Þetta var of mikið til að hægt væri að skýra þetta með því að plánetu hefði farið fyrir hana og skyggt á hana. Því voru margir sannfærðir um að hér væri um Dyson-hvolf að ræða þar sem vitsmunaverur hefðu beinlínis virkjað stjörnunna og byggt stóran hlut sem væri á braut um hana. Þetta gat verið mikill fjöldi sólar-sella sem var á braut um stjörnunna og hefði þá eðlilega skyggt á hana. En mælingar frá því á síðasta ári sýna að hér var um rykský að ræða sem skyggði á stjörnunna. Þannig er auðvelt að fara villur vegar enn þann dag í dag.

Það er heldur ekki auðvelt að túlka lífsmerki. Það virðist kannski liggja beinast við að leita að nýrri jörð með bláum höfum, hvítum skýjum og súrefnisríku andrúmslofti. En við megum ekki gleyma að jörðin hefur ekki alltaf litið svona út. Hún hefur breyst í gegnum tíðina og ef við hefðum séð hana fyrir nokkrum milljörðum ára hefðum við eflaust afskrifað hana sem plánetu þar sem líf gæti þrífist. Þá samanstóð andrúmsloftið að mestu af köfnunarefni, metan, koltvísýringi og vatni en nær engu súrefni. Þrátt fyrir það var líf hér á jörðinni, örverur sem þoldu ekki súrefni og sumar þeirra framleiddu metan. Svona var jörðin fyrir um það bil tveimur til fjórum milljörðum ára. Þá má ekki gleyma að jörðin hefur að minnsta kosti einu sinni verið alþakin ís og engum hefði eflaust dottið í hug að líf gæti þrífist á slíkum stað. ■

UMHVERFISVÆNI
RUSLAPOKINN

SEGÐU NEI
VIÐ PLASTI




ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ
www.igf.is

Saumum & Sniðum



- Almennar fataviðgerðir og framleiðsla á minni og stærri verkefnum
- Tökum að okkur merkingar á handklæði, þvottastykki, teppi og rúmmföt.



 **Saumastofa
ÍSLANDS**

Malarhöfða 2 • 110 Reykjavík • lost.is • lost@lost.is • Sími 581 3330

Úttekt á Klaustursmönnum:

Sigmundur dýrastur, Gunnar Bragi skrópar í atkvæðagreiðslum

■ Ólafur talar mest og leggur fram flest frumvörp ■ Karl Gauti ódýrastur

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Allir sexmenningarnir sem sátu að sumbli á Klaustri bar sitja áfram á Alþingi. Uptaka af ósmekklegu samtali hópsins hefur sett þjóðfélagið á hliðina undanfarna viku og hafa stærstu fjölmiðlar heims fjallað um hneykslið. Ekki er ljóst hverjar endanlegar afleiðingar málsins verða. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, og Anna Kolbrún Árna-

dóttir, þingkona flokksins, ætla að sitja sem fastast á þingi. Samherjar þeirra, Bergþór Ólason og Gunnar Bragi Sveinsson, eru farnir í leyfi og óvíst er hvort eða hvenær þeir mæta aftur til starfa. Þá var Karlí Gauta Hjaltasyni og Ólafi Ísleifssyni, þingmönnum Flokks fólksins, vísað úr flokknum og eru núna munaðarlausir.

DV tók saman snarpa tölfræði-úttekt á störfum sexmenninganna á Alþingi á þessu kjörtímabili. Heimildir eru sóttar á vef Alþingis.



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

Laun og kostnaður 2018

Laun: 10.402.210

Álag á þingfararkaup: 5.505.970

Húsnæðis- og dvalarkostnaðargreiðsla: 1.297.115

Fastur ferðakostnaður í kjördæmi: 283.389

Fastur starfskostnaður: 377.852

Ferðakostnaður innanlands: 244.944

Ferðakostnaður utanlands: 600.833

Síma- og netkostnaður: 158.124

Samtals: 18.870.437 krónur

■ Hefur stigið 26 sinnum í ræðustól Alþingis og talað samtals í 1,5 klukkustundir.

■ Sigmundur var fyrsti flutningsmaður laga um að Alþingi væri með skipulagsvald á Alþingissvæðinu. Hann hefur verið nú sinnum meðflutningsmaður lagafrumvarpa.

■ Hefur lagt fram sautján fyrirspurnir til ráðherra. ■ Af 191 atkvæðagreiðslu sem Sigmundur átti að sækja hefur hann 93 sinnum sagt já, 26 sinnum nei, setið hjá í 50 skipti. Tuttugu og tvisvar sinnum hefur hann verið fjarverandi.

■ Sigmundur á sæti í efnahags- og viðskiptanefnd. Hann hefur mætt á tíu fundi af átján, sem gerir 55% mætingu.



Vandaðar innréttingar

Hjá Parka færðu hágæða SCHMIDT innréttingar, sérsniðnar að þínum óskum og þörfum.

Þjóðum aðeins það besta fyrir þig!

Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • 595 0570 • Parki.is

Parki
INTERIORS



Anna Kolbrún Árnadóttir

Laun og kostnaður 2018

Laun: 11.011.940

Húsnæðis- og dvalarkostnaðargreiðsla: 1.340.410

Fastur ferðakostnaður í kjördæmi: 300.000

Fastur starfskostnaður: 400.000

Ferðakostnaður innanlands: 2.573.089

Ferðakostnaður utanlands: 667.427

Síma- og netkostnaður: 159.797

Samtals: 16.452.663

■ Hefur stigið 33 sinnum í ræðustól Alþingis og talað samtals í 1,2 klukkustundir.

■ Anna Kolbrún var fyrsti flutningsmaður laga um stofnun lagaráðs Alþingis sem hafi það hlutverk að samræma reglur um samningu lagafrumvarpa og annan undirbúning lögjafarmála. Hún hefur verið meðflutningsmaður sautján annarra lagafrumvarpa.

■ Hefur lagt fram fimmtán fyrirspurnir til ráðherra.

■ Af 193 atkvæðagreiðslum sem Anna Kolbrún hefur átt að taka þátt í þá hefur hún 99 sinnum sagt já, 29 sinnum nei og 53 sinnum setið hjá. Tólf sinnum hún verið fjarverandi.

■ Anna Kolbrún á sæti í allsherjar- og menntamálanefnd og velferðarnefnd. Hún hefur mætt á 15 fundi af 18 hjá fyrri nefndinni og 13 fundi af fimmtán hjá hinni síðarnefndu. Það gerir 85% mætingu.

SPORT



Íþróttavöruverslun

PLAY.



Öll helstu merkin á einum stað

Opnunartími

Virka daga 11-18
Laugardaga 11-16

Sundaborg 1 Sími 553 0700

NÆG BÍLASTÆÐI VIÐ VERSLUN

Fylgdu okkur á 



Bergþór Ólason

Laun og kostnaður 2018

Laun: 10.656.255

Húsnæðis- og dvalarkostnaðargreiðsla: 613.150

Álag á þingfararkaup (þingflokksformaður): 1.598.493

Fastur ferðakostnaður í kjördæmi: 287.541

Fastur starfskostnaður: 387.080

Ferðakostnaður innanlands: 57.847

Ferðakostnaður utanlands: 967.450

Síma- og netkostnaður: 0

Samtals: 14.567.816

■ Hefur stigið 22 sinnum í ræðustól Alþingis og talað samtals í 1,2 klukkustundir.

■ Hefur ekki enn verið fyrsti flutningsmaður frumvarps á þessu þingi. Hefur verið meðflutningsmaður tíu frumvarpa.

■ Hefur lagt fram þrjár fyrirspurnir til ráðherra.

■ Af 159 atkvæðagreiðslum sem Bergþór átti að taka þátt í hefur hann 76 sinnum sagt já, 28 sinnum nei, 36 sinnum setið hjá. Hann hefur 19 sinnum verið fjarverandi en aðeins tilkynnt forföll í tíu skipti.

■ Bergþór er formaður umhverfis- og samgöngunefndar. Af sextán fundum hefur hann mætt tólf sinnum sem gerir 75% mætingu. Hann hefur einu sinni skrópað, einu sinni tilkynnt forföll og tvisvar kallað til varamann.



Karl Gauti Hjaltason

Laun og kostnaður 2018

Laun: 11.011.940

Húsnæðis- og dvalarkostnaðargreiðsla: 1.340.410

Fastur ferðakostnaður í kjördæmi: 300.000

Endurgreiddur- og fastur starfskostnaður: 400.000

Ferðakostnaður innanlands: 836.050

Síma- og netkostnaður: 63.284

Samtals: 13.951.684

■ Hefur stigið 47 sinnum í ræðustól Alþingis og talað samtals í 3,1 klukkustund.

■ Hefur lagt fram tvö frumvörp, annars vegar að Náttúruhamfaratrygging Íslands váttryggi gegn tjóni vegna skýstróka og frumvarp um að þjóðferjuleiðum verði bætt við skilgreiningu vegalaga á þjóðvegum. Hann hefur verið meðflutningsmaður á einu frumvarpi.

■ Hefur lagt fram þrettán fyrirspurnir til ráðherra.

■ Af 193 atkvæðagreiðslum hefur Karl Gauti 85 sinnum sagt já, 18 sinnum nei, en 90 sinnum ekki greitt atkvæði.

■ Situr í umhverfis- og samgöngunefnd. Af sextán fundum hefur Karl Gauti mætt þrettán sinnum sem er 81% mæting. Hann hefur tvisvar skrópað og einu sinni tilkynnt forföll.



Gunnar Bragi Sveinsson

Laun og kostnaður 2018

Laun: 10.656.255

Húsnæðis- og dvalarkostnaðargreiðsla: 613.150

Álag á þingfararkaup (þingflokksformaður): 1.598.493

Fastur ferðakostnaður í kjördæmi: 287.541

Fastur starfskostnaður: 387.080

Ferðakostnaður innanlands: 57.847

Ferðakostnaður utanlands: 967.450

Síma- og netkostnaður: 0

Samtals: 14.567.816

■ Hefur stigið 54 sinnum í ræðustól Alþingis og talað samtals í 2,7 klukkustundir.

■ Hefur ekki enn verið fyrsti flutningsmaður frumvarps á þessu þingi en verið meðflutningsmaður ellefu frumvarpa.

■ Hefur lagt fram fimm fyrirspurnir til ráðherra.

■ Af 159 atkvæðagreiðslum sem Gunnar Bragi hefur átt að taka þátt í þá hefur hann fjórum sinnum sagt já, einu sinni nei og 154 sinnum verið fjarverandi. Tólf sinnum hefur hann tilkynnt fjarvistina fyrirfram.

■ Gunnar Bragi situr í utanríkismálanefnd. Hann er með 100% mætingu á sex fundum nefndarinnar.



Ólafur Ísleifsson

Laun og kostnaður 2018

Laun: 11.011.940

Álag á þingfararkaup (þingflokksformaður): 1.651.790

Fastur ferðakostnaður í kjördæmi: 300.000

Endurgreiddur- og fastur starfskostnaður: 400.000

Ferðakostnaður innanlands: 44.080

Ferðakostnaður utanlands: 963.446

Síma- og netkostnaður: 229.480

Samtals: 14.600.736

■ Hefur stigið 81 sinni í ræðustól Alþingis og talað samtals í 5,7 klukkustundir.

■ Hefur verið fyrsti flutningsmaður þriggja frumvarpa. Að

eftirstöðvar fasteignalána falli niður í kjölfar nauðungarsölu, að Framkvæmdasjóði aldradra sé tryggt fé til bygginga og að verðtryggð lán með veði í íbúðarhúsnæði verði breytt þannig að áhrif á breytingar á óbeinum sköttum og verði á húsnæði verði felld út úr vísitöluútreikningunum sem liggur til grundvallar. Hefur verið meðflutningsmaður tíu frumvarpa.

■ Hefur lagt fram fjórtán fyrirspurnir til ráðherra.

■ Af 193 atkvæðagreiðslum hefur Ólafur 89 sinnum sagt já, 18 sinnum nei, en 79 sinnum setið hjá. Þá hefur hann verið fjarverandi sjö sinnum.

■ Situr í fjárlaganefnd. Af 25 fundum hefur Ólafur mætt 22 sinnum, sem er 88% mæting. tvisvar sinnum hefur hann kallað til varamann og einu sinni verið fjarverandi vegna þingstarfa.



Trésmiðjan Stígandi tekur að sér allt sem við kemur byggingum og mannvirkjagerð. Á tæknivæddu verkstæði smíðum við nánast hvað sem er, allt eftir þínum óskum. Við leggjum áherslu á vönduð vinnubrögð og persónulega þjónustu.



TRÉSMIÐJAN STÍGANDI

FAGMENN Í TRÉVERKI SÍÐAN 1947

TRÉSMIÐJAN STÍGANDI / SÍMI: 452 4123 / WWW.STIGANDIHF.IS

Glansher Siðmenntar

■ Sjá um nafngiftir, fermingar, giftingar og útfarir ■ Eurovision-stjörnur og þingmenn

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Athafnarstjórar eru þau kölluð sem stýra athöfnum lífsskoðunarfélagsins Siðmenntar, félags siðrænna húmanista. Sjá þau um nafngiftir, fermingar, giftingar og útfarir líkt og prestar og klerkar í öðrum trúfélögum. Athygli vekur hversu margir af athafnarstjórunum eru nafntogaðir einstaklingar. Frægt

fólk úr hinum ýmsu geirum þjóðfélagsins.

Í dag eru á þriðja þúsund félagsmenn í Siðmennt sem er innan við eitt prósent af þjóðinni. Hins vegar hefur fjölgað hratt í félaginu og til samanburðar má nefna að árið 2014 voru félagsmenn einungis rúmlega sex hundruð. Íslendingar leita í síauknum mæli í þjónustu Siðmenntar og má sérstaklega nefna að borgaralegar fermingar hafa verið mjög vinsælar.



MARGRÉT GAUJA MAGNÚSDÓTTIR

Margrét er vel þekkt úr bæjarstjórnarpólitíkinni í Hafnarfirði en þar sat hún lengi fyrir Samfylkinguna. Þá hefur hún einnig tekið sæti á Alþingi sem varaþingmaður. Íslendingar kynntust Margréti fyrst í Söngvakeppni Sjónvarpsins árið 1988. Þá söng hún Sólarömbu með föður sínum Magnúsi Kjartanssyni. Margrét hefur verið athafnarstjóri á höfuðborgarsvæðinu síðan 2016 og sinnir öllum athöfnum.

HÖRÐUR TORFASON

Hörður Torfason hefur verið athafnarstjóri hjá Siðmennt frá árinu 2012, um það leyti sem félagið fékk lögformlega skráningu og vígsluréttindi. Hörður sá um fyrstu giftingu samkynhneigðra á Íslandi sumarið 2012 en hann hefur einmitt lengi verið baráttumaður í þeim málaflökki.



GYLFI ÓLAFSSON

Gylfi hefur verið athafnarstjóri síðan árið 2015 á Ísafirði. Hann er heiluhagfræðingur og tók nýlega við stöðu sjúkrahússtjóra þar í bæ. Gylfi er þungavigtarmaður innan Viðreisnar. Hann starfaði áður sem aðstoðarmaður Benedikts Jóhannessonar fjármálaráðherra og seinna var hann oddviti flokksins í Norðvesturkjördæmi, en náði ekki inn á þing.

HÁKON GUÐRÖÐARSON

Hákon er ungur lífskúntner sem samkvæmt heimasíðu Siðmenntar geymir bónda í hjarta sér. Nýlega tók hann við stöðu sem athafnarstjóri á Austurlandi. Hákon rekur Hildibrand hótél í Neskaupstað ásamt eiginmanni sínum. Þá er hann einnig þekktur sem dragdrottningin Hákon Hildibrand.



ANNA PÁLA SVERRISDÓTTIR

Anna Pála var mjög áberandi í þjóðfélagsmæðunni fyrir nokkrum árum. Um tíma var hún varaþingmaður fyrir Samfylkinguna og tók sæti á Alþingi. Þá var hún einnig formaður Samtakanna '78. Anna Pála er athafnarstjóri í Reykjavík og sinnir öllu nema útförum.



HELGA VALA HELGADÓTTIR

Lögmaðurinn og leikkonan Helga Vala Helgadóttir hefur verið athafnarstjóri síðan árið 2016 og sinnir öllum athöfnum í Reykjavík. Helga hafði tveimur árum áður fengið viðurkenningu frá félaginu fyrir störf í þágu mannréttinda. Árið 2017 tók Helga Vala sæti á Alþingi fyrir Samfylkinguna.



MÖRÐUR ÁRNASON

Mörður var einn af þeim þingmönnum sem vöktu athygli árið 2010 fyrir að sækja hugveki Siðmenntar í stað messu í upphafi þings. Þá var hann þingmaður Samfylkingarinnar. Hinir voru Katrín Jakobsdóttir, Árni Þór Sigurðsson og Skúli Helgason. Mörður er einn af fremstu íslenskumönnum landsins og hefur meðal annars gefið út íslenska orðabók.



SELMA BJÖRNSDÓTTIR

Selma er nýtekin við stöðu athafnarstjóra á höfuðborgarsvæðinu og sinnir öllum athöfnum sem í boði eru. Selma er ein af ást-sælustu leik- og söngkonum landsins. Meðal annars söng hún tvívegis fyrir Íslands hönd í Eurovision og lenti í öðru sæti árið 1999. Á heimasíðu Siðmenntar segir hún að hana langi til að gefa af sér á mikilvægum stundum í lífi fólks.



PINNAMATUR
VEISLUR ERU OKKAR LIST!

JÓLAHLAÐBORÐ 2018

AFGREITT Á EINNOTA FÖTUM, TILBÚÐ FYRIR VEISLUNA
HRINGDU OG PANTAÐU Í SÍMA 555 1810

Veislulist

HÓLSHRAUN 3, 220 HAFNARFJÖRÐUR / S 555 18 10 OG 565 1810 / VEISLULIST@VEISLULIST.IS / VEISLULIST.IS

LG OLED er rétta sjónvarpið fyrir þig

LG OLED sjónvörpin eiga sívaxandi í vinsældum að fagna hér á landi og eru í dag ein mest seldu OLED tækin á markaðnum. Erfitt hefur reynst að sýna fram á að önnur sjónvarpstækni standist samanburð í myndgæðum. LG er brautryðjandi í OLED sjónvarpstækni sem eru bestu mögulegu myndgæði í sjónvarpi í dag. Með yfir 1 milljarð litatóna og fullkomnum svörtum lit, en dýpri svartur skilar sér í margslungnari og betri litum. LG leggur auk þess áherslu á að sjónvörpin séu ekki lýti á rýminu heldur er mikið lagt upp úr glæsilegri hönnun. Nýjustu sjónvörpin frá LG eru stílhrein, örþunn og laus við þykkann ramma utan um skjáinn.

Hnökralaus upplifun

LG OLED færir þér allra bestu mögulegu sjónvarpsupplifun og styður allar HDR gerðir sem eru í boði með 4K upplausn. Byltingarkenndur og örþunnur OLED skjárin hefur framúrskarandi a9 örgjörva ásamt Dolby Atmos þrívíddar hljóðkerfi. Heimspækki snjallnetvafrinn webOS 4.0 og Magic Remote fjarstýringin gera viðmótíð notendavænna og tryggja hnökralausa upplifun í samskiptum við önnur tæki á heimilinu.

Gífurleg skerpa og fullkominn svartur

Fullkominn svartur dregur fram myndskerpuna og eykur möguleika myndefnisins svo um munar. Gífurleg myndskerpun bætir dýpt litanna, dregur smáatriðin og áferð myndefnisins fram í dagsljósið og framkallar þannig alvöru kvikmyndahúsastemningu.

Munurinn sem einungis OLED tæknin getur skilað

LG OLED sjónvörpin tryggja fullkominn svartan með 8 milljónum pixla, þar sem birtu hvers pixils er stýrt af nákvæmni.



Hér eru fimm ástæður þess að LG OLED er rétta sjónvarpið fyrir þig:

1. Aðeins sjálflyfsandi pixlar geta skapað fullkomna myndskerpuna

Stjörnurnar skína skærar á kolsvörtum himni. Aðeins OLED getur skapað slíka myndskerpuna milli ljóss og myrkurs og fært þá upplifun heim í stofu. Engin önnur skjátækni getur fært þér sömu dýpt og jafndökkann skjá og OLED sjónvarpið þar sem hver einasti pixill stýrir sínu eigin ljósi.

2. Milljarður marslunginna og sannra lita

Litir sem mæta fullkomnum svörtum í LG OLED verða enn bjartari en áður. Upplifðu hreina liti þökk sé einstakri OLED tækni sem stýrir birtustigi og lit af nákvæmni með því að styðja við hvern einstakan undirpixil. Það þýðir að þú getur séð yfir 1 milljarð litatóna.

3. Breiðasti HDR stuðningurinn, þar með talið Dolby Vision og Advanced HDR frá Technicolor

HDR skjátækni LG styður bæði HDR10 og HLG og jafnvel eykur dýpt og hefðbundin myndgæði ramma fyrir ramma. Einnig styður það við meira krefjandi sniðmát eins og Dolby Vision og Advanced HDR frá Technicolor svo þú getir notið alls betra myndefnis sem í boði er í HDR.



4. Jafnir litir og áhorf sama frá hvaða sjónarhorni er horft

Við sitjum ekki alltaf beint fyrir framan sjónvarpið. Þegar við bjóðum vinum í heimsókn til þess að horfa á leikinn eða viljum njóta kvikmynda með fjölskyldunni ættu allir að geta séð bestu mögulegu myndgæði. OLED sýnir sömu litina án afbrigða jafnvel frá sjónarhornum sem venjuleg sjónvörp geta ekki valdið.

5. Snjallari örgjörvar LG fullkomna daglega áhorfsupplifun

Að baki hverri fullkominni LG mynd liggur a9 snjallörgjörvinn sem eykur gæðin í öllu efni sem þú horfir á. Háþrúð Quad-Step myndsuðeyðing,



LG OLED



Conventional TV



LG OLED



Conventional TV



aukin dýpt í smáatriðum og myndskerpuna sem bætir myndina í skjánum.

LG OLED sjónvörpin fást í Raflandi, Síðumúla 2 og á rafland.is

Sími: 520-7900
Vefpóstur: sala@rafland.is
Opíð er alla virka daga frá 10-18 ■

Elenora Rós heldur kærleiksjól til styrktar

Ég á bara eitt líf

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Elenora Rós Georgesdóttir er 17 ára gömul og hefur frá unga aldri haft mikinn áhuga á kökum og bakstri. Elenora er jólabarn, enda fædd á Þorláksmessu, og í anda jólaanna gefur hún af sér og heldur Kærleiksjól í Fríkirkjunni laugardaginn 8. desember, en allur ágóði viðburðarins mun renna til Minningarsjóðs Einars Darra.

Elenora hefur frá unga aldri bakað með móður sinni. „Mamma mín er svo klár að baka og skreyta kökur og það er eitthvað sem við gerðum oft saman og ég hef haft mikinn áhuga á síðan ég var krakki,“ segir Elenora. „Það er alltaf til eitthvert bakkelsi heima, kanelsnúðar, kleinur eða annað. Síðan þegar ég varð eldri fór ég að skoða uppskriftir á netinu og svona 11–12 ára gömul þá var ég farin að baka alveg sjálf.“

Það má því segja að baksturinn og áhugi á honum sé Elenoru í blóð borinn og hún ákvað að nýta áhugann alla leið og að loknum tíunda bekk skræði hún sig í nám í bakaraíðni í Menntaskólanum í Kópavogi. „Ég fór síðan á samning hjá Braud&co og hefur aldrei liðið jafn vel eða fundist ég vera jafn velkomin eins og hér.“

Gaf til baka til Barnaspítalans

Elenora er með síðuna Le' Nores Cakes á Facebook, lenorescakes, og í fyrra hélt hún bollakökubasar og hljóp í Reykjavíkumaraþoninu, allt til styrktar Barnaspítala Hringins, en Elenora á honum og starfsfólki hans mikið að þakka. Elenora fæddist með líffæri utan líkamans, það er fæðingargalli sem ber nafnið Omphalocele.



Það var nóg um að vera við baksturinn þegar ljósmyndari DV leit við.

Kærleiksríkt og skemmtilegt eins og jólin eiga að vera

Hún þurfti á bráðaaðgerð að halda strax eftir fæðingu og hefur síðan þurft að leggjast oft inn á spítala, farið í fjölda aðgerða, 2–3 sinnum á ári, og fjölda skoðana.

„Mig langaði að gefa þeim til

baka það sem þau hafa gert fyrir mig,“ segir Elenóra. „Ég hef fengið mikla þjónustu frá Barnaspítalanum og það er alveg sama þó að ég hafi verið erfið, til dæmis þegar lyfin hafa farið illa í mig, starfsfólkið er



Elenora Rós hefur bakað frá því að hún var barn og lætur gott af sér leiða á aðventunni.



Allur ágóði Kærleiksjóla rennur til styrktar áttakinu Ég á bara eitt líf.



Einar Darri var 18 ára þegar hann lést. Hans verður sárt saknað um jólin af ættingjum og vinum.

alltaf með bros á vör og kemur fram við mig eins og ég sé frábær einstaklingur.“

Jólin eru erfiður tími fyrir þá sem hafa misst ættingja eða vini

Í ár er annað málefni sem nýtur krafta Elenoru, Minningarsjóður Einars Darra, en Einar Darri Óskarsson var bráðkvaddur á heimili sínu 25. maí vegna lyfjæitrunar. Hann var 18 ára. Eftir andlát hans stofnuðu fjölskylda hans og vinir Minningarsjóð og áttakinu Ég á bara eitt líf. En af hverju valdi Elenora að styrkja minningarsjóðinn?

„Ég á nokkrar vinkonur sem hafa misst foreldri og systkini rétt fyrir jól og jólin eru alltaf erfiður tími, jafnvel næstu ár á eftir, fyrir þá sem hafa misst nána ættingja,“ segir Elenora. „Ég er jafngömul Einari Darra og þekki eina af hans nánustu vinkonum, hún talar um að jólin í ár verði erfið fyrir sig.“

Jólin í ár verða fyrstu jólin sem ættingjar og vinir Einars Darra verða án hans. „Mig langaði að gera gott fyrir fjölskyldu hans, koma henni svolítið í jólaskap og láta henni líða vel yfir hátíðina, af því hún mun örugglega reynast þeim erfið. Mér finnst málefnið mikilvægt og eitthvað sem þarf að vekja athygli á.“

Vinkonur Elenoru aðstoða hana við baksturinn og munu borðin í Fríkirkjunni svigna undir kræsingum á laugardaginn. „Það verður opið hús og við erum með

alls konar: sörur, smákökur, tertur, bollakökur, súkkulaði- og mar-engstertur og fleira. Við fengum salinn endurgjaldslaust og munum skreyta hann, og allt hráefni í baksturinn var gefins og þakka ég öllum þeim sem styrktu sérstaklega fyrir,“ segir Elenora.

Nokkrar ungar stúlkur munu einnig mæta og spila jólalög og halda uppi stemningunni.

Allir eru velkomnir og ekkert kostar inn en á staðnum verður söfnunarbaukur sem gestir geta sett frjáls framlög í. Einnig geta þeir sem vilja styrkja framtakið lagt beint inn á Minningarsjóð Einars Darra: kennitala: 510718-1510, reikningsnúmer: 552-14-405040.

„Mér finnst mikilvægt að allir fái að finna fyrir einstaka jólaandanum. Að sjá fólk koma saman, með fallegri tónlist og ljúffengu bakkelsi sem hörkuduglegt fólk hefur bakað með ást og alúð. Þetta verður notalegt, eftirminnilegt, kærleiksríkt og skemmtilegt. Nákvæmlega það sem jólin eiga að snúast um. Fullkomið tækifæri til að taka þásu í jólastressinu.“

Ekki flækja málin.

VIÐ SÆKJUM BÆTURNAR

SLYSABÆTUR.IS

Suðurlandsbraut 14 • 108 Reykjavík • Sími 588 0188 • slysabaetur@slysabaetur.is



ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

Nýtt

DeLonghi

Clessidra kaffivél
Gæði í hverjum sopa

DEL-ICM17210
Nýjung frá DeLonghi – Glæsileg Café Clessidra kaffivél sem sýður vatnið upp í kjörhitastig fyrir kaffibruggun. Heldur kaffinu heitu og slekkur á sér sjálfvirk eftir 40 mín.

JÓLATILBOÐ
14.995
FULLT VERÐ 17.995

blendtec

ÖFLUGUR BLANDARI
3 litir

BLE-575
Öflugur Blendtec Classic 575 blandari með FourSide könnu og fjölbreyttu úrvali af stillingum á einföldu stýriborði. Þykkir og sterkir hnifar og auðvelt að þrifa. Fáanlegur í þremur litum.

JÓLATILBOÐ
39.995
FULLT VERÐ 49.995

Ariete

GUFUBURSTI

ARI-4167
Losnaðu við að strauja með Gufubursta sem virkar á öll fót. Lóng snúra, tilbúinn til notkunar á 45 sek og 2 burstar fylgja.

JÓLATILBOÐ
4.995
FULLT VERÐ 6.995

PHILIPS

SKEGG- OG SNYRTISETT

PHS-BT750185
Skeggsnyrtir með hársugu ásamt líkamshárasnyrti. Geymslupoki fylgir.

JÓLATILBOÐ
11.995
FULLT VERÐ 14.995

witt

SOUS VIDE TÆKI

WIT-EASYSOUSVIDE
SOUS VIDE vacuumsuðutæki fyrir alla potta. Afar nákvæmt tæki með tímastilli upp í allt að 99 klst.

JÓLATILBOÐ
14.995
FULLT VERÐ 19.995

JBL
by HARMAN

SOUNDBAR HEIMABIÓ

JBL BAR51
JBL Soundbar heimabiókerfi með þráðlausum hátölurum sem má taka í sundur og raða saman að vild.

JÓLATILBOÐ
69.995
FULLT VERÐ 92.995

JBL
by HARMAN

PRÁÐLAUS BLUETOOTH HÁTALARI

JBL PULSE3
Práðlaus Bluetooth hátalari með 360° hjómi og lýsingu sem dansar í takt við tónlistina

JÓLATILBOÐ
19.995
FULLT VERÐ 29.895

PHILIPS

SAMSTÆÐA

PHS-BTM1560
Philips Micro Bluetooth samstæða með geislaspilara, útvarpi og vekjara.

JÓLATILBOÐ
16.995
FULLT VERÐ 24.995

Fissler

PARIS POTTASETT

FIS-00211405000
Vandað Fissler Paris pottasett, 5 pottar með þéttum glerlokum. Má fara í uppvottavél og þolir allt að 180°C í ofni (án loks). Passar á allar gerðir helluborða.

JÓLATILBOÐ
29.995
FULLT VERÐ 39.995

Robot

SKÚRINGA VÉLMENNI

IRO-390T
iRobot Braava skúringavélmenni sem þurr- og blautmoppar allar gerðir harðra gólfefna. Hreinsar allt að 93m2 með þurrhreinun eða 33m2 með blauthreinun í einni umferð.

JÓLATILBOÐ
44.995
FULLT VERÐ 54.995

TÖLVULISTINN Heimilistæki

Opið alla daga til jóla

Heimilistæki ht.is
7 VERSLANIR UM LAND ALLT

Svona heldurðu kolvetnasnaud jól

■ Forréttur, aðalréttur og eftirréttur ■ Ekkert mál að vera ketó yfir hátíðarnar

Lilja Katrín Gunnarsdóttir
lilja@divis



Fjöldmargir borða samkvæmt hinu svokallaða ketó-mataræði, eða lágkolvetna mataræði. Mataræðið felst í því að sneiða kolvetni að mestum hluta úr mataræðinu, en þeir sem eru ketó

mega til dæmis ekki borða sykurl, hveiti, ýmsa ávexti og grænmeti.

Því eru einhverjir sem kvíða jólunum og matseldinni sem þeim fylgir, en matarvefur DV kemur til hjálpar og bryddar upp á ketó-vænum hátíðaruppskriftum. ■

Forréttur

Humarsúpa

Hráefni:

4 humarhalar í skel
2 msk. ólífuoía
½ bolli laukur, saxaður
1½ tsk. hvítlaukur, smátt saxaður
1 bolli þurr hvítvín
2 tsk. Worcestershire-sósa
1 tsk. salt
1 tsk. þurrkað timjan
½ tsk. paprikukrydd
½ tsk. cayenne-pípar
¼ tsk. svartur pípar
1–2 msk. tómátþurra
2 bollar humarsoð
2 bollar rjómi
4 msk. smjör

Aðferð:

Sjóðið humarhalana í 6 til 8 mínútur þar til skelin er rauð. Takið halana úr pottinum en haldið eftir vatninu til að nota sem humarsoð. Takið kjötið úr skelinni



og setjið skelina aftur í vatnið og sjóðið í 10 mínútur til viðbótar. Hellið humarsoðinu í gegnum fínt gatasigt og haldið eftir 2 bollum. Skerið humar í munnbitastærð og setjið til hliðar. Takið til stóran pott og hitið olíu yfir meðalhita. Steikið lauk og hvítlauk í 5 mínútur. Blandið víninu varlega saman við, síðan Worcestershire-sósunni, salti, timjan, paprikukryddi, cayenne-pípar og svörtum pípar. Hrærið tómátþurru og humarsoðinu saman við. Náið upp suðu og látið malla í 10 mínútur. Maukið súpuna með töfrasprota og bætið síðan rjóma og smjöri saman við. Smakkið til og saltið eftir þörfum. Setjið humarinn út í súpuna og látið malla í 5 til 10 mínútur til viðbótar.

Hvítlauksbrauð

Hráefni:

1 bolli rifinn ostur
½ bolli möndlumjöl
2 msk. rjómaostur
1 msk. hvítlaukskrydd
1 tsk. lyftiduft
salt
1 stórt egg
1 msk. smjör, brætt
1 hvítlauksgeiri, smátt saxaður
1 msk. fersk steinselja, söxuð
1 msk. rifinn parmesanostur

Aðferð:

Hitið ofninn í 200°C og setjið smjörpappír á stóra ofnplötu. Setjið rifinn ost, möndlumjöl,



rjómaost, hvítlaukskrydd, lyftiduft og salt í skál sem þolir örbylgjuofn. Hitið í örbylgjuofni í um mínútu, eða þar til osturinn er bráðnaður. Hrærið egg saman við. Hellið deiginu á ofnplötuna og mótið brauðhleif úr því. Blandið smjöri, hvítlauk, steinselju og parmesan saman í lítilli skál og penslið deigið með blöndunni. Bakið í 15 til 17 mínútur, eða þar til brauðið er fallega gullinbrúnt.

Aðalréttur

Lamb með fáfnisgrasi

Hráefni:

600 g lambakjöt
salt og pípar
3 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir
1 msk. þurrkað fáfnisgras
4 msk. ólífuoía
1 rauðlaukur, skorinn í þunnar sneiðar
2 dósir cannellini-baunir, safi tekinn af

Aðferð:

Hitið ofninn í 200°C. Kryddið lambið með 1 teskeið af salti og ½ teskeið af pípar. Setjið það í ofnpott eða ofnskúffu. Blandið hvítlauk, fáfnisgrasi og 1 matskeið af olíu saman í lítilli skál. Nuddið þessari



blöndu í lambið. Steikið lambið í 25 til 30 mínútur fyrir „medium rare“, færið það á skurðarbretti og leyfið því að hvíla í 5 mínútur áður en það er skorið. Haldið eftir soðinu fyrir sósuna (sjá sósuuppskrift). Hitið restina af olíunni, 3 matskeiðar, í stórrí pönnu yfir meðalhita. Steikið lauk í um 4 mínútur eða þar til hann er mjúkur. Bætið baunum, ½ teskeið af salti og ¼ teskeið af pípar saman við. Eldið í 3 til 4 mínútur og berið fram með lambinu.

Ketó-sósa



Hráefni:

4 msk. smjör
1 bolli soðið af lambakjötinu
2 bollar nautasoð
2 tsk. Worcestershire-sósa
1 tsk. hvítlaukskrydd
salt og pípar
2 msk. vatn
¼ bolli maísterkja

Aðferð:

Takið til meðalstóra pönnu og bræðið smjörið yfir meðalhita. Bætið soði af lambakjöti og nautasoðinu varlega saman við og þeytið þar til blandan er silkimjúk. Náið upp suðu og bætið síðan Worcestershire-sósunni og hvítlaukskryddinu saman við. Kryddið með salti og pípar. Blandið vatni og maísterkju saman í lítilli skál og blandið því síðan við sósuna. Hrærið stanslaust í 3 mínútur, eða þar til sósan hefur þykknað. Ef hún er of þykk er um að gera að bæta meira soði við.

Hvítlaukssveppir



Hráefni:

4 msk. smjör, brætt
2 hvítlauksgeirar, smátt saxaðir
2 tsk. ferskt timjan, saxað
1 tsk. balsamic-edik
salt og pípar
680 g sveppir, hreinsaðir

Aðferð:

Hitið ofninn í 190°C. Blandið smjöri, hvítlauk, timjan og ediki saman í meðalstórrí skál. Raðið sveppunum á stóra ofnplötu og hellið smjör-blöndunni yfir þá. Saltið síðan og piprið. Steikið í 15 til 18 mínútur.

Ofnbakaður aspas



Hráefni:

900 g aspas, stilkarnir snyrtir
3 msk. ólífuoía
salt og pípar

Aðferð:

Hitið ofninn í 200°C. Blandið öllum hráefnum vel saman og ekki spara salt og pípar. Skellið á ofnplötu og bakið í 25 mínútur.

Blómkálsgratín

Hráefni:

1½ blómkálshaus, skorinn í bita
12 msk. smjör
½ bolli rjómi
3 hvítlauksgeirar
2 bollar rifinn ostur
1 bolli rifinn parmesanostur
1 msk. ferskt timjan
salt og pípar

Aðferð:

Hitið ofninn í 200°C. Sjóðið blómkálið í saltvatni í 8 mínútur. Smyrjið stórt eldfast mót með smjöri. Bætið helmingnum af blómkálinu í botninn og hellið helmingnum af rjómanum yfir það. Dreifið helmingnum af smjöri, hvítlauk, osti, parmesan og timjan yfir það



og endurtakið síðan. Saltið og piprið. Bakið þar til osturinn hefur bráðnað og tekið lit, eða í um 30 mínútur. Leyfið að kólna í 5 mínútur og berið svo fram.

Eftirréttur

Ketó-súkkulaðikaka

Kaka – Háefni:

1½ bolli möndlumjöl
2/3 bollar kakó
¾ bollar kókoshveiti
¼ bolli flax
2 tsk. lyftiduft
2 tsk. matarsódi
1 tsk. salt
115 g smjör, mjúkt
¾ bolli ketó-sykur (eins og Swerve)
4 stór egg
1 tsk. vanilludropar
1 bolli möndlumjól
1/3 bolli sterk kaffi

Aðferð:

Hitið ofninn í 175°C og takið til tvö hringlaga form, sirka 20 sentímetra stór. Smyrjið þau með smjöri. Blandið möndlumjöli, kakó, kókoshveiti, flax, lyftidufti, matarsóda og salti vel saman í skál. Þeytið smjör og Swerve vel saman í annarri skál og bætið eggjunum saman við einu í einu, og því næst vanilludropunum. Blandið þurrefnunum saman við og hrærið síðan mjól og kaffi saman við. Skiptið deiginu á milli formanna tveggja og bakið í um 28 mínútur. Kælið alveg.

Krem – Háefni:


450 g rjómaostur, mjúkur
115 g smjör, mjúkt
¾ bolli ketó-sykur (eins og Swerve)
½ bolli kakó
½ bolli kókoshveiti
¼ tsk. instant-kaffi
¾ bolli rjómi
salt

Aðferð:

Blandið rjómaosti og smjöri vel saman þar til blandan er silkimjúk. Bætið Swerve, kakói, kókoshveiti og instant-kaffi saman við og þeytið þar til blandan er kekkjalaus. Bætið rjóma og salti saman við og þeytið vel. Setjið einn kökubotn á disk, smyrjið hann með kremi og setjið hinn botninn ofan á. Notið restina af kreminu ofan á kökuna. Geymið í ísskáp þar til kakan er borin fram.



Helgarkrossgátan



→		sefar			klunna
land	↓	2	6	sef	
dægur	↓	2	6	sef	
2 eins álpast	↓	2	6	sef	

↓		skakkur	áflog	svarf	Teikning: Halldór Andri eftir prentun bónnuð	áttund slælegan		öfug röð		
skraninu	9	9	9	9	9	9	9	sólguð snotur	2	3
komast	peru flutti	peru flutti	peru flutti	peru flutti	peru flutti	peru flutti	peru flutti	peru flutti	peru flutti	númerið
storm	væl 3 eins	væl 3 eins	væl 3 eins	væl 3 eins	væl 3 eins	væl 3 eins	væl 3 eins	spendýr planta	2	1
óttá	kona kvaka	kona kvaka	kona kvaka	kona kvaka	kona kvaka	kona kvaka	kona kvaka	auli	5	5
listamañn	maður náð	maður náð	maður náð	maður náð	maður náð	maður náð	maður náð	fisk spíra	1	6
pirraðar	litillækka ormaða	litillækka ormaða	litillækka ormaða	litillækka ormaða	litillækka ormaða	litillækka ormaða	litillækka ormaða	litillækka ormaða	2	1
5	hlutverkið fugl röð	hlutverkið fugl röð	hlutverkið fugl röð	hlutverkið fugl röð	hlutverkið fugl röð	hlutverkið fugl röð	hlutverkið fugl röð	þófinn fuglar	9	3
fugl	7	7	7	7	7	7	7	samtök ilátin	ávöxtur	fiskurinn fiskana
þurs	eina til	eina til	eina til	eina til	eina til	eina til	eina til	kvað	2	5
drykkur	vikurinn	vikurinn	vikurinn	vikurinn	vikurinn	vikurinn	vikurinn	þegar	8	6
2 eins	fuglinn	fuglinn	fuglinn	fuglinn	fuglinn	fuglinn	fuglinn	sleiktir	4	3
elju	ilát	ilát	ilát	ilát	ilát	ilát	ilát	51	4	51
hremmi innheimtir	tyggja ís	tyggja ís	tyggja ís	tyggja ís	tyggja ís	tyggja ís	tyggja ís	til	4	51
aflaga	möndull ófaa	möndull ófaa	möndull ófaa	möndull ófaa	möndull ófaa	möndull ófaa	möndull ófaa	stefna baunin	4	51
3	49 sáðlönd	49 sáðlönd	49 sáðlönd	49 sáðlönd	49 sáðlönd	49 sáðlönd	49 sáðlönd	2000 göma	4	51
banda- ríkja- mennina	gnauða forað	gnauða forað	gnauða forað	gnauða forað	gnauða forað	gnauða forað	gnauða forað	bei, bei!	4	51
2 eins	unnusta freri	unnusta freri	unnusta freri	unnusta freri	unnusta freri	unnusta freri	unnusta freri	brambolt	4	51
sönglag	skvettí	skvettí	skvettí	skvettí	skvettí	skvettí	skvettí	skvettí	4	51
hast	knæpa	knæpa	knæpa	knæpa	knæpa	knæpa	knæpa	afkomanda	4	51

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld

		9	2					3
5	8	4	9	7	8	5	3	1
3	2	6	4	8	7	5	3	1
4	1	5	9	1	2	4	8	1
7	9	1	2	4	8	5	3	1
8	2	4	6	8	7	5	3	1
3	6	2	8	1	6	3	7	8
4	9	2	5	6	4	3	7	8
9	5	3	4	6	8	7	5	1
1	5	3	4	6	8	7	5	1

Erfið

3	6		2			1
4	9	2	5	6	4	3
9	5	3	4	6	8	1
1	5	3	4	6	8	1

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.

Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is




Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er ...

Sigurdís Rós

Lausnarorðið var
RAUSNARKERLING

Sigurdís Rós hlýtur að
launum bókina **Smáa Letrið**



Í verðlaun fyrir gátu helgar-
bladsins er bókin **Dag einn í
desember**

Laurie trúir ekki á ást við fyrstu sýn því lífið er ekki bíómynd. En dag einn í desember, þegar hún er á heimleið með strætisvagni, kemur hún auga á hann í gegnum móðuna á rúðunni; hinn eina rétta. Hann mætir augnaráði hennar, andartakið er þrungió töfrum – en svo ekur vagninn af stað. Laurie eyðir heilu ári í að leita hans – og finnur hann um næstu jóla, þegar besta vinkona hennar kynnir nýja kærastann sinn fyrir henni.

Laurie reynir að láta lífið halda áfram og í tíu ár skarast leiðir þeirra Jacks gegnum vináttu og ástarsambönd, hjartasorgir og glötuð tækifæri, afneitun og erfiðleika. Saga þeirra er skemmtileg, hjartnæg og gripandi ástarsaga um örlög sem tvinnast saman og flækjast á ýmsa vegu á þyrnivegi hamingjunnar.

Josie Silver skrifar um rómantik og ást og skammast sín ekkert fyrir það. Hún kynntist manningnum sínum þegar hún steig á fótinn á honum á afmælisdaginn hans og býr nú með honum í breskum smábæ ásamt tveimur ungum börnum þeirra og ketti. Dag einn í desember er fyrsta skáldsaga hennar og hefur þegar verið seld til margra landa.

Höfundur: Josie Silver, Herdís Hübner þýddi

SAKAMÁL



3 mánuðum eftir að Bandaríkjamaðurinn Pan Sayakhoummane var myrtur við Arkansas-ána skammt frá Muldrow var mörðinginn handtekinn. Var þar um að ræða Donald Ray Wackerly II. Sayakhoummane hafði verið að tygja sig til heimfarar þegar Wackerly og eiginkona hans, Michelle, urðu á vegi hans. Wackerly, það voru engar vöflur á Wackerly. Hann skaut Sayakhoummane átta sinnum með .22 kalíbera riffli, hirti veiðigræjur hans, ýtti bifreið hans út í ána og lagði síðan á flóttu. Það var Michelle sem upplýsti yfirvöld um ódæði eiginmanns síns. Að hennar sögn hafði Wackerly, að morgni þessa dags, sagt að hann vantaði fé til að kaupa fíkniefni og hann „myndi gera hvað sem er“ til að verða sér úti um það. Wackerly var tekinn af lífi í Oklahoma 14. október 2010.

ELSIE, NORMAN

■ Elsie vildi giftast sem fyrst enda að nálgað fertugsaldurinn ■ Norman var tíu árum yngri og fa

Fyrir langa löngu bjó kona ein í London á Englandi. Konan hét Elsie Cameron og sá sér farborða með vélritunarþjónustu. Elsie, sem vakti ekki athygli fyrir útlits sakir, venjulega var með böggum hildar enda orðin 26 ára og einhleyp. Á þeim tíma, upp úr aldamótunum 1800/1900, var það afleit staða að vera í ef um var að ræða konur.

Árið 1920 kynntist Elsie Norman Thorne, rafmagnsfræðingi sem rétt var skriðinn yfir tvítugt. Af ótta við að ganga í gegnum lífið einsömul ákvað Elsie að Norman myndi duga – hann einfaldlega yrði að duga.

Atvinnumissir og sjálfstæður rekstur

Nú, unga fólkið, misunga þó, skellti sér í tilhugalífið og tilveran gekk til þess að gera sinn vana-gang; Elsie sinnti sínu starfi og Norman sínu.


Sumarið 1921 missti Norman vinnuna og ákvað að gerast sjálf-



Í dómsal Norman Thorne stendur frammi fyrir örlögum sínum.

stæður atvinnurekandi. Faðir hans hljóp undir bagga og gaf honum 100 sterlingspund til að létta honum róðurinn fyrstu skrefin.

Norman keypti jarðarskika í Blackness, í Crowborough í Sussex og stofnaði þar Wesley-hænsna-búið.



Elizabeth „Bessie“ Coldicott Hitti Norman á dansleik og heillaði hann upp úr skónum.

TÖKUM AÐ OKKUR ALLAR ALMENNAR FATAVIÐGERÐIR

Komdu með þjálunn fyrir jólin



Saumastofa ÍSLANDS

Malarhöfða 2 • 110 Reykjavík • lost.is • lost@lost.is • Sími 581 3330

Við nánari kynni komst Norman að því að Bessie var ekki eins krefjandi og Elsie

Tíðar helgarferðir

Norman var dugnaðarforkur og fyrir en varði hafði hann reist röð smáhýsa og komið upp hænsna-gerðum. Hverja helgi hjólaði Norman til London og varði tíma með Elsie. Norman bætti um betur og breytti einu smáhýsinu í þokkalegt heimili, þótt smátt í sniðum væri.

Nú var komið að Elsie að leggja land undir fót um helgar. Alla jafna fór hún með lest til Sussex, var með Norman á daginn en fékk gistingu hjá nágrannafjölskyldu um nætur. Tíðarandinn á þeim tíma bauð ekki upp á að ógift par eyddi nóttinni saman.

Trúlofun en engin gifting

Elsie og Norman trúlofuðu sig um jólin árið 1922, en gleði Elsie varð skammvinn því skömmu síðar missti hún vinnuna. Næstu mánuði fékk hún starf á nokkrum stöðum, en hætti í þeim öllum af einni eða annarri ástæðu.

Til að bæta gráu ofan á svart þá tók rekstur Normans dýfu um mitt ár 1923 og gekk afar illa. Af þeim sökum var Norman hikandi við að ákveða giftingardag og lagðist það hik afar illa í Elsie.

Bessie kemur til skjalanna

Um hvítasunnuna 1924 skellti Norman sér á dansleik í sveitinni í Sussex. Þar hitti hann fatagerðar-



175.000 dalir var upphæðin á verðmiðanum sem Christie Michell Scott setti á 6 ára, einhverfan son sinn, Mason. Christie var þrítug þegar hún, 16. ágúst 2008, bar eld að heimili sínu í Russelville í Alabama. Við réttarhöldin voru færðar sönnur á að það hefði hún gert af ásettu ráði og vitandi vits komið málum þannig fyrir að Mason varð eldinum að bráð. Ástæða þessa ódæðis var sú að Christie hugðist koma höndum sínum yfir 175.000 dala líftryggingu sonar síns. Henni varð ekki kápan úr því klæðinu. Kvíddómur í máli hennar mælti með lífstíðardóm, en dómari var á öðru máli og dæmdi hana til dauða 5. ágúst 2009.



AN OG BESSIE

annst ekki liggja á ■ Bessie birtist eins og skrattinn úr sauðarleggnum og breytti öllum áformum



Hænsnabóndinn Norman Thorne fór út í sjálfstæðan rekstur í kjölfar atvinnumissis.



Í hæsnafans Rekstur hæsnabýlissins gekk upp og ofan.

konuna Bessie Coldicott. Við nánari kynni komst Norman að því að Bessie var ekki eins krefjandi og Elsie. Hún var ekkert fyrir að flækja hlutina og hafði unun af lífinu. Þess var skammt að bíða að Bessie tæki sess Elsie í huga Normans. En um stórvægilegar breytingar var ekki að ræða, svona opinberlega.

Í október fór Elsie til Crowborough og var þar í viku. Venju samkvæmt hélt hún til hjá nágrennunum, Cosham-hjónunum, um nætur, en var á býlinu þar til kvöldla tók.

Elsie segist vera barnshafandi

Þegar hún var komin aftur heim til London settist hún niður og skrifaði Norman bréf. Í bréfinu sagði hún meðal annars að hún væri barnshafandi. Norman svaraði henni í bréfi og upplýsti hana um Bessie. Nú, Elsie sendi svarbréf næsta dag og sagði að hann hefði gert hana óléttu og að hún vænti þess að hann kvæntist henni fyrir næstu jóli.

Segir ekki af frekari bréfaskrifum á milli þeirra, en 30. nóvember birtist Elsie óvænt á hæsnabúinu, klukkan ellefu árdegis. Var hún æst mjög og til að róa hana fullvissaði Norman hana um að

Elsie, sem vakti ekki athygli fyrir útlits sakir, var með böggum hildar enda orðin 26 ára og einhleyp.

þau myndu ganga í það heilaga, en fyrst yrði hann að koma nokkrum málum á hreint gagnvart föður sínum. Elsie fór til til London klukkan átta þennan sama dag.

Framtíð Elsie í uppnámi

Þann 3. desember lagði Norman leið sína til föður síns og ræddu feðgarnir hvort tveggja fjárhagsmál Normans og persónulegar skyldur. Faðir Normans ráðlagði honum að hafast ekki að hvað giftingu áhræði ef hann hefði minnsta grun um að fullyrðingar Elsie um þungun stæðust ekki. Norman skrifaði Elsie bréf og ►

ÁSKRIFTARKLÚBBATILBOÐ DV OG VOGUE

Wizar lock

Wizar lock Leður 239.900 kr.
Áskriftarklúbbsverð 179.925 kr.
 Wizar lock Tau 199.900 kr.
Áskriftarklúbbsverð 149.925 kr.
 Tilboðið gildir til áramóta.



Síðumúla 30 - Reykjavík / Sími 533 3500
 Hofsbót 4 - Akureyri / Sími 462 3504

Áskriftarklúbbur DV

Meðlimir áskriftarklúbbs DV framvísa aðildarkorti sem er í gildi hverju sinni til að nýta sér þau tilboð og fríðindi sem eru í boði hverju sinni fyrir áskrifendur DV.



20 ár afplánaði Nýsjálandingurinn David Tamihere fyrir morðin á Heidi Paa-konaan, 21 árs, og kærasta hennar, Urban Hoglan, 23 ára, sænskum túristum sem voru á ferðalagi í Coromandel árið 1989. Þaríð hvarf á gönguför um Coromandel-skagann og Tamihere viðurkenndi að hafa stolið bifreið þess. Tamihere var ákærður fyrir morðin og dæmdur í lífstíðarfangelsi í desember 1990, þrátt fyrir að ekki hefði fundist tangur né tetur af Heidi og Urban. Það voru þrjár samfangar Tamihere sem voru burðarásinn í vitnaleiðslum ákærvaldsins, en að þeirra sögn viðurkenndi Tamihere fyrir þeim að hafa banað sænska parinu. Lík Urbans fannst árið 1991, en líkamsleifar Heidi hafa aldrei komið í leitirnar. David Tamihere var ekki ókunnur ofbeldi; hann myrta nektardansara að nafni Mary Barcham árið 1972, réðst á 62 ára gamla konu á heimili hennar árið 1985 og státar að auki af þónokkrum dómum vegna kynferðislegs ofbeldis og líkamsárása.



Elsie og Norman Þónokkur aldursmunur var á hjónaleysunum og áherslur ólíkar. Mynd: Getty



Grafið í hænsnagirðingu Norman vísaði lögreglu á líkamsleifar Elsie.



Ég náði í sögina mína og sagaði af henni fótleggina og höfuðið

upplýsti hana um áform sín hvað það varðaði.

Elsie sá í hendi sér að hætta var á að framtíðardraumar hennar breyttust í martröð og komst að þeirri niðurstöðu að hún yrði að grípa til aðgerða.

Föstudaginn 5. desember einsetti hún sér að leiða þetta mál til lykta í eitt skipti fyrir öll. Þá tók hún lestina til Crowborough og gekk þaðan að býlinu. Var það í síðasta skipti sem hún sást á lífi.

Elsie horfin

Þann 10. desember fékk Norman símskeyti frá föður Elsie; vissi Norman eitthvað um ferðir hennar eða hvar hún héldi til. Norman svaraði á þann veg að hann hefði ekkert séð hana. Næsta dag hafði faðir Elsie samband við lögregluna og upplýsti hana um hvarf Elsie.

Það tók lögregluna ekki langan tíma að fá staðfest að sést hefði til ferða Elsie á leið hennar til býlisins. Tveir blómabændur höfðu séð hana, haldandi á skjalatösku, um klukkan korter yfir fimm síðdegis þann 5. desember.

Þrátt fyrir þennan vitnisburð fullyrti Norman að Elsie hefði aldrei komið á býlið umræddan dag.

Norman handtekinn

Dagarnir liðu og ekkert spurðist til Elsie og í byrjun janúar fór lögreglan til nágretta Normans, Annie Price. Hún var viss í sinni sök; Elsie hafði gengið inn á býli Normans daginn sem hún hvarf. Lögreglan í Sussex ákvað þá að tímabært væri að leita aðstoðar Scotland Yard og aðalvarðstjórninn Gillan mætti á svæðið og tók við rannsókninni. Gillan íhugaði það sem lá fyrir og ákvað að handtaka Norman og í kjölfarið leita á býlinu.

Í dós fann lögreglan úr, armband og eitthvert skart úr eigu Elsie og sneri sér að útihúsunum. Að þeirri leit lokinni upphófst gróftur.

Norman opnar sig

Lánið lék við lögregluna og innan skamms fannst taska Elsie og urðu þá straumhvorf í málinu. Norman sagði rannsóknarlögreglumönnum að hann hefði ekki orðið Elsie að bana, en hann gæti vísað þeim á staðinn þar sem hún var grafin.

Norman sagði að hún hefði komið óvænt þann 5. desember.

Hún hefði verið æst og sagt að hún myndi dvelja á býlinu þar til þau yrðu gift. Hann hefði þá sagt henni frá þeim tilfinningum sem hann bar til Bessie og þau rifist vegna þess.

Norman sagði að hann hefði þá þegar verið búinn að mæla sér mót við Bessie og móður hennar og hann hefði farið af býlinu klukkan hálf tíu um kvöldið. Elsie hefði orðið eftir á býlinu.

Sjálfsmorð, segir Norman

Þegar Norman kom heim tveimur tímum síðar sá hann, að eigin sögn, að Elsie hafði notað þvottasúrurnar til að hengja sig. Hann hefði skorið hana niður, sest niður og velt fyrir sér hvað til bragðs skyldi taka.

„Ég náði í sögina mína og sagaði af henni fótleggina og höfuðið,“ sagði Norman og bætti við að hann hefði grafið líkamsleifarnar í einni hænsnagirðingunni.

Læknirinn sem framkvæmdi líkskoðunina sagði að hvergi væri að finna ummerki sem bentu til þess að reipi hefði herst að hálsinum. Norman var þá ákærður fyrir morð.

Dauðadómur

Við réttarhöldin, sem hófust 4. mars, 1925, mótmælti læknir á vegum verjanda því að engin ummerki hefðu verið sjáanleg á hálsi Elsie, þar hefðu verið sár sem hugsanlega væru eftir reipi.

Í skýrslu lögreglunnar kom fram að loftbitarnir hefðu verið skoðaðir og hvergi hægt að sjá að reipi hefði herst að nokkrum þeirra.

Þann 16. mars var kveðinn upp sektardómur og Norman dæmdur til dauða. Þann 22. apríl, tveimur dögum fyrir það sem hefði orðið 27. afmælisdagur Elsie, var Norman Thorne hengdur. ■

HAGBLIKK

Brotna ekki

Ryðga ekki

Álpakrennur & niðurföll

Litir á lager:


Svart, hvítt, ólitað, rautt, silvurgrátt og dökkgrátt

Smiðjuvegur 4C - 202 Kópavogur - S 587 2202

Nýjar bækur í BÓKAHILLUNA



Fjórar vinkonur hjálpuðust að við að gera þessa sniðugu bók um slím. Í bókinni eru skref fyrir skref leiðbeiningar um það hvernig hægt er að gera slím á auðveldan hátt. Glært slím, froðuslím, smjörslím og jafnvel slím í fánalitunum. Þetta er geggjuð gjöf fyrir alla skapandi krakka.



Dásamleg bók með fallegum teikningum og eftirminnilegum persónum sem leiða börn inn í heim töfrandi ævintýra H.C. Andersen. Í bókinni eru 15 sígild ævintýri. Einnig er fánleg bókin *Fegursta Grimmsævintýri* í sama bókaflakki. Ómissandi fjársjóður sígilda ævintýra.




Íslenska landsliðið í knattspyrnu spreytti sig á móti bestu fótboldaliðum heims. Hvað mannst þú frá þessum tímamótaviðburði í íslenskri knattspyrnusögu? Litmyndir prýða þessa skemmtilegu spurningabók. Tilvalin gjöf fyrir alla þá sem elska fótbolda!



Hahahaha! Híhíhí ... Stútfull bók af frábærum bröndurum. Þetta er bók fyrir þá sem vilja veltast um af hlátri yfir jólahátíðirnar ... og kannski eitthvað fram á nýtt ár! (vonandi með einhverjum hléum samt). Sumir eru ennþá hlæjandi eftir að þeir eignuðust bækur nr. 1 og 2 í bókaflakki.



Veröld Leu hrynur þegar foreldrarnir tilkynna henni að fjölskyldan muni flytja úr litla þorpinu þeirra í stórborgina Montréal. Með aðstoð smáskilaboða og tölvupósta deilir Lea með okkur gleði og sorgum við að aðlagast lífinu í borginni er hún skrifast á við Maríu, bestu vinkonu sína, kærastann Tómas og nýju „vini“ sína.



Lögreflufultrúinn Banks stendur frammi fyrir skelfilegu verkefni. Bein ungrar konu finnst við Hobbs End þegar nærliggjandi á þornar upp. Hún hefur augljóslega verið myrt. Nú þarf Banks að afhjúpa morðingja sem í hálföld hafði komist upp með grimmilegt morð.

Vintage Caravan slær í gegn í Þýskalandi

■ Plötuútgáfu seinkaði vegna flogakasts framleiðanda ■ Fluttu til Danmerkur til að túra

Guðni Einarsson
gudnieinarsson@dv.is



Rokkhljómssveitin Vintage Caravan var stofnuð af fjórum strákum frá Álftanesi fyrir tólf árum. Síðan þá hafa þeir gefið út fjórar plötur, flutt til útlanda og komist á samning hjá einu stærsta útgáfufyrirtæki þungarokks heims. Meðlimirnir Óskar, Alexander og Stefán ræddu við DV.

Eltu drauminn út með Norrænu Hljómssveitin var stofnuð árið 2006 þegar meðlimirnir voru aðeins tíu eða ellefu ára gamlir. Þetta voru þeir Óskar Logi Ágústsson, Halldór Gunnar Pálsson og Guðjón Reynisson. Þannig var skipun bandsins fyrstu fjögur árin. Árið 2009 lentu þeir í þriðja sæti á Músíktilraunum og tóku fyrstu plötuna upp í kjölfarið í verðlaunahljóðverstímum. Óskar segir:

„Eftir Músíktilraunir fórum við að spila á fullu. Þetta var algjört ævintýri. Ég man að ég fór niður í bæ og tékkaði á öllum stöðum sem hægt var að spila á og við bókuðum mjög margar helgar. Frá 2009 til 2013 vorum við eiginlega að spila flestar helgar hérna heima.“

Mannabreytingar urðu árið 2010. Halldór Gunnar hætti og Páll Sólmundur kom inn. Það ár spilaði Vintage Caravan á tónlistarháttíðinni Gærinni sem Óskar segir að hafi verið stórt skref fyrir þá. Þeir spiluðu einnig í fyrsta skipti á Iceland Airwaves. Páll hætti árið 2012 og þá kom Alexander Örn Númasson inn. Það ár gáfu þeir út sína aðra plötu, Voyage.

„Með innkomu Alexanders fór bandið á miklu hærra flug,“ segir Óskar. „Árið eftir fengum við útgáfusamning við Nuclear Blast, sem er risastórt þýskt útgáfufyrirtæki.“

Alexander segir:

„Í framhaldi af því endurútgáfum við Voyage hjá Nuclear Blast

og fengum bókunarþjónustu til liðs við okkur. Svo fórum við bara beint að túra. Við ákváðum að flytja til Danmerkur svo það væri auðveldara fyrir okkur að taka tónleika úti, af því að við vorum að fá fullt af svona tilboðum. Allir fyrstu túrar úti eru þannig að fólk er mjög mikið að borga með þeim, til dæmis flugið og fleira. Við svindluðum þínu og fluttum út og vorum þar í tvö ár.“

Óskar bætir við:

„Við hættum í vinnunni og skildum allt eftir til að elta drauminn. Við fengum hugmyndina að þessu á miðvikudegi. Vorum búnir að finna stað og búnir að ákveða að fara á föstudegi. Mánuði seinna vorum við farnir út með Norrænu.“

Flókið að eiga kærustur í tónleikaferð

Árið 2015 tóku þeir upp plötuna Arrival í félagsheimili í Borgarfirðinum. Skömmu síðar hætti Guðjón sem trymbill og Stefán Ari Stefáns-son kom inn í stað hans.

Starfið þið alfarið við tónlistina?

Stefán: „Að mestu leyti er tónlistin forgangsatíði. En svo hefur maður verið að taka auka störf, sem barþjónn hér og þar og eitthvað svoléiðis.“

Óskar kennir á gítar og Alexander starfar sem sviðsmaður.

Þegar þið eruð á túr og eruð að spila mikið, náði þið þá að framfleyta ykkur alfarið á tónlistinni?

Alexander: „Við getum það og það er líka nauðsyn. Það er svo mikið að gera hjá okkur og því erfitt að fá vinnu þegar maður er í burtu sex mánuði á ári.“

Óskar: „Caravan er það stór hluti af okkar lífi að það tekur mestallan tímann hjá okkur. Sem er ekki slæmur hlutur, þetta er skemmtilegasta vinna í heimi.“

Fáið þið aldrei leiða á þessu?

Stefán: „Kannski mest þreyttir á því að búa í ferðatöskunni. Mann langar að fara heim í sturtu og eitthvað og svo fara út aftur.“



Óskar tekur undir þetta og Alexander segir:

„Svo eru bara allir aðrir í vinnunni eða í skóla og maður situr heima hugas: Hvað á ég að gera núna?“

Hvernig er einkalífið þegar þið eruð að spila svona mikið, eigið þið kærustur?

Alexander: „Ég bjó úti með kærustunni minni, hún er frá Austurríki. Hún hefur verið mjög dugleg að mæta á tónleika. Yfirleitt er ekki mikið pláss fyrir einhverja auka manneskju í rútunni, sem er ekki að starfa við neitt hjá bandinu. Við reynum að forðast það eins mikið og við getum. Það er líka erfitt að fókusera og þetta er hörkuvinna, oft fimmtán tíma vinnudagar. Þetta er svona „hálf og hálf long distance“ en það er alltaf rosalega gott að koma heim til konunnar.“

Óskar: „Ég er með svona díl, ég reyni að hringja svona einu sinni á dag. Tékká hvort allt sé í góðu og reyna að vera ekki of fjarlægur. Stundum er það erfitt, til dæmis á seinasta tónleikaferðalagi, en maður lætur þetta ganga.“

Framleiðandinn fékk flogakast

Eftir Arrival tóku við stanslaus tónleikaferðalög í þrjú ár og Óskar

segir að það hafi tekið verulega á. Þeir hafi verið orðnir þreyttir og kulnaðir. Þá hafi þeir tekið sér hálf tónleika ári í pásu. Nýjasta platan kom síðan út á þessu ári og heitir Gateways. Alexander segir að hún hafi komið ári á eftir áætlun vegna pásunnar.

„Ýmsir hlutir gerðu það að verkum að það tókst ekki. Fyrst seinkaði ferlinu um nokkra mánuði og svo loks þegar við vorum búnir að taka upp plötuna þá fékk framleiðandinn okkar, sem ætlaði að fara blanda plötuna, flogakast undir stýri. Hann þurfti að fara á spítala og það seinkaði þessu um aðra sex mánuði. Platan hefði getað verið tilbúin miklu fyrir.“

Stefán segir að stíft tónleikahald um Evrópu hafi tekið við af útgáfunni. „Við vorum að koma frá Rússlandi í fyrradag, við tókum tvenna tónleika þar, í Péturborg og Moskvu, sem var bara algjör snilld.“

Hvar myndu þið segja að ykkar helsti aðdáendahópur sé?

Stefán: „Aðallega í Þýskalandi og löndunum þar um kring. Það eru margir rokk- og metalaðdáendur í Þýskalandi. Útgáfufyrirtækið okkar er þýskt og alltaf langbest fyrir okkur að spila þar.“

„Erfitt að fá vinnu þegar maður er í burtu sex mánuði á ári

Grassering í næstu bylgju

Vintage Caravan treður upp á Hard Rock Cafe þann 7. desember næstkomandi. Stefán segir að þeir muni spila kokteil af öllum plötunum. Síðast þegar hljómssveitin spilaði hér heima tóku þeir heila plötu í gegn. Nú fær fólk að heyra sama program og þeir spila erlendis.

Finnst ykkur vera mikill munur á rokksenunni hérna heima og úti?

Alexander: „Það er alltaf þessi þínu íslenski flingur sem loðir við allt íslenskt tónlistarlíf. Þetta er miklu nánara, fólk deilir til dæmis meira meðlimum. Það er ekkert óalgengt að einn sé í fjórum eða fleiri böndum, sem maður sér minna af úti. Í rokksenunni er mikið af upprennandi böndum. Mér finnst eins og seinustu ár hafi ekkert svakalega mikið verið að gerast, svona á herra plani, fyrir utan þessi bönd sem hafa verið í gangi lengi eins og Sólstafi, Dimmu og Skálmöld. Það virðist vera einhver grassering sem er að koma í næstu bylgju.“

Hvað er svo næst á sjóndeildarhringnum hjá ykkur?


Óskar: „Það eru að hrúgast inn fjölmargar hátíðir næsta sumar. Við verðum á Wacken, einni stærstu metalrokkhátíð í heiminum. Svo eru fullt af flottum hátíðum sem við förum að tilkynna bráðum. Eftir sumarið er planið að fara á stóran túr þar sem við hitum upp fyrir eitthvert stórt band eða tókum sjálfir svipaðan túr og við vorum að gera núna.“ ■

SÉRHÆÐ Í EL RASO **MASA INTERNATIONAL** **ÍBÚÐ Í VILLAMARTIN**

VERÐ FRÁ € 153,000 VERÐ FRÁ € 142,000

FÁÐU SENDAN BÆKLING Í TÖLVUPÓSTI OG KYNNTU ÞÉR HVAD ER Í BODI Á COSTA BLANCA Á SPÁNI

HAFÐU SAMBAND 555 0366
INFO@MASAINTERNATIONAL.IS
JÓN BJARNI & JÓNAS



SAMTÖK KVENNA UM
NÝJA STJÓRNARSKRÁ

Frjáls framlög til samtakanna:
Kt. 691018-0830, banki: 0133 -26 - 020238

Ný stjórnarskrá hefur þegar verið samþykkt í
þjóðaratkvæðagreiðslu. Núverandi stjórnarskrá var
skrifuð af dönskum karlmönnum. Konur á Íslandi sætta
sig ekki lengur við að lúta grundvallarlögum sem þær
höfðu hvorki tækifæri né rétt til að taka þátt í að móta.
Þær krefjast nýrrar stjórnarskrár.

Frækileg fjölgun frægra á árinu

Þekktir Íslendingar hafa lagt sitt af mörkum við fjölgun landans á þessu ári. Blaðamaður tók saman nokkur dæmi um barnalán þekkra landsmanna á þessu herrans ári, 2018.

Erla Dóra
erladora@dv.is



Samfélagsmiðlabörnin

Aron Mola og Hildur – Aron Már Ólafsson, einnig þekktur sem Aron Mola, og Hildur Skúladóttir byrjuðu árið með stæl þegar þau buðu frumburðinn Birni Blæ velkominn í janúar. Aron sem er samfélagsmiðlastjarna, leikari og barnabókarhöfundur hefur barist fyrir því að karlmenn opni sig um tilfinningar sínar og stóðu hann og Hildur nýlega fyrir útgáfu barnabókar um björninn Tilfinninga-Blæ sem á að fræða ung börn um tilfinningar. Má því ætla að Birni Blær fái gott og heilnæmt tilfinningalegt uppeldi og veigri sér ekki við að gráta, því það er víst svo að allir gráta.



Pórunn og Harry ásamt dóttur sinni.



Ari með dóttur sína nýfædda í fanginu.



Aron með Birni Blæ




Sólrun Diego ásamt börnum sínum.



Hildur og Kristján sem eiga ekki barn að nafni Norix eða Helrom.



Tobba Marinós ásamt Karli sínum.



Pórdís Elva með syni sína.

Edikkonan **Sólrun Diegó** og unnusti hennar, **Frans Veigar Garðarsson**, eignuðust son í



Stoltir foreldrar laumufarþegans.



Nýja Bók Ævars hefur fengið góðar viðtökur.



Snorri og Saga ásamt barni sínu.

KOMDU ÞÉR Í RÉTT RUM FYRIR JÓLIN!

Jólatilboð Rekkjunnar

ALPINE PILLOW TOP

Alpine Pillow Top 183x203cm (Queen) Hágæða Amerískt heilsurúm með millistílu fimm svæða skiptu pokagömma kerfi, stílumkörtum og mjúkum toppi ásamt botni og fótum.

40% AFSLÁTTUR

Áðeins 14.640 kr. á mánuði* og fyrsta greiðsla í febrúar 2019

Jólatilboð 165.049 kr.

Fullt verð 275.082 kr.

Eining til staðarum 193x203 og 183x213cm

ROYAL CORINNA

Hágæða millistílu fimm svæða skipt heilsurúma með pokagömmakerfi ásamt botni og fótum.

30% AFSLÁTTUR

Áðeins 8.920 kr. á mánuði* og fyrsta greiðsla í febrúar 2019

Jólatilboð 98.726 kr.

Fullt verð 141.037 kr.

Eining til staðarum 180x200cm

Tjafir sem gleðja!

Translotje
11.800 kr.

Bæði Edison Pettit og Translotje eru innblásnir af „vintage“ lömpum hennar Önnu. Öggnæmt plastefni og 8 mismunandi litir láttar. Translotje stænda áðeins út hvar sem hann er. Fyrir 7 til 86 ára

Edison The Pettit
8.890 kr.

Sníðlar lampi og faguð hönnun með þremur brústillungum og endstítt í allt að 24 tíma án hiedu en ekkert mál að hafa í sambandi. Fyrir 7 til 86 ára

fatboy®

Original puði
26.900 kr.

Sestu, leggtu eða sleppðu af hverni sem þig lystir. Original mun aðlaga sig að þér. Sérstök neylon efnið er minnst ekki hengt að eyðilögga. Til í yfir 20 litum Fyrir 8 til 89 ára

Headdemokk Hengjurum
54.800 kr.

Íkónlegi omega eins manni hengjurum til 16 itum. Fyrir 12 til 76 ára

The Klaid
14.900 kr.

Tegund sem allir eru að taka um. Þrófandi úr 100% hágæða bómull. Þröðulegt og þótt það sé hægri hefur á þér (ásamt myndlaða vöru þínum) hita allt vikulífið. Fyrir 12 til 92 ára. Stærð: 130x200cm

Verslun á horni Ármúla og Grensásvegur | sekur.is

febrúar. Fyrir átta þau dótturina Maísól. Þau hjú komust svo aftur í fréttirnar í september þegar þau keyptu 320 fermetra einbýlishús í Mosfellsbæ á um 100 milljónir króna. Það ætti því ekki að fara illa um fjölskylduna þrátt fyrir stækkun á árinu.

Pórunn Ívars og Harry – Áhrifa-valdurinn Pórunn Ívarsdóttir og unnusti hennar, Harry Samsted, eignuðust dóttur í september. Pórunn hafði áður talað opinberlega um baráttu sína við legslímufلاك sem gerði henni erfitt að verða barnshafandi.

Rithöfundabörnin

Pórdís Elva og Víðir – Pórdís Elva Þorvaldsdóttir og Víðir Guðmundsson urðu fyrir tvöföldu barnaláni þegar þau eignuðust glæsilega tvíburadrengr í maí. Meðgangin gekk ekki áfallalaust fyrir sig, en Pórdís missti vatnið á 17 viku meðgöngu. Við tók mikið óvissutímabil þar sem ófyrirséð var hvernig færi. Drengirnir hafa þó erft baráttumóð móðurinnar og komu öllum rækilega á óvart þegar þeir mættu í heiminn, tilbúnir að taka slaginn.

Tobba og Kalli – Rithöfundurinn og fjölmiðlakonan Tobba Marinós og Baggalúturinn Karl Sigurðsson eignuðust aðra dóttur í október en fyrir átta þau eina fjögurra ára. Það var þó ekki eina afrek Tobbu á árinu því hún sendi frá sér bók í samstarfi við Hildi Harðardóttur fæðingarlækni og Aðalbjörn Þorsteinsson, gjörgæslu- og svæfingarlækni, í apríl sem heitir Gleðilega fæðingu. Bókin er uppflettir fyrir foreldra og í henni er farið yfir það allra helsta sem þarf að hafa í huga þegar farið er á fæðingardeildina.

Ævar vísindamaður og Védís – Ævar Þór Benediktsson leikari og unnusta hans, Védís Kjartansdóttir, buðu frumburðinn velkominn í ágúst. Ævar er einn ástsælasti barnabókarhöfundur landsins og hefur meðal annars hvatt börn til að taka þátt í lestrarátaki til að stuðla að betra læsi barna. Fáir hafa gleymt hlíðarpersónuleika hans, Ævari vísindamanni, sem sýndi börnum landsins að vísindi eru hipp og kúl. Nýjasta bókin hans, Þitt eigið tímaferðalag, kom út í haust en í þeirri bók bregða lesendur sér í hlutverk aðalpersónu bókarinnar og þurfa að taka erfiðar ákvarðanir sem áhrif hafa á söguþráðinn.

Grínistabörnin

Bergur Ebbi og Rán – Hjónin Bergur Ebbi Benediktsson og Rán Ingvarsdóttir eignuðust son í febrúar. Sonurinn er þriðja barn þeirra og verður því að líkindum mikið stuð á þeim bænum næstu árin. Bergur Ebbi var á árinu kjörinn í stjórn UN Women á Íslandi og bætir því á langan lista afreka, en hann er rithöfundur, leikari, lögfræðingur, framtíðarfræðingur, uppistandari og líklegast hefur hann fleiri titla. Bergur eiginlega bara hlýtur að þurfa að láta prenta nafnspjöldin sín í stærð A4.

Saga og Snorri – Leikkonan Saga Garðarsdóttir og tónlistarmaðurinn Snorri Helgason eignuðust sitt fyrsta barn í febrúar, hana Eddu Kristínu. Þau gerðu svo gott betur og gengu í hjónaband í ágúst. Dóttir mun líklega hljóta valdeflandi uppeldi en Saga var til dæmis á þessu ári önnur fundarstýra

samstöðufundarinnar á kvennafrídaginn, var með fyrirlestur á jafnréttisdögum Háskólans á Akureyri og vakti athygli á því að henni byðust lægri laun fyrir uppistand hennur en karlkyns kollegum hennar.

Ari Eldjárn og Linda – Ari Eldjárn og kona hans, Linda Guðrún Karlsdóttir, eignuðust dóttur í ágúst. Fyrir átta þau dótturina Arneyju Díu. Ari tók þátt í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka sama dag og dóttirin mætti á svæðið til að safna áheitum fyrir minningarsjóð bróður síns, Kristján Eldjárns. Ætli parið hafi rifist í lok dags um hvort þeirra væri þreyttara?

Og enn fleiri börn!

Hildur Eik Ævarsdóttir, eigandi Norom, og eiginmaður hennar, **Kristján Ólafsson**, eigandi Helix vodka, eignuðust dóttur í október. Þarna var gullið tækifæri til að fá fyrsta Íslendinginn sem bæri annaðhvort nafnið Norix eða Helrom, en samkvæmt heimildum DV ákváðu hjónin að láta þetta ágæta tækifæri framhjá sér fara.

Silli Geirdal og Ólöf Erla – Bassaleikari hljómsveitarinnar Dimmu og kona hans, Ólöf Erla Einarsdóttir, eignuðust son í nóvember. Fæðingin gekk svo áfallalaust fyrir sig að Ólöf Erla tók sjálf á móti drengnum, verkjalyfjalaus. Þvílíkur nagli. Á meðgöngunni vissu foreldrarinnir til laumufarþegans og því má ætla að um óvænta en velkomna viðbót í fjölskylduna hafi verið að ræða. ■

*12 mánaða vaxtalæsan kredittortalan** Einnig hangi að greiða með Netgíró.
**Málad við 12 mánaða vaxtalæsan raðgreiðslusamning með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi

rekkjan

HEILSURÚM



**GULLAUGAÐ Í UMHVERFISVÆNUM
UMBUDUM FRÁ 1000 ÁRA SVEITAPÖRPF
HEFUR NOTIÐ MIKILLAR HYLFI Á ÍSLANDI,
EINKUM VEGNA BRAGÐSINS.**





Elsta jólagjöf Þórunnar

Hver er elsta jólagjöfin sem þú átt enn?

„Þegar ég fékk gjöfina góðu var ég þrjú ára og átti þrjú yngri systkini. Pabbi var alltaf á fundum í útlöndum og varkár í fjármálum. Jón afi gaf Lilju Heiðu ein jólin og næstu jólin dökkuvagn, því hún var svo fögur. Trausti vildi keyra vagninn og Lilja reiddi hönd til höggs, til er ljósmynd af því. Þakkinn minn var stór.“

Ég settist á gólfid við jólatréð og bjó mig undir að opna þakann. Þá segir einhver að þetta sé dýr og ég sá að þetta var alvöru skinn. Ég fór að gráta. Það dýr. Á að gefa mér það!

Þetta var grár kanínupels. Hlýr og yndislegur. Þarna lærði ég að faðir minn elskaði mig. Þótt væri svo „ljót“ að ég ætti aldrei dúkku skilið. Þið skiljið.“



Lítt þekkt ættartengsl

Sjónvarpsmaðurinn og handboltakappinn

Sjónvarpsmaðurinn Einar Þorsteinsson hjá Ríkisútvarpinu hefur undanfarið ár staðið vaktina í sjónvarpsfréttum sem og Kastljósi. Á dögunum tók hann viðtal við Gunnar Braga Sveinsson vegna Klaustursmálsins svokallaða og stóð sig afburða vel í að þjarma að þingmanninum. Desember er góður mánuður fyrir Einar en hann er sennilega þekktasti Íslendingurinn sem er fæddur 24. desember. Færri vita af tengslum Einars við besta handboltamann Íslands-sögunnar, Ólaf Stefánsson, sem undanfarið hefur getið sér gott orð sem fyrirlesari og gjörningalistamaður. Ólafur er kvæntur systur Einars, Kristínu Soffíu Þorsteinsdóttur, og eru kapparnir því mágar.




Listakonan Magga gefur listaverk til styrktar góðum málefnum

Listakonan Margrét Ósk Hildur Hallgrímsdóttir, eða Magga eins og hún er oftast kölluð, er sjálfmenntuð í myndlistinni og hefur haft nóg að gera í fjölbreyttum verkefnum. En auk þess að skapa lætur Magga líka gott af sér leiða og seldi nýlega verk til styrktar Krabbameinsfélagi Íslands og gaf annað til Villikatta, sem félagið selur til styrktar Há-koti.

„Mamma segir að ég hafi byrjað að teikna um leið og ég gat haldið á blýanti,“ sagði Magga í viðtali við DV í fyrra og sagði innblásturinn koma alls staðar að. Hún teiknar


mest með penna eða blýanti, en malar einnig akrýlmyndir og veggmyndir. „Flestar hugmyndirnar fæ ég á kvöldin og nóttunni.“

Magga hefur málað myndir á veggi hótela og veitingastaða bæði í Reykjavík og á Siglufirði. Og myndir hennar prýða líka fjölmörg íslensk heimili og eins og sjá má á síðu hennar á Facebook, þá eru þær af ýmsum toga. Magga hefur gert tvær seríur; Stjörnumerks-seríuna og Tvímyndaseríuna. Þá fyrri prýða, eins og nafnið gefur til kynna, 12 myndir af stjörnumerkjunum og í þeirri seinni eru komnar sjö myndir. „Innblásturinn



að tvímynda seríunni er íslenskt landslag og lífríki,“ segir Magga, sem vinnur seríuna í Photoshop.

SPENNUTRYLLIR AF BESTU GERÐ




„... sannfærandi, kraftmikil og áhugaverð spennusaga ...“

ERLA MARÍA MARKÚSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ



„... heldur lesandanum við efnið með vel uppbyggðri fléttu og áhugaverðum persónum.“

BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ



Spennutryllir úr samtímanum eftir Lilju Sigurðardóttur sem var nýlega tilnefnd til breska Gullrýtingsins, einhverra virtustu glæpasagnaverðlauna heims

Hörkuspennandi og hröð saga með pólitísku ívafi í anda Borgen

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskilóð 39 | Opið alla virka daga 10-18 | Helgar 11-17 | www.forlagid.is